FRÉTTABLAÐIÐ

171. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 21. JÚLÍ 2018



# Trúir á bland af bjartsýni og úthaldi

„Það er þá bara nýr veruleiki sem ég þarf að taka inn,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, sem hóf í vikunni kraftmikla lyfjameðferð við sjaldgæfum gigtarsjúkdómi sem skerðir hreyfigetu hans. Hann ræðir veikindin, nýafstaðnar kosningar og húsnæðismálin í borginni. ➪ 18

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Sveitalífið í Mosfellsdalnum**
Samrýnd systkini ræða framúrstefnulega æsku. ➪ 22



**Forseti Króatíu í sviðsljósinu**
Kolinda stal senunni á úrslitaleik HM. ➪ 16



**Stuðningurinn lykilatriði**
Elísabet og Sigurlína starfa hjá Battlefield og FIFA. ➪ 26









## Veður




Fremur hæg vestlæg eða breytileg átt í dag og víða rigning eða súld á köflum, en skýjað og lengst af þurrt um landið austanvert. SJÁ SÍÐU 32

# Vilhjálmur með hálfan milljarð í eigið fé

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingarfélagið Miðeind, sem er í eigu Vilhjálms Þorsteinssonar fjárfestis og fyrrverandi gjaldkera Samfylkingarinnar, hagnaðist um 15 milljónir króna í fyrra samanborið við 19 milljóna króna tap árið 2016. Arðsemi eiginfjár var einungis 3 prósent. Eigið fé fyrirtækisins er 494 milljónir króna en Miðeind skuldar félögum í eigu Vilhjálms um 140 milljónir króna. Eignir félagsins eru samtals 664 milljónir króna.

Miðeind á hlut í Kviku sem metinn var á 138 milljónir króna í bókunum við árslok, 6 prósenta hlut í tölvuleikjaframleiðandanum Sólfar Studios sem metinn var á 20 milljónir, 16 prósent í Kjarnanum sem metinn var á 14 milljónir króna, hlut í gagnaverinu Verne Holdings metinn á 12 milljónir, eins prósents hlut í Solid Clouds sem metinn var á 9 milljónir króna, 2 prósenta hluta í sprotafyrirtækinu Travelade sem metinn er á 11 milljónir króna og 8 prósenta hlut í sprotafyrirtækinu Inspirally, metinn á tíu milljónir. – **hvj**



Vilhjálmur Þorsteinsson.

# Landsmönnum fjölgar enn

**SAMFÉLAG** Íslendingum fjölgaði um 2.360 á öðrum ársfjórðungi eða um 0,7 prósent samkvæmt tölum Hagstofunnar. Fædd börn á tímabilinu voru 1.010 en 590 einstaklingar létust. Tæplega 2.000 fleiri fluttu til landsins en frá því á sama tímabili.

Flestir aðfluttir íslenskir ríkisborgarar komu frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Pólland er þó er upprunaland flestra sem þaðan fluttu hingað á tímabilinu. – **aá**

# Setur tvistinn út og breytir í spaða



Öðlingamót alþjóðlega tennissambandsins ITF fór fram í gærkvöldi á Víkingsvelli. Mótið fer fram á Íslandi einu sinni á ári í öllum aldursflokkum kvenna og karla. Glænýr tennisvöllur var tekinn í notkun í lok júní sem býður upp á ýmsa möguleika. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Elísabet skilar fálkaorðunni vegna Piu

**SAMFÉLAG** Elísabet Ronaldsdóttir klippari hefur sent orðunefnd erindi þess efnis að hún vilji skila heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu eftir að upp komst að Pia Kjærsgaard, forseti danska þingsins og fyrrverandi formaður Danska þjóðarflokksins, beri stórriddarakross hinnar íslensku fálkaorðu. Hún geti ekki „verið í riddaraklúbbi með kynþáttahatara“, eins og hún orðar það.

Elísabet birtir bréf sitt til orðunefndar á Facebook og segir: „Þetta er mér hjartans mál og þó það sé ekki alltaf auðvelt að rugga bátnum er það allt of oft bráðnauðsynlegt.“ Elísabet hefur unnið náið með Baltasar Kormáki í gegnum tíðina og klippt Contraband, Djúpið og Mýrina. Hún hefur einnig getið sér gott orð í Hollywood þar sem hún klippti síðast eina vinsælustu ofurhetjumynd ársins, Deadpool 2. – **þþ**




# Viðkvæmir íbúar óttast GSM-senda í Urriðaholti

**Konur í Urriðaholti hafa áhyggjur af uppsetningu GSM-senda fyrir ofan hverfið. Það muni hafa slæm áhrif á þá sem hafa óþol fyrir geislum, rafsviði og rafsegulsviði. Sumir hafi flutt í hverfið því þar sé fimm fasa rafmagn en ekki þriggja fasa.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það þælir enginn í þessu fyrr en hann er búinn að missa heilsuna og hættur að geta unnið,“ segir Svala Rún Sigurðardóttir, önnur tveggja kvenna sem sent hafa bæjaryfirvöldum í Garðabæ bréf og lýst áhyggjum af því að settir verði upp GSM-sendar í Urriðaholti.

Svala Rún bjó þar til fyrir tveimur árum í Mýrahverfi í Garðabæ. Hún segist í samtali við Fréttablaðið hafa fundið breytingu til hins betra eftir að hún flutti í Urriðaholt enda fært sig gagngert þangað því þar sé fimm fasa rafmagn en ekki þriggja fasa eins og víðast annars staðar.

„Við erum hópur fólks í Urriðaholtinu sem þjáist af ofurviðkvæmni/óþoli fyrir geislum af ýmsum toga, eins og geislum frá GSM-sendum,“ er útskýrt í bréfi kvennanna.

Sjálf kveðst Svala Rún nú hafa um tólf ára skeið farið til mælinga í um sex hundruð hús þar sem fólk hefur orðið fyrir óþægindum vegna senda, rafmagns eða jarðstrauma. Hún segir einkenni sem fólk finni fyrir yfirleitt sambærileg.

„Ef við erum að tala um sendana þá er þetta yfirleitt einbeitingarskortur, verkir í líkamanum, höfuðverkir, ógleði. Þetta fer inn á taugakerfið og fólk verður mjög pirrað. Það er ekki hægt að lýsa vanlíðaninni sem fólk er að upplifa,“ útskýrir Svala Rún.

Í bréfi sínu þakka konurnar bæjaryfirvöldum fyrir að í Urriðaholti sé fimm fasa rafmagnskerfi. „Við finnum virkilega fyrir frábærum árangri af fimm fasa kerfinu þar sem mengun frá rafmagni er í lágmarki,“ skrifa þær. Lífsgæðin geti skerst með símasendunum og vitna þær til vísindalegra rannsókna. „Því er þetta gríðarlega mikilvægt mál fyrir okkur þar sem heimili okkar er griðastaður og þarf að vera laus frá allri geislun.“



Svala Rún Sigurðardóttir segir ekki vanta betra símsamband í Urriðaholt. Hópur fólks í hverfinu þjáist af óþoli fyrir geislum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Bréfið var tekið fyrir í bæjarráði sem minnti á að samkvæmt deiliskipulagi Urriðaholts séu ákveðnar lóðir ætlaðar fyrir fjarskiptastarfsemi. Svala Rún segir engin formleg svör hafa fengist hjá bænum um það hvort eitthvert símafyrirtæki hafi falast eftir að fá að setja upp sendi.

„Það hefur enginn kvartað undan því að það sé lélegt símasamband hér og bæjarstjórinn hefur staðfest það. Við viljum mótmæla því harðlega að það verði settir upp sendar þarna. Það væri algjörlega óviðunandi fyrir okkur og í andstöðu við að verið er að gera þetta hverfi vistvænt og með betra rafmagni,“ undirstrikar Svala Rún.

> **Þetta fer inn á taugakerfið og fólk verður mjög pirrað.**
>
> Svala Rún Sigurðardóttir

Að sögn Svölu Rúnar mega sveitarfélög í Frakklandi lögum samkvæmt ekki setja upp senda nema að kynna það fyrir íbúum hvar sendarnir eru, hversu mikill styrkleikinn sé og hver eigi sendana. „Hérna á Íslandi er eins og það sé bara mafían sem er með þessa senda; það veit enginn hvar þeir eru eða hver á þá.“ **gar@frettabladid.is**

HYBRID

SUZUKI

Way of Life!

# SUZUKI MILD HYBRID
## FYRIR UMHVERFIÐ OG ÞIG



## SUZUKI IGNIS 4X4

**1,2 DUALJET MILD HYBRID GLX**
**Beinskiptur***
Meðaleyðsla lítrar / 100 km, **4.7**

**VERÐ KR.**
**2.860.000**

## SUZUKI SWIFT

**1.0 BOOSTERJET MILD HYBRID GLX**
**Beinskiptur***
Meðaleyðsla lítrar / 100 km, **4.3**

**VERÐ KR.**
**2.580.000**

## SUZUKI BALENO

**1,2 DUALJET MILD HYBRID GLX**
**Beinskiptur***
Meðaleyðsla lítrar / 100 km, **4.5**

**VERÐ KR.**
**2.760.000**

**Suzuki er fáanlegur með Hybrid tvinnaflsrásarvélum.**
**1.2l Dualjet Mild Hybrid í Suzuki Ignis og Suzuki Baleno,**
**1.0l Boosterjet Mild Hybrid í Suzuki Swift.**

**Komdu í heimsókn og kynntu þér Suzuki Mild Hybrid.**

*Suzuki Mild Hybrid eru eingöngu fáanlegir **beinskiptir**.

***SUZUKI MILD*** HYBRID

*– fyrir umhverfið og þig*

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

SUZUKI

**Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is**

**Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100**

**TÖLUR VIKUNNAR** 15.07.2018 TIL 21.07.2018

**70-80**
milljónir króna er áætlaður kostnaður við hátíðarþingfund Alþingis á Þingvöllum og hátíðarkvöldverð þingforseta. Er það allt að 78 prósentum meira en gert var ráð fyrir í kostnaðaráætlun.





**31**
prósent var hlutfall launakostnaðar af tekjum Icelandair Group á síðasta rekstrarári félagsins. Hjá SAS var hlutfallið 21,6 prósent en 20,9 prósent hjá British Airways.

**3,86**
milljarðar króna voru heildartekjur 66°Norður í fyrra. Bandarískur fjárfestingarsjóður keypti tæplega helmingshlut í fyrirtækinu fyrir jafnvirði um 3,7 milljarða króna.



**0,7**
prósent var fjölgun landsmanna á öðrum ársfjórðungi þessa árs en þá fjölgaði þeim um 2.360. Alls bjuggu þá 180.420 karlar og 172.650 konur á landinu.



**57**
málum hefur skattrannsóknarstjóri nú þegar vísað til héraðssaksóknara í kjölfar rannsóknar á Panamaskjölunum svonefndum. Meint skattaundanskot nema 15 milljörðum króna.

**640**
voru skiptin sem einstaklingar leituðu aðstoðar á sjúkrahúsi eða heilsugæslu eftir að hafa verið bitnir af hundi á árunum 2013 til 2017.



## Þrjú í fréttum
### Þreyta, mótmæli og Íslandsmet

**Heimir Hallgrímsson**
*þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu*



tilkynnti að hann væri hættur störfum sem þjálfari liðsins. Hann sagði ákvörðunina ekki tengjast launum heldur hefði hann ekki viljað binda sig til langs tíma. Heimir gat þess að ákveðinnar þreytu hefði verið farið að gæta hjá honum og að hann hefði þörf fyrir nýja áskorun.

**Pia Kjærsgaard**
*forseti danska þingsins*



brást við fjarveru þingmanna Pírata á hátíðarfundinum á Þingvöllum með því að segja meðal annars að svo virtist sem þeir væru með unglingaveiki. Með fjarveru sinni mótmæltu Píratar þátttöku danska þingforsetans sem er fyrrverandi formaður Danska þjóðarflokksins. Flokkurinn hefur varað við innflytjendum og múslímum. Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, yfirgaf fundinn þegar Kjærsgaard hóf flutning ræðu sinnar.

**Thelma Lind Kristjánsdóttir**
*frjálsíþróttakona*



bætti 36 ára gamalt Íslandsmet í kringlukasti kvenna. Thelma kastaði 54,69 metra á kastmóti UMSB í Borgarnesi. Gamla Íslandsmetið átti Guðrún Ingólfsdóttir en það var 53, 86 metrar. Thelma, sem er nýkrýndur Íslandsmeistari í kringlukasti, hafði áður lengst kastað 52,80 metra.

# Einhver sú versta tíð í heyskap á Snæfellsnesi sem menn muna

**Bóndi í Kolgrafarfirði segir heyskap ganga ömurlega vegna mikilla rigninga. Segir gamla bændur í sveitinni tala um að síðast hafi ástandið verið jafnslæmt fyrir rúmum sex áratugum. Annar varaformaður atvinnuveganefndar segir stöðuna áhyggjuefni. Málið segir hún að rati hins vegar ekki inn á borð nefndarinnar.**



Bjarni Sigurbjörnsson og Guðrún Lilja Arnórsdóttir, bændur á Eiði í Kolgrafarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**LANDBÚNAÐUR** „Það gengur alveg ömurlega. Það verður bara að segjast alveg eins og er. Þetta er náttúrulega bara einhver versta tíð sem maður hefur upplifað. Það er ekki nóg með að heyskapurinn gangi illa heldur er bara varla farandi um túnin,“ segir Bjarni Sigurbjörnsson, kúabóndi á Eiði við Kolgrafarfjörð, aðspurður um hvernig heyskapur hafi gengið í þeirri miklu vætutíð sem hefur verið á Snæfellsnesinu í sumar. Segir hann að ástandið sé svipað og á Suðurlandi.

Bjarni segir rigningarnar hafa verið ofboðslega miklar en segir þetta ekki í fyrsta skipti sem bændur upplifa slíkt. „Þessir gömlu hérna í sveitinni, þeir sem maður hefur talað við, eru svo sem sammála um það að það hafi ekki verið svona slæmt sumar síðan 1955,“ segir Bjarni.

Bóndinn segir að þótt sprettan sé góð, í raun of mikil þar sem hann kemst ekki á túnin, verði heyið blautt og lélegt. Það hafi í för með sér meiri kostnað. „Auðvitað skiptir hver króna máli og áburðurinn kostar fullt af peningum. Ef maður er ekki að fá það út úr honum sem maður þarf er það auðvitað tjón. Þetta eru allt saman peningar. Það verður bara minna eftir,“ segir hann.

Reksturinn segir Bjarni að sé töluvert þungur án þess að tíðarfarið sé svona slæmt. Þá sérstaklega fyrir sauðfjárbændur. „Þeir mega ekki við neinu.“

Halla Signý Kristjánsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og annar varaformaður atvinnuveganefndar, segir ástandið áhyggjuefni. „En þetta er eitthvað sem við ráðum ekki við.“

Hún tekur fram að með notkun íblöndunarefna hafi bændum tekist að bjarga sér. Sömuleiðis hafi þeir fáu góðviðrisdagar sem komið hafi í sumar bjargað miklu. Vandinn sé hins vegar meiri fyrir kúabændur en sauðfjárbændur. „Kúabændur þurfa að slá fyrr til að fá sterkara hey en sauðfjárbændur hafa getað geymt þetta aðeins,“ segir hún og bætir því við að þótt sauðfjárbændur séu rólegri fari ástandið að verða mjög erfitt fyrir kúabændur.

„Við skulum ekki gleyma því að fyrir norðan og austan hefur verið mjög gott sumar. Kannski að þeir verði eitthvað aflögufærir og að það verði hægt að kaupa af þeim hey,“ segir Halla Signý. Þá segir hún að Norðmenn og Svíar hafi haft samband til Íslands í von um að kaupa hey en segist ekki sjá fyrir sér að bændur geti svarað því kalli.

En erfiðleikar bænda nú vegna vætutíðar eru ekki málefni sem ratar inn á borð atvinnuveganefndar, að því er Halla Signý tekur fram. „Það er annað áhyggjuefni hjá bændum sem er afurðaverð og afkoman. En þetta bætir ekki stöðuna.“

thorgnyr@frettabladid.is


Nilfisk

NILFISK VINNUR VERKIÐ Á METHRAÐA



OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8–17.

Nilfisk háþrýstidælur eru til í ýmsum stærðum og styrkleikum jafnt fyrir heimili sem til iðnaðar- og fyrirtækjanota. Með öflugri háþrýstidælu vinnur þú verk á svipstundu sem annars tæki mun lengri tíma.

Nilfisk fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.

olís

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

BOSS
HUGO BOSS

SAND
COPENHAGEN

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

G-STAR RAW

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI
collezione

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



# Erlendir sjóðir fjárfestu fyrir 420 milljónir króna í Takumi

**NÝSKÖPUN** Íslenska sprotafyrirtækið Takumi International tryggði sér fjármögnun upp á þrjár milljónir punda, eða sem nemur 420 milljónum króna, frá breskum og bandarískum sjóðum og englafjárfestum í annarri fjármögnunarumferð fyrirtækisins. Heildarfjárfesting í fyrirtækinu frá því að það var stofnað fyrir tæpum þremur árum nemur tæplega 1,3 milljörðum króna.

Takumi, sem er markaðstorg fyrir auglýsendur og áhrifavalda á Instagram, var stofnað af Guðmundi Eggertssyni, Jökli Sólberg og Mats Stigzelius í nóvember 2015. Síðan hefur fyrirtækið vaxið ört. Það hefur starfsstöðvar í Reykjavík, London, Berlín og New York, og alls 40 starfsmenn, þar af níu á Íslandi.

„Hugmyndin kom þegar Instagram var orðinn einn stærsti samfélagsmiðillinn og margir notendur voru orðnir stórir á staðbundinn mælikvarða, þó að þeir hefðu ekki nærri því jafn marga fylgjendur og stórstjörnur. Það getur verið mikið umstang fyrir auglýsendur að vinna með mörgum litlum áhrifavöldum í einu og við sáum því fyrir okkur markaðstorg sem gerði þeim það kleift,“ segir Jökull.

Takumi hefur unnið með 800 vörumerkjum og 15.000 áhrifavöldum. Fyrr á árinu hóf fyrirtækið samstarf með vörumerkjum á borð við Heinz, Nestlé og Gillette. „Við erum þegar leiðandi á sviði áhrifavaldamarkaðssetningar í Bretlandi og Þýskalandi sem eru stærstu auglýsingamarkaðir Evrópu. Fjármagnið munum við nota til að styrkja forritateymið okkar og vöxt á Bandaríkjamarkaði.“

Aðspurður segir Jökull samkeppnina á markaðnum harða og býst hann við samþjöppun og grisjun á næstunni. „Það fengu margir sömu hugmynd á sama tíma og nú eru of mörg fyrirtæki á markaðinum,“ segir Jökull en bætir við að Takumi sé vel í stakk búið til að takast á við hræringar á markaðinum. Fyrirtækið hafi lagt mikið í að byggja upp fyrirtækið.

Áhrifavaldamarkaðssetning hefur sprungið út á fáum árum og er eftir miklu að slægjast. Nefnir Jökull að samkvæmt greiningu markaðsrannsóknafyrirtækisins eMarketer hafi einum milljarði dollara verið varið í áhrifavaldamarkaðssetningu á alþjóðavísu í fyrra þó að aðeins sé tekið tillit til Instagram-hluta markaðarins. **– thf**





**Stofnendur Takumi: Jökull Sólberg, Mats Stigzelius og Guðmundur Eggertsson. Þeir stofnuðu fyrirtækið árið 2015.**

# 170 milljónir hafa farið í styrkveitingar vegna verkefnisins Brothættar byggðir

**Frá því að verkefninu Brothættar byggðir var komið á fót hafa verið veittir rúmlega tvö hundruð styrkir samtals að fjárhæð um 170 milljónir króna. Stjórnarformaður Byggðastofnunar telur reynsluna af verkefninu góða. Átta byggðarlög taka nú þátt í verkefninu en því er lokið í tveimur til viðbótar. Flest verkefnanna eru á sviði menningar- og samfélagsmála, ferðaþjónustu og atvinnusköpunar.**

**BYGGÐAMÁL** Alls hafa um 170 milljónir króna verið veittar í styrki vegna verkefnisins Brothættar byggðir. Verkefnið, sem er á forræði Byggðastofnunar, hófst árið 2012 sem tilraunaverkefni á Raufarhöfn. Markmiðið var að leita lausna á vanda vegna fólksfækkunar og erfiðleika í atvinnulífi.

Síðan hefur fleiri byggðarlögum verið bætt við og nú eru þau átta talsins sem taka þátt, en verkefninu er lokið á tveimur til viðbótar. Byggðastofnun hefur nú birt yfirlit yfir alla veitta styrki frá upphafi verkefnisins.

Illugi Gunnarsson, stjórnarformaður Byggðastofnunar, segir að aðferðafræðin byggi á því að horft sé til þeirra áherslna sem heimamenn vilji sjá. „Þetta snýst um að virkja heimamenn sem best. Þannig nýtist fjármagnið vel og það næst ákveðin samstaða um áherslur til að bæta búsetuskilyrði á þessum stöðum þar sem byggð hefur átt undir högg að sækja,“ segir Illugi.

Hann telur reynsluna af verkefninu vera góða. „Það sem einkennir þetta er að hér er um að ræða tímabundin verkefni en ekki viðvarandi úrræði á hverjum stað. Það þarf auðvitað að leggja mat á aðstæður hverju sinni og það er ekki hægt að gera allt. Alltaf þegar opinberum fjármunum er ráðstafað þarf að sýna aðgát. Við stefnumótun og ráðstöfun fjármagns horfum við á búsetu með heildstæðum hætti.“

Þau byggðarlög sem taka þátt í verkefninu fá tiltekna fjárhæð árlega til að styrkja frumkvæðisverkefni íbúa. Sérstök verkefnisstjórn á hverjum stað úthlutar styrkjunum en í henni situr fulltrúi Byggðastofnunar, auk fulltrúa viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags og íbúa.

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að verkefnið styðji við framtíðarsýn og meginmarkmið í viðkomandi byggðarlagi. Í byggðaáætlun 2018-2024 sem samþykkt var á Alþingi í júní er lagt til að 700 milljónum verði á þessu tímabili varið til verkefna í brothættum byggðum.

Karen Nótt Halldórsdóttir, ritari hverfisráðs Grímseyjar og skólastjóri Grímseyjarskóla, situr fyrir hönd íbúa í verkefnisstjórn. „Okkar reynsla af þessu er mjög góð og þetta hefur mikla þýðingu. Það eru íbúar sem forgangsraða því sem þeir vilja að gerist. Þetta snýst aðallega um að efla og byggja upp þjónustu, bæði fyrir íbúa og ferðamenn,“ segir Karen.

Hún segir þetta líka gríðarlega mikilvægt fyrir byggðastefnu í landinu. „Markmiðið er að bæta búsetuskilyrði og lífsgæði á allan hátt.“

**sighvatur@frettabladid.is**



**Grímsey er meðal þeirra byggðarlaga sem tekið hafa þátt í verkefninu Brothættar byggðir.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGHVATUR

> **Við stefnumótun og ráðstöfun fjármagns horfum við á búsetu með heildstæðum hætti.**
>
> Illugi Gunnarsson, stjórnarformaður Byggðastofnunar



### Styrkveitingar vegna Brothættra byggða

| Byggðarlag | Tímabil | Úthlutaðir styrkir |
|---|---|---|
| Árneshreppur | 2017-2021 | 7 milljónir |
| Bíldudalur | 2013-2016 | 12 milljónir |
| Borgarfjörður eystri | 2018-2022 | Úthlutun ekki hafin |
| Breiðdalshreppur | 2013-2018 | 25,8 milljónir |
| Grímsey | 2015-2019 | 21 milljón |
| Hrísey | 2015-2019 | 25,5 milljónir |
| Raufarhöfn | 2012-2017 | 24,9 milljónir |
| Skaftárhreppur | 2015-2019 | 31 milljón |
| Þingeyri | 2018-2022 | Úthlutun ekki hafin |
| Öxarfjarðarhérað | 2015-2019 | 23 milljónir |

## Dæmi um styrki

**Fjölbreytt verkefni á sviði menningar- og samfélagsmála, ferðaþjónustu og atvinnusköpunar er að finna í yfirliti yfir veitta styrki.**

**ÁRNESHREPPUR**
- Verslun í Norðurfirði
- Þjóðmenningarskólinn á Ströndum
- Þróun kjötafurða úr Árneshreppi

**BÍLDUDALUR**
- Bætt aðstaða á tjaldsvæði
- Þróun og vinnsla úr fiskroði
- Þjálfun vettvangsliða

**BREIÐDALSHREPPUR**
- Matvælavinnsla beint frá býli
- Lundasetur Íslands
- Beljandi brugghús

**GRÍMSEY**
- Frisbígolfvöllur
- Vistvæn orkuvinnsla í Grímsey
- Fuglaskoðunarhús

**HRÍSEY**
- Berjarækt í Hrísey
- Stofnun menningarseturs
- Víkingasalt á Kríunesi

**RAUFARHÖFN**
- Aðstaða til líkamsræktar
- Endurgerð Óskarsbragga
- Safn um sögu Raufarhafnar

**SKAFTÁRHREPPUR**
- Skráning upplýsinga um þjóðleiðir
- Errósetur á Klaustri
- Fjallahjólaslóðagerð

**ÖXARFJARÐARHÉRAÐ**
- Örnefni í Öxarfirði
- Kjötvinnsla á Gilsbakka
- Hestasumarbúðir

# Lággjaldaflugfélögin í Evrópu sýna tennurnar

**VIÐSKIPTI** Arðsemi eigna hjá evrópskum flugfélögum árið 2017 var mest hjá tveimur lággjaldaflugfélögum sem voru með lægstan launakostnað sem hlutfall af tekjum. Um er að ræða úrtak ellefu félaga valið af Fréttablaðinu. Arðsemi Wizz air var 14 prósent og Ryanair 12 prósent. Til samanburðar var arðsemi eigna Icelandair Group 3 prósent og var hin þriðja lakasta í úrtakinu. Norwegian og Air France voru rekin með tapi í fyrra. Að meðaltali var arðsemi eigna 6 prósent hjá flugfélögunum ellefu. easyJet var einu prósentu stigi undir meðaltalinu, samkvæmt útreikningum blaðsins.

Fram kom í Fréttablaðinu á fimmtudag að launakostnaður Icelandair Group sem hlutfall af tekjum væri talsvert hærri en hjá helstu keppinautum í Evrópu. Áréttað skal að það skekkir samanburð á launum að það er misjafnt á milli fyrirtækja hve mikla þjónustu þau kaupa af öðrum í stað þess að sinna verkefnunum sjálf. Launakostnaður Icelandair Group, sem er stærsti kostnaðarliður félagsins, var 31 prósent. Launakostnaður félagsins hefur vaxið umfram tekjur á hverju ári undanfarin fimm ár. Til samanburðar var hlutfallið 21,6 prósent hjá flugfélaginu SAS og 20,9 prósent hjá British Airways í fyrra. Arðsemi eigna hjá þeim var í fyrra fjögur og átta prósent.

Á undanförnum árum hafa flugfélög notið góðs af því hve lágt olíuverð hefur verið en sú er ekki raunin lengur. Olíuverð hefur hækkað um 50 prósent á einu ári og hefur ekki verið hærra síðan 2014. Í ofanálag hefur samkeppni frá lággjaldaflugfélögum aukist, starfsfólk fer fram á hærri laun og flugvallargjöld hækka. Samkvæmt greiningu Scope analysis mun hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) lækka þriðja árið í röð frá miðgildinu 17,4 prósent af tekjum úr 19,3 prósentum árið 2015.

Í úrtaki Fréttablaðsins hafði gengi hlutabréfa þriggja flugfélaga lækkað um rúmlega 40 prósent á einu ári. Um er að ræða Icelandair Group, Air France og hið rússneska Aeroflot. Wizz air hafði hækkað mest eða um 41 prósent, Norwegian um 29 prósent og easyJet um 16 prósent. Hefðbundin flugfélög skipa fyrri flokkinn en lággjaldaflugfélög þann seinni. **– hvj**



**Arðsemi eigna Icelandair Group árið 2017 var hin þriðja lægsta í úrtaki ellefu flugfélaga.**




Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

# Taxfree* af öllum leikföngum

# Dagana 19.-22. júlí

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Stærsti skandall forsetatíðar Macrons

**Meint ofbeldi eins yfirmanna öryggismála Frakklandsforseta er til skoðunar hjá lögreglunni. Stjórnarandstaðan gagnrýnir að Macron-stjórnin hafi ekki refsað manninum á viðeigandi hátt, ýjar að því að hylmt hafi verið yfir með honum.**

**FRAKKLAND** Alexandre Benalla, einn yfirmanna öryggismála hjá Emmanuel Macron Frakklandsforseta, var rekinn úr starfi í gær. Þetta kom fram í tilkynningu frá embættinu í gær. Franska dagblaðið Le Monde birti á miðvikudag myndband af manni sem miðillinn fullyrti að væri Benalla. Myndbandið var tekið þann 1. maí síðastliðinn. Í því sést Benalla ganga í skrokk á mótmælendum, klæddur lögregluhjálmi. Benalla hafði fengið leyfi til þess að fylgjast með störfum lögreglu þennan daginn, en mótmæli anarkista brutust út í ofbeldi.

Nokkrum dögum eftir að atvikið átti sér stað var Benalla sendur í tveggja vikna leyfi frá störfum og svo færður til í starfi og settur yfir öryggismál fyrir opinberar heimsóknir forsetans. Þetta hafa stjórnarandstæðingar gagnrýnt harðlega og sagt að refsingin hafi verið of væg.

Olivier Faure, leiðtogi Sósíalistaflokksins, sagði í gær að með því að tilkynna brotið ekki til lögreglu hefði Macron-stjórnin séð til þess að Benalla fengi ekki sömu meðferð og almennir borgarar. Laurent Wauquiez, sem leiðir Repúblikana, ýjaði svo að því að ríkisstjórnin hafi reynt að hylma yfir hið meinta brot. „Þetta myndband er sláandi. Tilfinningin er sú að einn úr sveit Macrons sé yfir lögin hafinn og það er augljóst að Macron þarf að svara fyrir þetta,“ sagði Wauquiez við Europe 1.

Því eru Macron-liðar ósammála. „Þessi ákvörðun var refsing fyrir óásættanlega hegðun og hugsuð sem síðasta viðvörun,“ sagði upplýsingafulltrúi forseta við blaðamenn í gær.

Þá hefur Macron einnig verið gagnrýndur fyrir að svara ekki spurningum blaðamanna um málið þegar hann var spurður út í það á fimmtudag. Forsetinn hefur áður verið gagnrýndur fyrir að tala ekki við fjölmiðla. Er eftirminnileg ákvörðun hans um að halda ekki blaðamannafund á bastilludaginn 2017 gott dæmi um það. Þá hafði Le Monde eftir heimildum að Macron teldi þankagang sinn of flókinn fyrir fjölmiðla.

Franska þingið samþykkti á fimmtudag að hefja sérstaka rannsókn á málinu, það er því ofbeldi sem Benalla er sakaður um að hafa beitt sem og því að hann hafi þóst vera lögreglumaður. Þá mun þingið einnig rannsaka, á næstu sex mánuðum, hina léttvægu refsingu og það að yfirvöld hafi ekki tilkynnt Benalla til lögreglu.

Lögregla rannsakar málið sömuleiðis og á Benalla yfir höfði sér allt að þriggja ára fangelsisvist, að því er France 24 greinir frá. Benalla hefur verið yfirheyrður vegna málsins. Hann hefur verið kærður fyrir að hafa beitt ofbeldi sem opinber starfsmaður, þóst vera lögregluþjónn, ólöglega notkun lögreglumerkis og aðild að óheimilli notkun öryggismyndefnis, að því er saksóknaraembætti Parísar greindi frá.

Síðastnefndi glæpurinn sem Benalla er sakaður um var kornið sem fyllti mælinn, samkvæmt forsetaembættinu. AFP hafði eftir heimildarmönnum sínum í gær að þrír lögreglumenn hefðu verið sendir í leyfi fyrir að hjálpa Benalla að fá aðgang að umræddu myndefni í von um að Benalla gæti hreinsað nafn sitt.

Benalla virðist hafa haft það gott frá því hann sneri aftur til starfa. Le Monde greindi frá því í gær að þrátt fyrir atvikið hefði hann fengið afnot af lúxusíbúð í eigu ríkisstjórnarinnar fyrr í þessum mánuði. Þá hefði hann einnig fengið bíl til afnota og einkabílstjóra. Síðast sást til Benalla þegar hann gætti öryggis heimsmeistaraliðs Frakka er það ók eftir Champs Elysees í opinni rútu.

Hinn umdeildi Benalla var yfirmaður öryggismála forsetaframboðs Macrons í fyrra. Þá minntist Arnaud Montebourg, efnahagsmálaráðherra í ríkisstjórn Francois Hollande, þess í gær að Benalla hefði starfað fyrir sig í ráðherratíð sinni. Hann hefði þó verið rekinn eftir einungis viku í starfi. „Hann olli slysi þegar hann var einkabílstjóri minn og reyndi svo að flýja af vettvangi.“

thorgnyr@frettabladid.is



Benalla (t.v.) og Macron hjóla saman í Le Touquet. NORDICPHOTOS/AFP

## Dvínandi vinsældir

Þrátt fyrir að einungis rúmt ár sé liðið af forsetatíð Emmanuels Macron virðist hann hafa grafið sig ofan í óvinsældapytt sem er að reynast honum erfitt að komast upp úr. Síðasta hálfa árið hefur einungis ein skoðanakönnun sýnt að fimmtíu prósent aðspurðra segist ánægð með forsetann.

Ný könnun sem BVA birti á fimmtudag sýndi fram á að 39 prósent væru ánægð með störf forsetans en 59 prósent óánægð. Til samanburðar mælist Donald Trump Bandaríkjaforseti, sem hefur þurft að svara fyrir hvert hneykslismálið á fætur öðru, með 41,7 prósenta stuðning á meðan 52,9 prósent kveðast óánægð, samkvæmt vegnu meðaltali sem FiveThirtyEight tekur saman. Þá hefur það aldrei gerst að hærra hlutfall segist óánægt með Trump samkvæmt þessu vegna meðaltali en er nú með Macron.

Macron hefur meðal annars verið sakaður um frændhygli, fyrir að gera stöðu forsetafrúar að launuðu embætti, elítisma í ljósi vinskapar síns við frægðarmenni og ákvarðanir um skattalækkanir fyrir þá efnamestu.

France24 fjallaði þó um í vikunni að HM-sigur Frakka gæti reynst lykill Macrons út úr þessum erfiðleikum. Þegar Frakkar hafi unnið mótið árið 1998 hafi vinsældir Jacques Chirac, þáverandi forseta, tekið átján prósentustiga stökk upp á við.



# FRÁBÆR TILBOÐ!

GILDIR 21.07 - 24.07



60x170 cm ~~2.495~~ nú 1.245
80x170 cm ~~2.995~~ nú 1.498
100x170 cm ~~3.495~~ nú 1.748
110x170 cm ~~3.995~~ nú 1.998
120x170 cm ~~4.295~~ nú 2.148
140x170 cm ~~4.695~~ nú 2.348
160x170 cm ~~5.495~~ nú 2.748
180x170 cm ~~5.995~~ nú 2.998
90x250 cm ~~4.495~~ nú 2.248

50% afsláttur

Myrkvunargardína

**DARK MYRKVUNARGARDÍNA**
Þykk og góð myrkvunargardína.
Hvít. Vnr. 69060000

NÚ VERÐ FRÁ:
**1.245**



HÖFUÐKLÚTUR
299

Jakki + buxur

20% afsláttur af regngalla

FULLT VERÐ: ~~4.995~~
**3.995**

**NORDIC REGNGALLI**
Nokkrir litir. 80-130.
Vnr. RL-PU-6-1



33% afsláttur

FULLT VERÐ: ~~8.995~~
**5.995**

**RUBY SVAMPDÝNA**
Flott og handhæg dýna sem hægt er að leggja saman. Tekur lítið pláss! Fæst í nokkrum litum. 63x190x8 cm.
Vnr. 38387001



GOLD EINSTÖK GÆÐI

80x200 cm ~~12.950~~ nú 8.995
90x200 cm ~~14.950~~ nú 9.995
120x200 cm ~~19.950~~ nú 13.950
140x200 cm ~~24.950~~ nú 17.450
160x200 cm ~~26.950~~ nú 18.850
180x200 cm ~~29.950~~ nú 20.950

30% afsláttur

CertiPUR

NÚ VERÐ FRÁ:
**8.995**

WELLPUR® MEMORY FOAM

**GOLD T30 YFIRDÝNA**
Virkilega vönduð yfirdýna úr MEMORY FOAM svampi með þrýstijafnandi eiginleika. Lagar sig að líkamanum og veitir góðan stuðning. Áklæði þolir þvott við 60°C. Dýnan er 4,5 cm þykk. Vnr. 3419723



**KELLY TUNGUSÓFI**
Glæsilegur tungusófi úr TECOL LEATHER efni. Fæst í gráu og svörtu. Fáanlegur með vinstri eða hægri tungu. B292 x D100 x H88 cm. Tunga 228 cm. Vnr. 8880000860

Sparið 130.000

FULLT VERÐ: ~~279.950~~
**149.950**



GOLD EINSTÖK GÆÐI
DÖNSK GÆÐAVARA

Koddi 50x70 cm ~~12.990~~ nú 8.995
135x200 cm 550 g ~~34.990~~ nú 19.990
135x200 cm 800 g ~~39.990~~ nú 24.990
135x220 cm 880 g ~~44.990~~ nú 29.990
200x220 cm 1300 g ~~59.990~~ nú 39.990

dannevik

Allt að 42% afsláttur

Andadúnsæng

SÆNG NÚ VERÐ FRÁ:
**19.990**

**THYRA ANDADÚNSÆNG**
Gæðasæng fyllt með 90% af hvítum evrópskum andadúni og 10% af hvítu evrópsku andafiðri. Sérlega vandað, þéttofið áklæði úr 100% jacquardofinni bómull. Hentar vel fyrir þá sem hættir til að fá ofnæmi því áklæðið er þéttofið sem hindrar að rykmaurar og bakteríur safnist saman. Burðargeta 10. Má þvo við 60°C. Glæsileg sængurtaska fylgir. Vnr. 4111450, 4316204



Lítil 20" ~~5.995~~ nú 3.995
Mið 24" ~~10.950~~ nú 7.595
Stór 28" ~~14.950~~ nú 10.450

30% afsláttur

NÚ VERÐ FRÁ:
**3.995**

**MILAN FERÐATÖSKUR**
Góðar ferðatöskur. Vnr. 327-12-1001



28% afsláttur

FULLT VERÐ: ~~6.995~~
**4.995**

**JONSTRUP STÓLL**
Vnr. 3616770, 3617160, 3668162

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

## ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

# GARÐHÚSGÖGN OG SESSUR 20-60%



% SUMAR-ÚTSALA %

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

# Klúður á Þingvöllum



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Óneitanlega vekur furðu að fyrirfram hafi verið reiknað með þúsundum gesta á hátíðarfund Alþingis á Þingvöllum 18. júlí og lögregla og Vegagerð því gert ráðstafanir til að stýra umferð inn á svæðið. Ekki var nokkur þörf á að hafa stjórn á umferðinni því þjóðin lét ekki sjá sig. Það hefði ekki átt að koma nokkrum manni á óvart. Fundurinn var haldinn í miðri viku þegar fólk er almennt við vinnu. Dagskráin var heldur ekki líkleg til að vekja brennandi áhuga, þar sem hún samanstóð aðallega af ræðuhöldum alþingismanna. Við það bættist að þjóðinni hafði verið tilkynnt að þegar hún væri komin til Þingvalla skyldi hún halda sig á ákveðnu svæði, í dágóðri fjarlægð frá þingmönnum og finni gestum. Þingmenn eru ekki náttúruundur þannig að almenningur sá enga ástæðu til að mæta og horfa á þá aðdáunaraugum úr hæfilegri fjarlægð.

Fundur sem þjóðin hafði ekki áhuga á og virtist ekki ætla að taka eftir varð síðan að þrætuepli vegna eins gests, Piu Kjærsgaard, stofnanda Danska þjóðarflokksins, sem er forseti danska þingsins. Hún er þekkt fyrir mannfjandsamlega stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks. Það að manneskja með slík viðhorf skuli gegna embætti þingforseta bendir óneitanlega til að sitthvað sé rotið í Danaveldi.

Það verður hins vegar að hafa í huga, og skiptir allnokkru máli, að Kjærsgaard hélt ræðu sína á Þingvöllum sem forseti danska þingsins, en ekki sem einstaklingur að básúna ansi vondar skoðanir. Ekkert í ræðu hennar var þess eðlis að það kostaði uppnám eða kallaði á fordæmingu. Þingmenn hefðu því allir átt að geta mætt, setið í sætum sínum og hlustað á hefðbundna hátíðarræðu forseta danska þingsins án þess að fyllast ógleði. Enginn hefði samt álasað þeim fyrir að vera mæðufullir innra með sér vegna þess hversu illa er komið fyrir vinaþjóð okkar Dönum sem leiðir til áhrifa fólk með ómannúðleg viðhorf.

Hátíðarfundur á Þingvöllum vegna aldarafmælis fullveldisins á ekki að valda ólgu. Óhjákvæmilegt var að órói myndi skapast vegna þátttöku Kjærsgaard á hátíðinni og undarlegt að ekki skuli hafa verið hugað að því í upphafi. Varla hefði verið erfitt að kalla til leiks í stað hennar danskan fulltrúa sem minni styrr stendur um.

Forseti Alþingis, Steingrímur J. Sigfússon, segir að lengi hafi legið fyrir að Kjærsgaard myndi halda ræðu á fundinum og furðar sig á hörðum viðbrögðum einstaka flokka og þingmanna. Furða hans vekur furðu. Ef hann sá ekki sjálfur í upphafi hversu umdeild þessi ákvörðun myndi verða, sérstaklega hjá upphlaupsflokkum eins og Pírötum og Samfylkingu, hefði einhver átt að segja honum það.

Hátíðarfundurinn á Þingvöllum var klúður. Þjóðin mætti ekki. Sennilega hafði hún á tilfinningunni að henni væri helst ætlað að vera í hlutverki statista fyrir sjónvarpsmyndavélar. Það eina minnisstæða frá hátíðinni er umdeild kona sem hélt ræðu. Enginn man samt hvað hún sagði, en það voru víst bara sjálfsagðir hlutir sem sagðir eru í innihaldslitlum hátíðarræðum.

**Ekkert í ræðu hennar var þess eðlis að það kostaði uppnám eða kallaði á fordæmingu.**




Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Tignarmenn og skríll

Fullveldi Íslands var fagnað í vikunni með sérstökum hátíðarfundi Alþingis á Þingvöllum. Heldrafólk landsins kom þar saman og minntist þess að 100 ár voru liðin frá því að sambandslögin voru undirrituð. Fundurinn vakti helst athygli fyrir tvennt: Annars vegar fjarveru sauðsvarts almúgans sem haldið var í öruggri fjarlægð er Almannagjá var lokað og margtuggin myndlíking um gjá milli þings og þjóðar öðlaðist bókstaflega merkingu; hins vegar Piu Kjærsgaard, forseta danska þingsins og alræmdan þjóðernissinna, sem boðið var að ávarpa samkomuna, gjörning sem vafalítið mun teljast smánarblettur á sögu þjóðarinnar er fram líða stundir.

Ekki er þetta þó í fyrsta sinn sem tignarmenn þjóðarinnar klúðra málum er þeir hyggjast föðurlegir sýna okkur skrílnum hvernig maður meðhöndlar söguna og menningararfinn. Í haust verða 290 ár liðin frá menningar- og sögulegu stórslysi sem sumir skrifa á yfirlæti elítunnar.

### Voðalegasti atburður Íslandssögunnar

Sagan er miskunnarlaus; hún gleymir okkur flestum – við erum sandkorn sem sagan blæs áhugalaus inn í eilífðina. En sagan er líka dómari og fellir hún oft harða dóma um þá sem hún man eftir. Oft er mjótt á munum milli þess hvort menn séu úrskurðaðir skúrkar eða hetjur.

Árni Magnússon prestssonur fæddist að Kvennabrekku í Dölum árið 1663. Hann gekk í skóla í Skálholti og hélt svo til Kaupmannahafnar til frekara náms. Árni var útnefndur prófessor við Hafnarháskóla og helgaði sig því að safna íslenskum handritum sem hann flutti til Danmerkur til rannsókna og varðveislu.

Árið 1728 varð einn voðalegasti atburður Íslandssögunnar. Hann átti sér stað í Danmörku.

Að kvöldi miðvikudagsins 20. október kom upp eldur í íbúð í miðri Kaupmannahöfn þar sem barn hafði farið ógætilega með kerti (sumir segja þó að foreldrar þess hafi kveikt eldinn og kennt barninu um). Eldurinn breiddist hratt milli húsanna sem flest voru úr timbri.

Íslenskir námsmenn í Kaupmannahöfn höfðu uppi á Árna Magnússyni og hvöttu hann til að koma handritasafninu sínu undan. Sem sannur Íslendingur virðist Árni hafa hugsað: „Þetta reddast.“ En þegar eldurinn tók að gleypa í sig heilu göturnar sá Árni að sér. Ásamt nokkrum Íslendingum og þjónustufólki hóf hann að flytja handritasafnið í skjól. Farnar voru fjórar eða fimm ferðir á vagni með skinnhandrit og skjöl áður en hópurinn gafst upp fyrir hitanum frá eldinum. Þegar Árni gekk út úr húsinu í síðasta sinn mælti hann: „Þarna eru þær bækur sem aldrei og hvergi fást slíkar til dómsdags.“

Eldurinn logaði í þrjá daga. Tæplega þriðjungur borgarinnar brann til kaldra kola í mesta eldsvoða í sögu Kaupmannahafnar. En skaðinn fyrir Íslendinga var líka mikill.

Árna og félögum tókst að bjarga flestum skinnhandritunum sem Árni hafði sankað að sér á Íslandi. Þetta voru helstu gersemar íslenskra bókmennta frá því ritun hófst í landinu. En mikið af bókum, skjölum og pappírum glataðist.

### Skúrkur eða hetja?

Er það viðtekin söguskýring að Árni Magnússon sé hetja sem bjargaði þjóðargersemum Íslendinga, handritunum, úr kámugum krumlum íslenskrar alþýðu sem kunni ekki að fara með þau. Til eru þó þeir sem eru andstæðrar skoðunar og líta á Árna sem skúrk; þjóðin hafi verið búin að varðveita handritin í 500 ár áður en Árni og aðrir handritasafnarar smöluðu þeim úr landi og hún hafi verið fullfær um að gæta þeirra áfram.

Var Árni Magnússon skúrkur eða hetja? Dæmi hver fyrir sig. Hins vegar má draga einn lærdóm af fullveldishátíðarhöldum vikunnar: Þegar þess verður minnst 1. desember næstkomandi að 100 ár eru liðin frá því að sambandslögin tóku gildi er alveg óhætt að leyfa okkur almúganum að fagna með. Því ekki einu sinni óbreytt pylsupartí á Lækjartorgi þar sem skríllinn dansar úr takti við JóaPé og Króla með Heinz tómatsósu út á kinn getur orðið jafntaktlaust, getur óhreinkað íslenska arfleifð jafnglæsilega, og hástemmt einkapartí fyrirfólksins á Þingvöllum gerði í vikunni sem leið.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Góðgerðar-mót Ólafíu Þórunnar

**Til styrktar Umhyggju - félagi langveikra barna**

Síðastliðinn miðvikudag fór fram góðgerðargolfmót Ólafíu Þórunnar og KPMG til styrktar Umhyggju – félagi langveikra barna á Hvaleyrarvelli Golfklúbbs Keilis.

Á mótinu deildu LPGA kylfingarnir Alexandra Jane Newell, Allison Emrey, Cheyenne Woods and Madeleine Sheilst og Ólafía Þórunn reynslu sinni með þátttakendum. Einnig var ómetanlegt að fá aðstoð íslenskra afrekskylfinga sem jafnframt spiluðu með þátttakendum og lögðu þannig sitt af mörkum til að gera þetta að góðum degi.

Við viljum þakka fyrirtækjum, þátttakendum og sjálfboðaliðum kærlega fyrir þeirra framlag en alls söfnuðust þrjár milljónir króna sem afhentar voru Umhyggju.

KPMG

vodafone

TM

Golfklúbburinn Keilir

VALITOR

SUBWAY

themis LÖGMANNSSTOFA



## Þátttöku Haraldar á fyrsta risamótinu lokið




**Mótlæti** Haraldur Franklín Magnús komst ekki í gegnum niðurskurðinn á Opna breska meistaramótinu í golfi. Hann lék annan hringinn á sjö yfir pari og var samtals á átta yfir pari. Hér sést Haraldur leita að bolta á 17. braut á Carnoustie-vellinum ásamt kylfusveini sínum. NORDICPHOTOS/AFP

# Fann strax að allt hafði smollið

**Síðustu dagar hafa verið afar góðir hjá Thelmu Lind Kristjánsdóttur en hún er ríkjandi Íslandsmeistari og Íslandsmethafi í kringlukasti. Hún hefur bætt sig mikið að undanförnu og freistar þess að ná EM-lágmarki.**

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Thelma Lind Kristjánsdóttir, kringlukastari úr ÍR, hefur skotist fram á sjónarsviðið í sumar. Thelma Lind, sem er tvítug, varð Íslandsmeistari í kringlukasti um síðustu helgi þar sem hún skákaði Ásdísi Hjálmsdóttur sem hefur verið sigursæl í greininni hér heima undanfarin ár.

Þá kórónaði Thelma Lind góða viku með því að bæta Íslandsmetið í greininni með því að kasta kringlunni 54,69 metra á kastmóti sem haldið var í blíðskaparveðri í Borgarnesi á fimmtudaginn. Gamla Íslandsmetið sem sett var árið 1982 var í eigu Guðrúnar Ingólfsdóttur, en það var 53,86 metrar.

„Ég hef æft mjög vel í allan vetur og er að uppskera árangur þess erfiðis núna. Ég bætti við mig sérstökum lyftingaþjálfara síðasta haust og hef aukið líkamsstyrk minn umtalsvert undir handleiðslu hans. Þá hef ég bætt tækni mína stöðugt og er orðin betri tæknilega. Smáatriði geta skipt sköpum í jafn mikilli tæknigrein og kringlukast er,“ segir Thelma Lind um ástæðu þeirrar miklu bætingar sem hefur orðið á kastlengd hennar undanfarið, en hún hefur alls bætt sig um fjóra metra á keppnistímabilinu.

„Það var ofboðslega gott veður í Borgarnesi á fimmtudaginn og smá gola frá hægri sem er gott fyrir kringlukast. Ég fann það um leið og ég sleppti kringlunni að allt hefði smollið og þetta væri gott kast. Ég bjóst samt ekki við því að bæta mig jafn mikið og raun bar vitni, en það kom bara skemmtilega á óvart. Nú er stefnan á að freista þess að ná lágmarkinu fyrir Evrópumótið sem fram fer í Berlín í ágúst,“ segir Thelma Lind um Íslandsmetið og framhaldið hjá sér.



Thelma Lind Kristjánsdóttir hefur verið í mikilli sókn á undanförnum mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hún þarf að kasta 56 metra til þess að tryggja sér þátttökurétt á Evrópumótinu og þarf þar af leiðandi að bæta árangur sinn um rúman metra til þess að takast ætlunarverk sitt.

Í ljósi þess að Thelma Lind hefur bætt sig um fjóra metra á tímabilinu og að hún bætti sig um tvo metra á tæpri viku í þessari viku er það alveg raunhæft markmið.

„Það eru nokkur kastmót svipuð þeim og ég tók þátt í í Borgarnesi fram undan og ég ætla að reyna að komast yfir 56 metrana á þeim mótum,“ segir Thelma Lind.

„Svo er bikarkeppnin haldin í Borgarnesi síðustu helgina í júlí og ég held að það verði síðasti möguleiki minn til þess að ná lágmarkinu. Ég er bjartsýn á að ég nái því og vona það innilega. Um miðjan ágúst fer ég svo á Norðurlandamót U-23 ára og ég stefni á gullverðlaun þar,“ bætir þessi metnaðarfulla íþróttakona galvösk við.

„Ég flyt svo út til Virginíu í Bandaríkjunum í lok ágúst. Þar fer ég á fullan skólastyrk og stefnan er sett á nám í einhverju tengdu íþróttafræði,“ segir Thelma Lind.

„Ég æfi svo á fullu samhliða náminu. Það verður frábært að geta æft við bestu mögulegu aðstæður. Markmiðið er að bæta mig enn frekar og það eru allar forsendur til þess. Ég er mjög spennt fyrir því að flytja út og geta æft í hita og sól.“

hjorvaro@frettabladid.is

## Nýjast

**Inkasso-deild karla**

**Þróttur - Njarðvík 3-0**
1-0 Jasper Van Der Heyden (47.), 2-0 Viktor Jónsson (52.), 3-0 Kristófer Konráðsson (63.).

**Inkasso-deild kvenna**

**ÍA - Haukar 2-1**
1-0 Bergdís Fanney Einarsdóttir (38.), 1-1 Berglind Baldursdóttir (40.), 2-1 Bergdís Fanney (62.).



Daníel Örn Griffin brýst í gegnum sænsku vörnina. MYND/EHF

## Svöruðu með sigri á Svíum

**HANDBOLTI** Ísland bar sigurorð af Svíþjóð, 35-33, á EM U-20 ára í handbolta karla í Slóveníu í gær. Íslendingar steinlágu fyrir Rúmenum, 29-19, í fyrsta leik sínum á mótinu en svöruðu fyrir sig með frábærum sigri í gær.

Íslenska liðið lék einkar vel í fyrri hálfleik og leiddi með sjö mörkum að honum loknum, 19-12. Svíar sóttu á í seinni hálfleik en sigur Íslendinga var aldrei í hættu. Orri Freyr Þorkelsson skoraði átta mörk fyrir Ísland og Andri Scheving varði 17 skot.

Ísland er með tvö stig í 3. sæti A-riðils og á enn möguleika á að komast í milliriðla. Íslendingar mæta Þjóðverjum í lokaumferð riðlakeppninnar á morgun. **– iþs**




Eyþóra Elísabet á Ólympíuleikunum í Ríó 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Eyþóra valin í EM-hópinn

**FIMLEIKAR** Eyþóra Elísabet Þórsdóttir hefur verið valin í hollenska landsliðið sem keppir á EM í fimleikum í Glasgow í Skotlandi í næsta mánuði. Auk Eyþóru eru Céline van Gerner, Tisha Volleman, Sanne Wevers og Vera Pol í hollenska liðinu.

Eyþóra, sem er 19 ára, á íslenska foreldra en hefur alltaf búið í Hollandi. Hún keppti á Ólympíuleikunum í Ríó 2016 og endaði þá í 7. sæti með hollensku sveitinni í liðakeppninni og í 9. sæti í úrslitum í fjölþraut. Það er besti árangur hollenskrar fimleikakonu á ÓL frá upphafi. Í árslok 2016 var hún valin bjartasta vonin í hollenskum íþróttum.

Á EM í fyrra vann Eyþóra til silfurverðlauna á jafnvægisslá og brons í gólfæfingum. **– iþs**

HÚSASMIÐJAN

blómaval

## Rýmingarsala á sumarblómum



# Sumarblóm

## og trjáplöntur

# 50% afsláttur




Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.

# Sumarútsalan í fullum gangi

Garðhúsgögn 30% · Reiðhjól og fylgihlutir 20-30% · Sláttuvélar 25-30% · Hekkklippur 30-40%
Sláttuorf 25-30% · Stigar og tröppur (Elkop) 30% · Sumarblóm 50% · Trjáplöntur 50%
Fjölærar plöntur 30% · Matjurtir 50% · Garðstyttur 50% · Útipottar 30% · Garðrósir 50%
Stanley loftpressur 25% · Skóflur, kantskerar, gafflar, klórur og hrífur (Green-it) 20-40%
Keðjusagir 30% · Greinakurlarar 20-30% · Úðabrúsar (Pulsar) 40% · Garðverkfæri frá Wolfgarten 30%
Slöngur, úðarar, slönguhjól og byssur (Claber) 25-40% · Hnífapör og eldhúsáhöld 30%
Matarstell, glös og könnur 30% · Bökunarvara 20% · Pottar og pönnur 30% · Hitakönnur 30%
Hreinsiefni og hreingerningaráhöld 25% · Plastkörfur og box 25% · Strauborð og herðatré 25%
Gjafavörur 25% · True North útivistarfatnaður 40% · Vinnufatnaður 25% · Harðparket (valdar vörur) 30-40%
Viðarvörn og pallaolía 20% · Útimálning 20% · Lady innimálning 25%
... og margt fleira

# Pallaefni útsala

Fáðu tilboð í sólpallinn núna



AB gagnvarin fura
27x95 mm, 4 metrar.
628640

**175 kr/lm**

~~234~~ kr/lm




# Ítölsk fegurð

## LEÐURSÓFI
Stærð: 222 x 92 x H: 65 cm
**799.990 kr.**

## HÆGINDASTÓLL
Stærð: 110 x 91 x H: 65 cm
**499.990 kr.**

## SKAMMEL
Stærð: 58 x 37 x H: 45 cm
**109.990 kr.**

## ANDREW
Borðstofustólar.
Fást í bundnu
leðri, svörtu,
gráu eða hvítu.



**16.990 kr.**

## FRANKLIN
Þessi kallar á þig til að slappa af.
2,5 og 3ja sæta. Grátt og dökk-
grátt, slitsterkt áklæði.

2,5 sæta:
199 x 103 x 87 cm
**119.990 kr.**

3ja sæta:
231 x 103 x 87 cm
**179.990 kr.**



furninova

## ALEXA
Fáir stólar þægilegri
en þessi.
Svart eða brúnt
leður og krómfætur.



**29.990 kr.**



## NEVADA
Hornsófi sem nýtir plássið betur. Vinstri eða hægri tunga.
Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. Stærð: 280 × 234 × 79 cm
**219.990 kr.**

## NORDAL
Diamond
Vatnsglas og
hvítvínsglas



**790 kr. stk**




## BY SOMMER
Mikið úrval af
lukkutröllum.



Verð frá:
**3.790 kr.**

## EVA SOLO
BPI frí plastflaska
grá. 0,51.



**30%**
AFSLÁTTUR

**3.493 kr.**
~~4.990 kr.~~



*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Tilboðin gilda frá 21.–29. júlí 2018 eða á meðan birgðir endast.*

# FJÖLBREYTT OG SPENNANDI

## Fyrir lifandi heimili



### CLEVELAND
Þessi er sá allra vinsælasti. Hornsófi með hægri eða vinstri tungu. Dökk eða ljósgrátt áklæði.

Stærð: 308 x 203 x H: 81 cm

**179.990 kr.**



### MEXICO
Breyttu til og veldu þér lit. 2,5 og 3ja sæta sófar. Dökkblátt, bleikt og skógargrænt sléttflauel.

2,5 sæta stærð: 169 x 89 x 87 cm
**69.990 kr.**

3ja sæta stærð: 201 x 89 x 87 cm
**79.990 kr.**

### DIALMA BROWN
Stofudjásn frá Ítalíu. Handunnin beykigrind og ljósgrátt áklæði.



DIALMA BROWN
INTERIORS & LIFESTYLE

**119.990 kr.**

F furninova



### SMILE BUTTON
Sófinn sem fær þig til að brosa. Vinstri eða hægri tunga. Steypugrátt Evita áklæði.
Stærð: 274 × 156 × 85 cm

**329.990 kr.**

### EIGHTMOOD
Mikið úrval af flottum púðum



Verð frá:
**4.990 kr.**




### EVA SOLO
Café Solo kaffikanna, 1.l svört og ljósgrá



**30%** AFSLÁTTUR

**9.793 kr.**
~~13.990 kr.~~

### RIVERDALE
Frábær grind fyrir viðinn eða blöðn
Hæð 62cm



**14.990 kr.**

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN




Kolinda Grabar-Kitarović, forseti Króatíu, fagnar fyrra marki Króata í úrslitaleik heimsmeistaramótsins á meðan Emmanuel Macron, forseti Frakklands, sekkur niður í sæti sitt. NORDICPHOTOS/GETTY

# Senuþjófurinn *Kolinda*

**Forseti Króatíu varð óvænt ein skærasta stjarna nýliðins Heimsmeistaramóts í knattspyrnu karla. Fréttablaðið lítur yfir skrautlegan feril Grabar-Kitarović.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



„Það sem forseti Króatíu kenndi heimsbyggðinni um leiðtogahæfni á HM. Þau fimm skipti sem forseti Króatíu vann hjörtu áhorfenda á Heimsmeistaramótinu. Hin raunverulega HM-stjarna Króata? Forsetinn í stúkunni.“

Svona hljóma nokkrar fyrirsagnir þeirra fjölmörgu frétta sem skrifaðar hafa verið um Kolinda Grabar-Kitarović, forseta Króatíu, eftir að Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu lauk um síðustu helgi. Grabar-Kitarović vakti mikla athygli fyrir framkomu sína og er nokkuð ljóst að margfalt fleiri þekkja til hennar nú en fyrir mótið.

**Naumur sigur**

Grabar-Kitarović var fyrst nefnd í samhengi við króatísku forsetakosningarnar í dagblaðinu Jutarnji List í september 2012. Kom þar fram að HDZ íhugaði að gera hana að frambjóðanda flokksins í kosningunum sem fram áttu að fara 2014 og 2015.

„Ég efast um að Kolinda myndi hafna því boði. Hún er einstaklega vel menntuð, hæf og talar allnokkur tungumál. Hún á sterk sambönd við fólk víðs vegar um heim. Til viðbótar hefur hún mikla pólitíska og diplómatíska reynslu. Það væri synd að nýta þessa reynslu ekki,“ sagði heimildarmaður blaðsins hjá NATO, þar sem Grabar-Kitarović starfaði á þessum tíma.

Um mitt ár staðfesti svo stjórn flokksins að hún yrði í forsetaframboði fyrir hönd HDZ. Hún myndi etja kappi við Ivo Josipović, sitjandi forseta úr Jafnaðarmannaflokknum, Milan Kujundžić úr Króatískri dögun og Ivan Vilibor Sinčić, frambjóðanda hins popúlíska Mannlega skjaldar.

Lítil spenna var í fyrstu umferð kosninga. Josipović fékk 38,8 prósent atkvæða og Grabar-Kitarović 38,1 á meðan enginn annar frambjóðandi náði helmingi þess fylgis.

Nú stefndi allt í spennandi kosningar. Sú varð heldur betur raunin og munaði einungis 32.509 atkvæðum, eða einu og hálfu prósentustigi, þegar upp var staðið Grabar-Kitarović í vil. Varð hún því fyrsta konan til að ná kjöri í opnum og frjálsum forsetakosningum í Króatíu og jafnframt yngsti forsetinn.

**Gegn samkynja hjónaböndum**

Hlutverk forseta Króatíu er sambærilegt hlutverki forseta Íslands og er Grabar-Kitarović því ekki viðriðin stefnumótun ríkisstjórnarinnar. Hún hefur þó ekki hikað við að láta í sér heyra undanfarin þrjú ár.

Einna helst hefur hún talað um svarta sögu fasistahreyfingarinnar Ustase og valdatíð hennar á tímum síðari heimsstyrjaldar. Jutarnji greindi til að mynda frá því í ágúst 2015 að hún hefði hafnað undirskriftasöfnun um að gera „Za dom spremni“ eða „Fyrir föðurlandið reiðubúin(n)“, áður heróp Ustase, að opinberu slagorði króatíska hersins. Sagði Grabar-Kitarović undirskriftasöfnunina óásættanlega og ögrandi.

Ári síðar lýsti hún Ustase sem „glæpsamlegri ógnarstjórn“ og sagði andstöðuna við fasisma leiðandi sjónarmið stjórnarskrárinnar.

Grabar-Kitarović hefur sömuleiðis talað mjög svo fyrir nauðsyn þess að berjast gegn loftslagsbreytingum. Í ræðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 2016 kallaði hún loftslagsbreytingar „öflugt gjöreyðingarvopn“ sem mannfólkið væri að missa alla stjórn á.

Þá hefur hún sagt að bann við meðgöngurofi þjóni engum tilgangi, en lagst gegn samkynja hjónaböndum. Til dæmis með stuðningi sínum við löggjöf sem bannaði samkynja pörum að ganga í hjónaband en veitti þeim þó sömu réttindi og hjón fá að njóta.

**HM-stjarnan Kolinda**

Vafalaust kom Grabar-Kitarović fyrst fyrir augu flestra á nýliðnu heimsmeistaramóti. Fagnaðarlæti og klæðaburður hennar vöktu mikla athygli og Króatar voru ánægðir með að hún hefði ferðast til Rússlands á eigin vegum og fylgst með nokkrum leikjanna úr almennu sæti.

Grabar-Kitarović missti aðeins af einum leik á heimsmeistaramótinu, undanúrslitaleiknum gegn Englandi, þar sem hann skaraðist á við leiðtogafund Atlantshafsbandalagsins.

Í köflóttri rauðri og hvítri treyju króatíska landsliðsins sást Grabar-Kitarović hoppa af kæti við hvert mark samlanda sinna. Og nógu var að fagna, liðið komst í úrslit.

Myndir og myndbönd af fagnaðarlátum Grabar-Kitarović vöktu mikla lukku á mótinu og var þeim deilt í gríð og erg enda ekki á hverjum degi sem þjóðhöfðingi sýnir slíka gleði.

Segja má þó að framkoma hennar eftir úrslitaleikinn, sem Frakkar unnu með fjórum mörkum gegn tveimur, hafi vakið hvað mesta athygli. Gekk Grabar-Kitarović þá út á völlinn og huggaði króatísku leikmennina. Grabar-Kitarović stóð svo í rigningunni og tók í hendur leikmanna beggja liða og faðmaði mann og annan, öfugt við rússneska forsetann Vladímír Pútín og aðra háttsetta menn sem létu skýla sér með regnhlífum.

## Aldarfjórðung í pólitík

Hin fimmtuga Grabar-Kitarović hefur verið viðriðin stjórnmál hálfa ævi sína, eða allt frá því hún skráði sig í króatíska íhaldsflokkinn Lýðræðisbandalagið (HDZ) árið 1993. Fyrir það hafði hún raunar veitt vísinda- og tæknimálaráðherra ráðgjöf í um ár.

Eftir nokkurra ára vinnu í króatíska sendiráðinu í Kanada og nám við George Washington-háskóla í bandarísku höfuðborginni Washington sneri Grabar-Kitarović heim árið 2003 og var hún þá í fyrsta sinn kosin inn á þing.

Með reynslu Grabar-Kitarović af utanríkismálum í huga ákvað Ivo Sanader, nýr forsætisráðherra úr HDZ, að afhenda hinum nýja þingmanni lyklana að Evrópumálaráðuneytinu og svo utanríkis- og Evrópumálaráðuneytinu við sameiningu ráðuneytanna tveggja tveimur árum síðar. Því embætti gegndi hún til 2008 og tók síðan við starfi sendiherra í Bandaríkjunum til ársins 2011.

Þá sá Grabar-Kitarović auglýsingu í The Economist. Auglýst var eftir nýjum aðstoðarframkvæmdastjóra samskiptamála hjá Atlantshafsbandalaginu. Grabar-Kitarović ákvað í fyrstu að sækja ekki um, þrátt fyrir að telja starfið henta sér. En eftir að NATO náði ekki að ráða í starfið eftir tvær atkvæðagreiðslur sló hún til og varð fyrsta konan til að gegna þessari stöðu.

Króatískir miðlar hafa greint frá því að samstarfsfólk Grabar-Kitarović hjá NATO hafi gefið henni viðurnefnið SWAMBO. Um er að ræða styttingu á „she who always must be obeyed" eða „sú sem alltaf þarf að hlýða" eins og það myndi útleggjast á íslensku.

**Króatar jákvæðir**

Svo virðist sem Króatar hafi haft jafngaman af framkomu Grabar-Kitarović á mótinu og aðrar þjóðir. Króatíska greiningarfyrirtækið Mediatoolkit tók saman umfjöllun um mótið og sagði að fjórðungi meira hafi verið fjallað um forsetann en nokkurn einn leikmann Króata á mótinu, meira að segja Luka Modric, sem var valinn besti maður mótsins.

Þá kom einnig fram í þeirri greiningu að rúm áttatíu prósent umfjöllunarinnar hefði verið jákvæð.

Boris Dežulović, króatískur blaðamaður, var álitsgjafi í umfjöllun breska blaðsins The Guardian um óvæntar vinsældir forsetans. Sagði hann að veru hennar á mótinu mætti lýsa sem langri og snemmbúinni framboðsauglýsingu.

„Hún hefur nýtt mótið vel til að styrkja ímynd sína sem forseti fólksins. Það hefur hún gert í Króatíu um nokkurt skeið. Í staðinn fyrir að ná aðeins til Króata nær þessi eiginlega auglýsing til milljarða víðs vegar um hnöttinn,“ sagði Dežulović.

Breska blaðið fjallaði jafnframt um að forsetinn væri eins konar nýtt andlit HDZ.

Hún hefði komist til valda eftir að röð spillingarmála skók flokkinn, meðal annars mál fyrrverandi forsætisráðherrans Ivo Sanader sem á yfir höfði sér fimm ákærur fyrir spillingu.

„Grabar-Kitarović, sem var að mestu skriffinnur flokksins fram að kosningunum 2015, nýtti sér vel arfleifð flokksins sem málsvara hins íhaldssama og ættjarðarelskandi hægris. Hún tók til að mynda þátt í mótmælum uppgjafahermanna í kosningabaráttunni.

En með menntun sína að vopni, góða ensku og fyrri störf hjá Atlantshafsbandalaginu skapaði hún sér sérstöðu í flokknum og fjarlægði sig frá þeim gömlu hershöfðingjum og umdeildu stjórnmálamönnum sem getið hafa HDZ slæman orðstír,“ sagði meðal annars í umfjöllun The Guardian.

**Enn vinsæl**

Næstu forsetakosningar fara fram í síðasta lagi 20. janúar 2020. Afar líklegt þykir að Grabar-Kitarović sækist eftir endurkjöri. Hún hefur hins vegar ekki gefið neitt upp um það enn sem komið er.

Könnun NOVA TV og IPSOS frá því 24. júní sýnir fram á að 46 prósent Króata eru ánægð með störf hennar en 45 prósent óánægð.

Minnkaði stuðningur við hana um tíu prósentustig frá fyrri könnunum, sem verður að teljast áhyggjuefni fyrir forsetann. Hins vegar fann Fréttablaðið engar kannanir gerðar eftir HM svo óljóst er hversu mikil áhrif vera hennar þar hafði.

# NÁTTÚRULEGA TIL FRAMTÍÐAR

## Náttúrulegar umbúðir – í sátt við umhverfið

Tímamótaumbúðirnar frá Enviropack eru eingöngu úr náttúrulegum hráefnum og flokkast því einfaldlega með öðrum lífrænum úrgangi. Loks er hægt að velja kaffimál, glös, matvælaílát og ýmsar aðrar umbúðir sem eru að fullu niðurbrjótanlegar og vistvænar.

Vörurnar eru framleiddar úr sterkju sem fellur til við framleiðslu á sykri og maís. Þær eru úr náttúrulegu hráefni og því **100% niðurbrjótanlegar**.

**Enviropack vörurnar fást meðal annars í umbúðaverslun Odda, Höfðabakka 7**






Pakkningar



Kaffimál



Glös og matvælaílát



Hnífapör

**Hafðu samband fyrir nánari upplýsingar - s. 515-5000** **www.oddi.is**



„Auðvitað velti ég fyrir mér hvort það sé að koma í bakið á mér núna að hafa ekki farið rólegar í sakirnar í vetur í stað þess að halda fullri ferð í vinnunni," segir Dagur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Var fyrst í hálfgerðri afneitun

Borgarstjórinn greindist með sjaldgæfan gigtarsjúkdóm og gengur við staf. Gigtin getur lagst á líffæri, eins og augun og hjartalokur. Hann má búast við að vera í sterkri lyfjameðferð næstu tvö árin. Hann segist ekki viss um áhrifin sem þetta hefur á starf hans, en lítur bjartsýnn fram á veginn. Hann segist ekki á leiðinni úr borgarmálunum.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Ég hélt eiginlega fyrst að ég væri bara fótbrotinn," segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, um leið og hann hreiðrar um sig í sófanum í stofunni á heimili sínu í miðbæ Reykjavíkur. Dagur greindist nýlega með sjaldgæfan gigtarsjúkdóm, svokallaða fylgigigt, sem skerðir hreyfigetu hans. „Í rauninni getur þetta lagst á allar slímhúðir í líkamanum, slímhúðir í liðunum, líka í augum, í hjartalokum, í meltingarvegi og út um allt. Það eru auðvitað til margar tegundir af gigt, þetta er sjaldgæf tegund, sem kemur í kjölfar sýkinga og hefur mismunandi birtingarmyndir en getur verið alvarleg. Nú er nýja stefnan í fræðunum, sem ég hef lært á samtölum mínum undanfarið, að fara bara inn í mjög kröftuglega meðferð. Manni bregður auðvitað svolítið, þegar maður er farinn að sprauta sig í lærin með lyfjum sem eru notuð til að meðhöndla krabbamein, en það er það sem er gert til að hemja bólgurnar og ná stjórn á þessu," útskýrir Dagur.

Eftir að hafa myndað nýjan meirihluta í borgarstjórn hafði Dagur farið ásamt bróður sínum og börnum til Rússlands að horfa á íslenska landsliðið keppa á heimsmeistaramótinu. „Þá rek ég mig í rör á flugvellinum í Rostov. Alveg hrein ristarspyrna, beint í rörið. Og bölvaði því mikið. Ég haltraði út í vél. Daginn eftir fór ég til Vestmannaeyja til að fylgja stráknum mínum á fótboltamót og varð alltaf verri og verri á haltri mínu milli fótboltavalla. Varð að lokum handviss um að ég væri brotinn. Í kjölfarið byrjaði hins vegar vinstri úlnliðurinn að blása upp og síðan öll vinstri höndin. Þetta var veruleg bólga og þessu fylgdu verkir og náttúrulega skert hreyfigeta. Svo ég fór að leita álits lækna. Læknirinn var fljótur að greina þetta sem fylgigigt, sem kemur í kjölfar frekar alvarlegrar sýkingar sem ég fékk í kviðarholið síðasta haust. Ég fékk sem sagt sýkingu út frá ristilpoka sem setti að lokum gat á ristilinn. Það er alvarlegt í sjálfu sér og ég var á fljótandi fæði í mánuð og missti sjö kíló. Auðvitað velti ég fyrir mér hvort það sé að koma í bakið á mér núna að hafa ekki farið rólegar í sakirnar í vetur í stað þess að halda fullri ferð í vinnunni."

### Í fallbyssumeðferð

„Fylgigigtin er svona síðbúin árás ónæmiskerfisins, flakkar milli liða og getur lagst á ýmis líffæri. Og hún kom af svona miklum krafti þarna í sumar. Þannig að ég er búinn að vera í miklum rannsóknum og meðhöndlun síðan og er kominn á þessa fallbyssumeðferð til að reyna að slá þetta bara niður."

*Er þetta þá ekki krónískur sjúkdómur?*

„Það er ekki víst. Ég vona sannarlega ekki. Þessi tegund getur læknast – en ákveðinn hluti þeirra sem fá þetta er með þetta króniskt. Þannig að það verður bara að koma í ljós," segir Dagur.

Hann segist ekki viss um hvaða áhrif þetta muni hafa til langs tíma, eða hvaða áhrif þetta muni hafa á starf hans, sem er nokkuð annasamt, svo ekki sé meira sagt. „En síðustu daga hef ég verið í sumarleyfi og það hittist í raun svolítið vel á því ég þarf líka bara að vita hvort lyfin sem ég er á hafi aukaverkanir. Svo er bara ágætt að fá hvíld fyrir liðina á meðan fyrsta bólgan er að dvína, en mér eru gefnar vonir um að þetta geti gengið vel. Þetta er

**MANNI BREGÐUR AUÐVITAÐ SVOLÍTIÐ, ÞEGAR MAÐUR ER FARINN AÐ SPRAUTA SIG Í LÆRIN MEÐ LYFJUM SEM ERU NOTUÐ TIL AÐ MEÐHÖNDLA KRABBAMEIN.**

# ego dekor

## MIKIÐ ÚRVAL AF HÚSGÖGNUM OG SMÁVÖRU



STÆKKANLEGT BORÐ - HNOTA
Stærð: 160(248)X100cm - Verð: 199.000,-
Stærð: 200(288)X110cm - Verð: 219.000,-

SÓFABORÐ ROUND - HNOTA
Stærð: 90X90cm
Verð: 59.900,-



ROUND HLIÐARBORÐ
2 stk í setti
stærð: 55X55XH: 55cm
Verð: 39.900,-



RETRO SÓFABORÐ
2 stærðir
90X90cm – Verð: 45.900,-
60X60cm – Verð: 29.900,-





RETRO VEGGBORÐ
Breidd: 100cm
Verð: 35.000,-

SÓFABORÐ PARIS NO: 208
Stærð: 90x90cm
Verð: 89.000,-





BARS Hliðarborð
2 stk í setti
stærð: 50X50XH: 63cm
Verð: 35.000,-

CAPRICE SKENKUR
hvítt háglans - 2 stærðir
Breidd: 150cm - Verð: 159.000,-
Breidd: 200cm - Verð: 199.000,-



Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau: 10.00 - 16.00
Sun: Lokað

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is
S:544 4420

Framúrskarandi fyrirtæki

ekki lífshótandi sjúkdómur, þó hann sé hvimleiður og honum geti fylgt bólgur og auðvitað verkir og hreyfiskerðing. En með þessari lyfjagjöf á að vera hægt ná stjórn á því á einhverjum mánuðum. En ég get alveg búist við því að þurfa að vera á þessum sterku lyfjum í að minnsta kosti eitt og hálft eða tvö ár.“

**Borgarstjóri með staf**

Dagur lýsir áhrifunum af fylgigigtinni fyrst og fremst sem verkjum og því að hann á erfitt um vik að hreyfa sig þegar bólgurnar eru miklar. „Ég er til dæmis farinn að ganga með staf. Það er til þess að geta komist aðeins um. Það er ekki mælt með því að maður sé mikið á ferðinni í bráðafasanum þótt hreyfing sé góð þegar hann er genginn yfir. Þannig að ég stefni að því að fara til vinnu eftir sumarleyfi, þó ég fari sjálfsagt ekki jafn hratt yfir og áður. En það er þá bara nýr veruleiki sem ég þarf að taka inn.“

Dagur er ungur maður, fæddur 1972. Hann segir það hafa verið ákveðið áfall að greinast. „Jú, ég viðurkenni það alveg, ég þurfti að taka þetta svolítið inn og jú, þetta var áfall. Fyrst var maður í hálfgerði afneitun, maður tengir það ekki alveg við sjálfsmyndina að geta ekki sofið fyrir verkjum í bólgnum liðum. En eins og ég segi, þetta er bara nýr veruleiki sem ég þarf að bera virðingu fyrir og taka föstum tökum. Og um leið er auðvitað fullt af fólki sem stendur í bæði mjög erfiðri gigt og fullt af öðrum sjúkdómum, sem eru lífshættulegir í ofanálag. Mér finnst ég vera að skána og trúi á bland af bjartsýni, úthaldi og þolinmæði.“

*Þú talar eins og mjög þægur sjúklingur. Er ekki alltaf sagt að læknar séu erfiðustu sjúklingarnir?*

„Jú. Það er áreiðanlega nokkuð til í því og þar er ég ekki saklaus. Eigum við ekki að segja að ég hafi lært það af iðrasýkingunni í vetur að bera virðingu fyrir veikindum og setja heilsuna í fyrsta sæti,“ segir Dagur og hlær.

***Á hálfum tanki***

Dagur og Samfylkingin mynduðu í síðasta mánuði, líkt og frægt er orðið, meirihluta með Vinstri grænum, Viðreisn og Pírötum. Kosningabaráttan var strembin. Hann segir þó ekki hægt að slá því föstu að álagið sem fylgdi kosningabaráttunni hafi haft nokkuð að segja um veikindin. „Það er bara ómögulegt að segja. Ég var nú kannski á hálfum tanki framan af þessu vori út af sýkingunni sem ég fékk í haust og fór þetta svona óvenju mikið á hnefanum, allavega á meðan ég var að jafna mig. En auðvitað velti ég því fyrir mér svona eftir á hvort álag hafi með þetta að gera. Vísindin slá samt engu föstu um það. Fólk getur einfaldlega fengið fylgigigt í kjölfar sýkinga, jafnvel þótt það sé ekki í brjálaðri kosningabaráttu eða álagi af öðru tagi. En mér fannst ég svo sem sjálfum mér líkur og komst í stuð þarna í baráttunni. En núna er mér sagt að það sé ýmislegt sem bendi til þess að þessar bólgubreytingar hafi verið komnar í gang í vor. En ég skrifaði það bara á alls konar stingi og verki sem maður hefur almennt, út af streitu eða álagi.“

**Ekki til í Sjálfstæðisflokk**

Sjálfstæðisflokkurinn vann kosningasigur í borginni, varð stærsti flokkurinn með 30,8 prósent. Þótt Samfylking hafi komið út úr kosningunum sem næststærsti flokkurinn með 25,9 prósent atkvæða þá missti hann heil sex prósentustig af fylgi milli borgarstjórnarkosninga.

„Já, við náðum metárangri fyrir fjórum árum en getum líka vel við unað eftir þessar kosningar. Framboðin hafa aldrei verið fleiri og það var að mörgu leyti fast að okkur sótt. Sjálfstæðisflokkurinn rétti aðeins úr kútnum miðað við síðustu kosningar en stóra myndin er sú að enginn flokkur, hvorki við né Sjálfstæðisflokkurinn, getur náð meirihluta án samstarfs við aðra. Eftir þessar kosningar var því myndaður meirihluti um málefni, sem er auðvitað það sem öll framboð bera fram í kosningum og hollt að málefni ráði meirihlutamyndun.“



**„Þetta er bara nýr veruleiki sem ég þarf að bera virðingu fyrir og taka föstum tökum.“** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**ÉG VONA AÐ ÞAÐ VERÐI EKKI YFIRSKYGGT AF EINHVERJUM UMRÆÐUÓSIÐUM ÚR ÞINGINU SEM SMITIST YFIR Í SALI BORGARSTJÓRNAR. ÞAÐ HEFUR AÐEINS BORIÐ Á ÞVÍ.**

Dagur var ekki spenntur fyrir því að mynda meirihluta með Sjálfstæðismönnum. „Ég meina, eftir kosningar eru þér gefin einhver spil, og það sem vóg mjög þungt þegar fólk byrjaði að tala saman var að þeir flokkar sem síðan mynduðu meirihluta deila ákveðnum grunnþáttum í framtíðarsýn fyrir borgina sem skipta mjög miklu máli á næstu árum. Eins og varðandi aðalskipulag, borgarlínu og ýmsar ákvarðanir sem þarf að taka. Við erum á svo mikilvægum krossgötum varðandi þróun höfuðborgarsvæðisins hvað varðar samgöngumálin, þéttingu byggðar og svo framvegis,“ útskýrir Dagur. „Það skiptir líka miklu máli að það er úrvalsfólk sem náði kosningu fyrir flokkana sem mynda meirihlutann. Samstarfið við það leggst mjög vel í mig.“

**Stutt milli Eyþórs og Vigdísar**

Dagur segir Sjálfstæðisflokkinn raunar hafa verið merkilega klofinn í afstöðu sinni til lykilmála. „Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn hafa að ýmsu leyti verið andstæðir pólar í borgarpólitíkinni. Við höfum hins vegar átt málefnalega samleið við annan arminn í flokknum í skipulagsmálum, en sá armur sem vill draga borgina í allt aðra átt virðist hafa orðið ofan á í vetur. Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, var til dæmis á móti borgarlínunni í leiðtogaprófkjörinu innan síns flokks, sem er auðvitað eitt af lykilmálum kosninganna, en svo verða menn bara að sjá hvaða sjónarmið verða ofan á hjá flokknum þegar fram líður. Það hefur til dæmis verið mjög stutt á milli Vigdísar Hauksdóttur [oddvita Miðflokks í borginni] og Eyþórs í nánast öllum málum, en ég er ekki viss um að allir í minnihlutanum fylgi þeim í því.“

**Vill ekki ósiði af þingi í Ráðhúsið**

Hann segir einstaklinga í hópnum tala býsna líkt og meirihlutinn þegar svo ber undir. „En hafa reyndar ekki gert það núna á fyrstu metrum nýrrar borgarstjórnar. Fólk er sjálfsagt að finna sinn tón og aðrir að láta í sér heyra. En þegar allt kemur til alls er býsna margt sem allir eiga sameiginlegt þegar kemur að stjórn borgarinnar.

Ég vil trúa því að í grunninn hafi allir metnað til að gera vel. Ég vona að það verði ekki yfirskyggt af einhverjum umræðuósiðum úr þinginu sem smitist yfir í sali borgarstjórnar. Það hefur aðeins borið á því. Ég held að það hafi verið styrkur borgarstjórnarinnar að vera sanngjarn umræðuvettvangur, leiða flest mál til lykta í sátt og út frá heildarhagsmunum borgarinnar. Við höfum ekkert við tilbúinn ágreining, stóryrði og orðagjálfur að gera.“

**Borgin tefji íbúðauppbyggingu**

Mikið hefur verið rætt um húsnæðismálin. Samtök iðnaðarins hafa gagnrýnt hæga málsmeðferð sveitarfélaganna í skipulags- og byggingarmálum og sagt sveitarstjórnir, þar á meðal Reykjavík, beinlínis standa í vegi fyrir íbúðauppbyggingu. Framkvæmdir tefjist og því fylgi kostnaður, aðallega fyrir kaupendur.

Dagur kannast við umræðuna. Hann segir þó að undanfarin ár hafi borgin afkastað gríðarlega í húsnæðismálum. „Við höfum samþykkt fleiri íbúðir og uppbyggingu í nýju skipulagi en nokkru sinni áður í borginni. En það er alveg rétt. Laga- og regluumhverfið er flókið. Það er einnig nánast regla að skipulag er kært. Ef við erum ekki með belti og axlabönd í meðferð málanna þá kemur það ekki bara niður á okkur, heldur líka á þeim sem vilja byggja upp. Við höfum samt séð það að bæði fjármálastofnanir og framkvæmdaaðilar taka sér ekkert síður langan tíma í að klára sín mál. Jafnvel löngu eftir að skipulagsferlar hafa klárast hjá okkur.“

Dagur segir ekki sanngjarnt að skella skuldinni einungis á sveitarstjórnir. „Byggingageirinn og bankastofnanir voru býsna brenndar og kannski eru allir varfærnari en áður. En staðan er sú núna, að það liggja fyrir miklar uppbyggingarheimildir sem hægt er að leggja inn byggingarleyfi fyrir og byggja eftir. Síðustu þrjú ár hafa öll verið metár í úthlutunum lóða og 2018 virðist ætla að slá öll met.“

*Það er samt mikill íbúðaskortur á höfuðborgarsvæðinu. Í kosningabaráttunni 2014 lofaði Samfylkingin mörg þúsund nýjum íbúðum en samt eru aðeins nokkur hundruð fullkláruð. Metúthlutun lóða er væntanlega lítið annað en uppsöfnuð þörf borgarbúa fyrir húsnæði. Eru lóðirnar svo dýrar að það finnst ekki kaupandi eða fjármagn til að klára byggingarnar? Hvað getur borgin gert betur í þessum efnum?*

„Það er heilmikil uppbygging í gangi og mörg mjög mikilvæg verkefni. Ég get nefnt þúsund íbúða verkefni á vegum verkalýðshreyfingarinnar, Bjargs, fyrir lágtekjufólk. Ég vil að þessar íbúðir verði enn fleiri. Stúdentar eru að byggja stærsta stúdentagarð landsins og annað eins að hefjast við Háskólann í Reykjavík. Þetta mun hafa góð áhrif á húsnæðismálin. Eldri borgarar eru að klára íbúðir mjög víða, í Mörkinni, í Mjódd og á Sléttuvegi. Ég vil að við förum strax í næstu verkefni með þessum öflugu uppbyggingaraðilum. Það er þróttur í þessu.“

Hann segir tímafrekt að byggja húsnæði. „Við erum að vinna með aðilum sem eru að sýna samfélagslega ábyrgð, vilja stilla leiguverði í hóf, en síðan bjuggumst við kannski við að markaðurinn kæmi inn með valkosti líka, til dæmis fyrir fyrstu kaupendur. Mér hefur þótt standa ansi mikið á því að byggja litlar og hóflega verðlagðar íbúðir fyrir þennan hóp,“ útskýrir Dagur og segir mikið talað um alls konar sniðugar lausnir. „En maður sér þetta ekki rísa. Við þurfum ekki öll það sama í húsnæðismálum, en við þurfum öll eitthvað.“

**Ætlar ekki í landsmálin**

Hin hliðin á vandanum á húsnæðismarkaðnum, þegar kemur að ungu fólki, fjölskyldum og fólki með lægri tekjur, snýr að ríkinu að mati Dags. „Þar er mjög sérstök mynd sem blasir við. Ríkið fer í leiðréttinguna svokölluðu, sem hleypir upp markaðnum, og með hinni hendinni fer ríkið í að skera niður barna- og vaxtabætur. Það auðvitað dregur saman ráðstöfunartekjur hjá stórum hópi fjölskyldna með börn, sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið og allar athuganir sýna að hafa minnst á milli handanna.

Ég stend á því fastar en fótunum, að töluverður hluti af óánægjunni á vinnumarkaði núna er vegna þess að þrátt fyrir prósentuhækkanir og launahækkanir sem margir hópar hafa verið að fá á undanförnum árum, hefur ríkið verið að grafa undan kjörum sama fólks með hinni hendinni í gegnum niðurskurð vaxta- og barnabóta og gera þessar launahækkanir að engu. Það er í mínum huga lykilatriði að leiðrétta þetta í tengslum við kjarasamninga næsta vetur, ef það á að nást einhver friður á vinnumarkaði. Ríkið þarf að sjá að sér og koma mjög myndarlega inn til móts við þessa hópa.“

*Talandi um landsmálin. Þú ætlar ekkert þangað inn?*

„Nei. Það hefur ekki togað í mig. Borgarmálin eiga hug minn og hjarta. Nýr meirihluti horfir með tilhlökkun til næstu fjögurra ára og það er ekki fararsnið á neinum.“

# Meira svona alla daga






**Sósur sem gera góðan borgara betri**

**349** kr/stk




## Smash Style

**EXTRA STÓRIR**

| 2 x 100 g | 2 x 120 g | 2 x 140 g | 2 x 250 g |
|---|---|---|---|
| **450** kr/pk | **501** kr/pk | **552** kr/pk | **1.039** kr/pk |
| Verð áður 529 | Verð áður 589 | Verð áður 649 | Verð áður 1.299 |




**Urban Accents krydd**

**949** kr/stk

Tilboð gilda út 22. júlí




**Stokes Burger Relish**

Fyrir sælkera borgara

**599** kr/stk



**Snowdonia Black Bomber**

Frábær Cheddar ostur með borgaranum

**639** kr/stk




**Guy Fieri BBQ sósur**

Gerir góðan grillmat betri

verð frá **649** kr/stk




**Brioche hamborgarabrauð**

Bökuð samkvæmt aldargamalli franskri hefð

**189** kr/pk



**SS Eðalbeikon**

Góður borgari þarf eðalbeikon

**379** kr/pk




**Aviko franskar**

Steikar franskar og sætar

verð frá **289** kr/pk

24

**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# *Samrýnd* sveitasystkini

**Þau eru átta systkinin, fædd og uppalin í Mosfellsdalnum þar sem þau riðu berbakt meðfram læknum, kunnu nöfnin á öllum kryddjurtum löngu áður en þær voru seldar í verslunum hér á landi og lærðu að stoppa í sokkana sína sjálf. Frjáls æska og framúrstefnuleg sem þeim þykir ómetanleg.**

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



Það var blíðviðrisdagur þegar blaðamaður mælti sér mót við þrjú systkini í Mosfellsdalnum í liðinni viku. Sjaldséð sólin skein sem var afar kærkomið.

Systkinin áttu frjálsa og framúrstefnulega æsku í Mosfellsdalnum, þau Gerða, Guðrún, Signý, Sigríður, Jón, Arndís og Gísli Jóhannsbörn, en sá elsti, Fróði, er fallinn frá. Þau eru nú fjögur sem búa öll á sama afleggjaranum í dalnum og stunda bræðurnir Jón og Gísli þar garðyrkju; rósa- og túlípanaframleiðslu, sem Fróði gerði einnig á sínum tíma, og svo jarðarberjaræktun.

Þá ræktar Signý sumarblóm á meðan Guðrún er iðin í eldhúsinu en hún var kokkur í eldhúsi Borgarleikhússins um árabil. Gerða er hjúkrunarfræðingur og Sigríður var bóndakona í Eyjafirði en þær eru nú báðar sestar í helgan stein. Arndís, söðlasmiður, tók einnig á móti blaðamanni í versluninni Kirsuberjatrénu, þar sem hún selur vörur sínar en hún hefur unnið með og hannað vörur úr fiskroði í 25 ár.

**Rauða blómkálið of framandi**

Bræðurnir stofnuðu til sveitamarkaðar að Mosskógum í Mosfellsdal fyrir 20 árum ásamt fleirum en þar fæst grænmeti, góðgæti og rósir til sölu og fer sá markaður fram á hverju ári. Vætutíðin hefur þó sett sinn svip á ræktunina í dalnum, sem hefur seinkað uppskeru í ár.

„Við erum að rækta hérna klettasalat, fennel, spínat, skjaldfléttu, ýmsar kryddtegundir og fleira. Þá erum við með rifsber og rabarbara og einnig seljum við tómatplöntur, ef fólk vill," segir Jón með fallega og veglega matjurtagarða fyrir aftan sig.

„En við erum mánuði á eftir út af rigningunni. Nú ættum við samkvæmt venju að vera búin að ná tveimur uppskerum en erum ekki alveg búin að ná þeirri fyrstu enn. Það er bara svoleiðis. En við höldum þriðja markað sumarsins á laugardag (í dag) og það hefur gengið vel síðustu tvö skipti."

Jón segir að kúnnarnir kjósi helst að kaupa grænmeti sem þeir þekki. „Núna erum við að rækta kál sem er ekki enn þá komið í tísku og það er beðja og svartkál. Stundum ræktum við eitthvað sérstaklega fyrir veitingastaði. Það gengur hægt því fólk er gjarnan fast í hefðum og venjum. Fólk vill bara grænkál því það er grænt og krullað. Vill þessa týpu en ekki hina," segir Jón.

Rautt blómkál var prufukeyrt um tíma en þótti aðeins of framandi. Það endaði með því að fjölskyldan þurfti að borða alla uppskeruna sjálf. „Við sögðum að rauða blómkálið væri frá Tsjernóbíl en það virkaði ekki. Fólk tók ekki vel í það," segir Jón og hlær. Félagasamtök sem hafa verið í fjáröflun hafa einnig fengið að vera með á markaðnum með sínar vörur í gegnum tíðina.

> **VIÐ SÖGÐUM AÐ RAUÐA BLÓMKÁLIÐ VÆRI FRÁ TSJERNÓBÍL EN ÞAÐ VIRKAÐI EKKI. FÓLK TÓK EKKI VEL Í ÞAÐ.**

**Ræktar rósir allar ársins hring**

Jón tekur á móti ferðamönnum á tjaldsvæðinu að Mosskógum og geta þeir einnig fengið skjól í teppalögðu garðhúsi þegar kalt er í veðri. „Þar höfum við verið með jógakennslu og alls konar. Ferðamennirnir hafa í sumar fengið að tjalda á pallinum, þar sem markaðurinn fer fram. Það hefur bara verið svo blautt í sumar að það er erfitt að endast lengi í tjaldi," segir Jón.

Gísli tekur undir þetta og segir rigninguna hafa haft mikil áhrif á jarðarberin. Það hefur verið rakt og miklar líkur á því að minnsta kosti helmingur uppskerunnar sé ónýtur.

Rósirnar eru hins vegar í góðum málum. Gísli sýnir blaðamanni inn í gróðurhúsið þar sem rósirnar skarta sínu fegursta.

„Rósirnar er ég að rækta allt árið. En við skiptum reglulega út tegundum, bæði til þess að heilla kúnnann og heilla okkur sjálf svo við verðum ekki leið á þessu. Fyrir rúmum tuttugu árum vorum við fjörutíu að rækta blóm en nú erum við orðin fimm og erum að framleiða jafn mikið og allir hinir gerðu til samans," segir Gísli, sem ræktar einnig túlípana á veturna.

„Þegar maður var ungur fór maður bara og gerði eins og aðrir, fór á vertíð og annað til að ná sér í pening. Svo rak ég rósaræktunina með pabba mínum og Fróða heitnum. Það var í kringum 2000 sem varð ákveðinn vendipunktur. Við bróðir minn ákváðum að það væri of lítið upp úr þessu að hafa til að framfleyta tveimur fjölskyldum. Ég var búinn að taka ákvörðunina og stefndi á sjó þegar bróðir minn veiktist, hann var hjartveikur, og þá keypti ég stöðina af systkinum mínum."

**Handverksfólk í húð og hár**

Mikið er um handverksfólk í fjölskyldunni hvort sem um er að ræða garðyrkju eða list. Foreldrar þeirra voru Jóhann Jónsson garðyrkjumaður og Birta Fróðadóttir Jónsson, húsgagnasmiður og innanhússarkitekt.

Jóhann var fyrstur til að fara til Danmerkur og læra sitt fag. „Þeir voru þarna nokkrir strákar frá nokkrum löndum sem lærðu hjá dönskum manni og giftust svo dætrum hans. Við erum því Hálf-Baunar, eins og maður segir. Foreldrar okkar fluttu hingað stuttu eftir stríð og var þá einhver rómantík og nostalgía í loftinu. Þau ætluðu sér að eiga 13 börn en í staðinn urðum við systkinin átta á 13 árum," segir Jón. „Það var mikið af börnum og mikið af dýrum. Þetta var voðalega frjálst og manni var kennt ýmislegt, að búa til mat, sauma föt og festa tölur. Ég man að einhver sagðist steinhissa þegar ég sat og stoppaði í sokkana mína. Þetta voru þessir tímar, maður fermdist í fötunum af einhverjum öðrum og svona."

Svo fluttu hjónin í Mosfellsdal. Þau voru ákveðnir frumkvöðlar í sínu fagi og voru til dæmis með þeim fyrstu til að rækta salat. Systkinin þekktu allar kryddjurtir áður en þær fengust í búðum og á heimilinu var borið fram brokkolí, blómkál, rósakál og rauðbeður sem er vinsælt í dag en fékkst ekki í neinum verslunum á sínum tíma. „Mamma notaði einnig njólann og arfann, það var allt notað í matinn," segir Guðrún.

Birta vann ekki mikið við sitt fag enda sjaldan dauð stund á stóru heimili. Hún innréttaði hins vegar stóran hluta Gljúfrasteins ásamt Auði Sveinsdóttur.

„Mamma valdi liti og efni og teiknaði púltið hans Halldórs, hillurnar og ýmislegt annað. Það var svona hennar stærsta verkefni hér. Svo var ýmislegt sem hún smíðaði hingað og þangað og tók stundum að sér verkefni," segir Arndís. „Það var alltaf skápur á heimilinu með efnum til að vinna úr, eggjabakkar, pappír og litir fyrir okkur til að skapa. Hún setti renning meðfram öllum ganginum þar sem allir lágu í hrönnum á gólfinu að teikna. Það voru allir alltaf að búa eitthvað til."



**Arndís segir að iðulega hafi verið föndurstundir á heimilinu og skápur fullur af ýmsum efnum til að vinna úr. „Það voru allir alltaf að búa eitthvað til."**

**Hæfilegur samgangur milli systkina**

Danska móðurfjölskylda systkinanna er orðin mjög alþjóðleg en þjóðernin eru nú orðin 16 talsins. Fjölmenningin er skemmtileg sem fjölskyldan hefur nýtt sér og flakkað milli landa og fengið að dvelja hjá ættmennum sínum í gegnum tíðina.

„Systkini hennar mömmu giftust öll útlendingi, hverjum frá sínu landinu. Þegar við svo hittumst svona nánasta fjölskylda þá voru töluð jafnvel þrjú til fjögur tungumál. Þetta er náin fjölskylda og móðurfjölskyldan mín er mjög dugleg við að halda hópinn. Við höfum haldið ættarmót hér á landi, í Frakklandi og í Danmörku og nú stendur til að fara til Kaliforníu árið 2020. Yfirleitt er svona 98 prósent mæting. Það er óvanalegt en mjög skemmtilegt," segir Arndís.

„Það er líka góður samgangur á milli okkar, svona alveg hæfilegur. En við kunnum líka að halda okkur í hæfilegri fjarlægð, það skiptir máli líka," segir Guðrún og hlær.

Jón tekur undir. Eitt sinn hafi hann og Gísli rifist yfir einhverju máli og öskrað vel hvor á annan. „Þetta var hressilegt rifrildi sem einn maður varð vitni að. Hann hins vegar rak upp stór augu þegar hann sá okkur bræðurna korteri seinna sitja saman og drekka kaffi að ræða um allt aðra hluti. Hann og bróðir hans urðu víst ósáttir fyrir tugum ára og hafa ekki átt samtal frá þeim degi. „Þetta hefði aldrei komið fyrir hjá mér!" sagði hann steinhissa. „Við æsið ykkur upp og svo er það bara búið." Það er sorglegt þegar það verða fjölskylduerjur og fólk getur ekki talað saman," segir Jón. Guðrún bætir við að lokum: „Ef eitthvað bjátar á stöndum við alltaf þétt saman."


**Gísli, Jón og Guðrún segja samganginn góðan. Þau hlæja saman og geta rifist án þess að það hafi varanleg áhrif. „Það er sorglegt þegar það verða fjölskylduerjur og fólk getur ekki talað saman," segir Jón.** MYNDIR/FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Framkvæmdin felst í því að stífla Glerá inni í Glerárdalnum og leiða vatnið eftir um sex kílómetra langri niðurgrafinni þrýstipípu að stöðvarhúsi í Réttarhvammi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Glerárvirkjun II í fullan rekstur innan skamms

Glerárvirkjun inn á Glerárdal ofan Akureyrar mun framleiða rafmagn, 3,3 MW, fyrir um fimm þúsund heimili. Virkjunin hefur verið á teikniborðinu í um áratug.

**AKUREYRI** Ný vatnsaflsvirkjun Fallorku í Glerárdal ofan Akureyrar er komin í gagnið og verður keyrð á fullum afköstum að þremur vikum liðnum. Virkjunin mun sjá Akureyringum fyrir rafmagni, alls um fimm þúsund heimilum.

Andri Teitsson, framkvæmdastjóri Fallorku og bæjarfulltrúi L-listans á Akureyri, segir virkjunina vera í ákveðnum tilraunafasa þar sem verið sé að kanna búnað og ganga frá því að hann sé rétt stilltur fyrir full afköst. „Við reiknum með því að reglubundin og full framleiðsla virkjunarinnar fari fram eftir um þrjár vikur. Nú erum við að forrita stýribúnaðinn okkar og ganga frá stillingum á varnarbúnaði og fleiri hlutum.

Framkvæmd við vatnsaflsvirkjunina felst í því að stífla Glerá inni í Glerárdalnum og leiða vatnið eftir um sex kílómetra langri niðurgrafinni þrýstipípu að stöðvarhúsi í Réttarhvammi. Virkjuð fallhæð yrði um 240 metrar og uppsett afl um 3,3 MW. Í tengslum við þetta var ákveðið að friðlýsa hluta dalsins sem fólkvang og því var unnið að því að byggja upp stígakerfi og áningarstaði í dalnum sem auðveldar til muna aðgengi fólks að dalnum og lóninu.

„Á ársgrundvelli eru þetta um fimm þúsund heimili sem við munum útvega rafmagn með þessari stíflu. Einn rafbíll notar álíka mikið rafmagn og eitt heimili og því getum við einnig sagt að við sköffum rafmagn á jafn margar bifreiðar,“ segir Andri. „Nú er aðeins minni háttar frágangur eftir við lónið og í stöðvarhúsinu.“



Virkjunin mun sjá Akureyringum fyrir rafmagni sem duga ætti fimm þúsund heimilum. Stöðvarhúsið í Réttarhvömmum fellur vel inn í umhverfið.



Andri Teitsson, framkvæmdastjóri Fallorku.

Andri segir verkefnið á áætlun og muni borga sig upp samkvæmt forsendum fyrirtækisins. „Við lögðum upp með varfærnar forsendur um að raforkuverð héldist óbreytt að raunvirði og að endingartími búnaðar yrði um þrjátíu ár. Miðað við það sem við höfum gefið okkur þá er allt á áætlun hvað það varðar.“

sveinn@frettabladid.is



Að sögn Andra Teitssonar, framkvæmdastjóra Fallorku, er verkefnið á áætlun og mun borga sig upp samkvæmt forsendum fyrirtækisins.



Glerárdalurinn í öllum sínum skrúða. Ákveðið hefur verið að friðlýsa hluta dalsins sem fólkvang. Aðgengi fólks verður aukið með stígakerfi og fleiru.


GLAMOUR
Komið í allar helstu verslanir
GLAMOUR
Ísland
júlí/ágúst '18
Falin perla í Reykjavík
Innlit á heimili sem er sveit í borg.
„Þegar upp er staðið stendur þú einn"
Mæðgurnar Hanna María, Katla og Saga Sig um mæðgnasambandið, kvennabaráttu og femínisma.
Látum okkur DREYMA um sumar og sól
9 772298 718004
Íslenskt tískutímarit

# Fólk

Helgin

LAUGARDAGUR 21. JÚLÍ 2018



Linda Björg Árnadóttir, lektor í fatahönnun, tók þátt í skemmtilegu myndlistarverki Steingríms Eyfjörð eftir tilviljunarkenndar fund. ➔4



## Möguleg mannkyssaga uppi á Skaga

Ingimar Oddsson, eitt sinn þekktur sem söngvarinn í Jójó, er guðfaðir gufupönksins á Íslandi og rekur nú einu gufupönkmiðstöð landsins á Akranesi. ➔2

Ingimar lítur ekki á fötin sín sem búning þó sumir horfi á eftir honum á götu. „Þetta eru bara fötin mín!“ MYND/ÞÓRSTEINN




ÚTSALAN

Í FULLUM GANGI

ALLAR VÖRUR Á

20-70%

AFSLÆTTI.

habitat TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 |
OPIÐ MÁN-FÖS 10-18 | LAU 11-17 OG SUN 13-17 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@frettabladid.is



**Framhald af forsíðu** ➭



Ingimar Oddsson er guðfaðir gufupönksins á Íslandi og hefur staðið fyrir gufupönkhátíðum um árabil. MYND/ÞÓRSTEINN

Ég kalla þetta ekki búning, ég kalla þetta föt," segir Ingimar þegar blaðamaður spyr hvort hann geti mögulega verið í búningi þegar hann hittir ljósmyndara vegna viðtalsins. „Ólíkt þeim sem stunda hlutverkaleiki þá förum við ekki í karakter eða þykjumst vera einhver önnur heldur aðhyllumst þennan lífsstíl, svolítið eins og að vera pönkari, hippi eða goth," heldur hann áfram og bætir við: „Ég heiti áfram Ingimar þó ég sé með hatt."

En hvað er gufupönk? „Gufupönk eða „steampunk" er viktoríanskur ævintýrastíll, á ensku Victorian Science fiction, veröld sem aldrei varð," segir Ingimar og vísar til orðs sem hefur verið notað til að lýsa gufupönkinu, orðsins retró-fútúrismi. Blaðamaður hváir enn og Ingimar útskýrir: „Það er ekki verið að fara aftur í tímann heldur er verið að velta fyrir sér framtíðarsýn frá lokum nítjándu aldar. Þá sá fólk fyrir sér ýmiss konar tækniframfarir og framtíð sem við erum núna að ímynda okkur hvernig hefði getað verið.

Það er eiginlega hægt að segja að við séum að fara aftur í tímann til að sjá hvernig fólk hélt að heimurinn myndi breytast út frá fagurfræði nítjándu aldar. Þetta er því framtíðarstíll ekki síður en fortíðarstíll og orðið retro-fútúrismi, endurlit til framtíðar."

Orðið steampunk verður til árið 1987 og á þá við um fólk sem klæðir sig upp á og fer í hlutverkaleiki, tölvuleiki eða þess háttar sem tengist Viktoríutímabilinu. Ingimar segir að áhugafólk um gufupönk á heimsvísu sé rúmlega ein og hálf milljón manns. Á Íslandi séu um 200 manns í félaginu en virkir meðlimir séu um sextíu talsins „Fólk tekur þessu misalvarlega, sumir eru mest í að búa til hluti sem gætu hafa orðið til, sumir fara í fötin þegar sá gállinn er á þeim, sumir fara á stefnur þar sem gufupönkarar koma saman og svo eru þeir, eins og ég, sem eru í þessu hversdags."

Hann segir að í Evrópu sé fjöldi kaffihúsa og veitingahúsa sem dragi mið af hönnunarstíl gufupönksins og dragi að sér viðskiptavini sem kunna að meta slíkt og aðra sem kunna að meta skemmtilega hönnun. „Til dæmis eru tveir staðir, veitingastaður og kaffihús, í Búdapest og ég hef farið þangað og rætt við þá sem standa á bak við það og fengið hugmyndir."

Ingimar hefur verið heillaður af gufupönkinu síðan hann heyrði af því fyrst. „Ég kynnist steampönki fyrst 2010 og kom mér upp mínum fyrsta fatnaði um það leyti og þá förum við og tökum myndir við Árbæjarsafn, heima og á fleiri stöðum. Ég var þá persónan Loftskipstjórinn en það eru margar persónur sem hægt er að leika í gufupönkheiminum," segir Ingimar. „En fljótlega hætti ég að leika persónur og í dag er maður bara maður sjálfur í sínum fötum. Ég held að ég eigi engan æfingagalla eða útivistarföt, enga Cintamaniúlpu eða vatteraðan jakka en fleiri en einn og fleiri en tvo harðkúlueða pípuhatta."

Aðspurður hvað hafi dregið hann að gufupönkinu segir Ingimar það hafa verið nokkurs konar sagnfræðiáhugi. „Ég held að ég hafi alltaf verið svolítið hrifinn af möguleikanum á annars konar sögu, svona ef hlutirnir væru ekki eins og þeir hafa þróast hvernig væru þeir þá?" segir hann og bætir við: „Þetta er stundum kallað alternative history, möguleg mannkynssaga. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á nítjándu öldinni og hafði mjög gaman af því að klæða mig í svona föt, hvort sem ég var að koma fram sem tónlistarmaður eða fara í veislur, var þá með gamaldags „kravat" í hnút um hálsinn, frekar en að vera með bindi til dæmis."



Í gufupönksetrinu í Dularfullu búðinni má kaupa ýmsan varning sem ber keim af síðviktoríanska tímabilinu og framtíðarsýn þess. MYND/FINNUR ANDRÉSSON

Ingimar var um tíma forstöðumaður Skrímslasetursins á Bíldudal og setti þar upp stórar gufupönkhátíðir um nokkurra ára skeið. Hann opnaði svo Dularfullu búðina í lok maí í fyrra sem er fyrsta og eina gufupönkmiðstöðin á Íslandi. „Dularfulla búðin er hugsuð sem fjöllistahús þar sem hönnunin tekur mið af gufupönkinu, bæði aðkoman og allt sem tengist," segir Ingimar. „Svo erum við líka að selja vörur, korselett, gleraugu og pípuhatta svo dæmi séu nefnd. Markmiðið var að setja upp vísindaskáldsögusafn sem er enn í vinnslu undir áhrifum viktoríanskra 19. aldar vísindaskáldsagna, Jules Verne, HG Wells og svo framvegis. En svo er Dularfulla búðin líka veitingastaður, tónleikastaður og samkomustaður fyrir venjulegt fólk."

Þótt Ingimar sé fluttur frá Bíldudal er ekki þar með sagt að það verði engin gufupönkhátíð í ár heldur verður hátíðin haldin á Akranesi. „Hátíðin var með stóru sniði á Bíldudal enda tóku bæjarbúar virkan þátt og stofnað var lýðveldið Bíldalía sem stóð í sex daga. Í ár, nánar tiltekið 17.-19. ágúst verður Steam Punk Iceland hátíðin haldin á Akranesi, mest í og í kringum Dularfullu búðina. Hátíðin verður minni í sniðum hérna til að byrja með því við höfum ekki náð að hasla okkur völl en við eigum samt von á svona fimmtíu, sextíu gufupönkurum og svo eru auðvitað allir velkomnir!"

Nánari upplýsingar er að finna á Dularfulla búðin á Facebook.


# Evonia




**Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.**



Fyrir Eftir

**Evonia er hlaðin bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira.** Myndirnar hér til hliðar sýna hversu góðum árangri er hægt að ná með Evonia.

www.birkiaska.is



# Eru flugurnar að éta þig?

**Vinsælasta flugnafælan í USA**

Þriðjungur bandaríkjamanna nota Moustidose reglulega til að forðast bit mý og mítla*

*Samkvæmt heimasíðu EPA
(United States Environmental Protection Agency)



**Moustidose Icardine**
12 klukkustunda virkni.

**Moustidose DEET**
Ómissandi í ferðlög til heitari landa

**Moustidose afterbite krem**
Græðandi krem sem kælir og dregur úr kláða eftir bit.



Ofnæmisprófað og má nota viðkvæma húð.

Hentar bæði fullorðnum og börnum frá 6 mánaða aldri

Sérstaklega hannað til að verjast bitum meindýra á erfiðum svæðum líkt og Asíu, Afríku, Suður Ameríku suður-Evrópu og suðurríki Bandaríkjanna.

Inniheldur Boswella er jurtina sem hefur í gegnum aldirnar verið notað sem bólgu eyðandi efni í lækningum. Má nota fyrir fullorðna og börn á öllum aldri.

Fæst í apótekum um land allt


**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Hefst breytingaskeiðið hjá konum um þrítugt?

## Femarelle rejuvenate við fyrstu einkennum breytingaskeiðs er náttúruleg lausn og er virkni staðfest með klínískum rannsóknum. Rannsóknir sýna að það vinnur einnig gegn beinþynningu og hefur góð áhrif á geðið.

Breytingaskeiðið er eitthvað sem engin kona sleppur við. Einkennin geta verið afar mismunandi og þó svo að sumar konur sleppi nokkuð vel og finni lítið fyrir breytingunum eru samt ákveðin einkenni sem margar hverjar finna fyrir þó að það sé í mismiklum mæli.




### Hvað er breytingaskeið?

Breytingaskeiðið hefst þegar eggjastokkar konunnar draga úr framleiðslu á kvenhormónum og að lokum hætta. Þetta hefst oftast þegar konur eru á bilinu 45-52 ára en þó eru mörg dæmi þess að þetta ferli byrji fyrr og jafnvel síðar. Á þessu skeiði kemst ójafnvægi á hormónana sem getur lýst sér á margvíslegan máta en þetta eru einkenni eins og:

- Fyrirtíðaspenna
- Óreglulegar blæðingar
- Hitakóf & nætursviti
- Svefntruflanir
- Skapsveiflur
- Þurr húð og minni teygjanleiki
- Minni orka, þreyta og slen
- Pirringur
- Aukinn hjartsláttur
- Höfuðverkur
- Minni kynlöngun
- Kvíði og sorgartilfinning

### Fyrstu einkenni

Þekkt er að konur alveg niður að þrítugu finni fyrir einhverjum einkennum sem talin eru upp hér og líklegt má teljast að það tengist hormónastarfseminni. Þetta getur byrjað að gerast mörgum árum áður en eiginlegt breytingaskeið hefst en það er orðið sífellt algengara að konur þjáist á einhvern hátt vegna ójafnvægis í hormónaframleiðslu. Heilbrigt líferni getur spilað stórt hlutverk í að draga úr einkennum en oftar en ekki þarf meira til.

**» Prófessor Andrea Genazzani, forseti Evrópuráðs í kvensjúkdómafræðum mælir með Femarelle sem fyrstu meðferð við einkennum breytingaskeiðs en það hefur færst gríðalega í aukana að konum sé bent á náttúrulegar leiðir frekar en að taka inn hormóna.**



Fjölmargir kvensjúkdómalæknar mæla með Femarelle sem fyrstu meðferð við tíðahvörf en að baki Femarelle línunnar liggja fjölmargar klínískar rannsóknir sem tryggja virkni og auka líkur á betri lífsgæðum.

### Hitaköstin hurfu

Þórunn Elva Magnúsdóttir er 46 ára gömul og hefur notað Femarelle rejuvenate í á annað ár núna og finnur mikinn mun: „Í byrjun árs 2017 fór ég að finna fyrir hitaköstum bæði á daginn og einnig á nóttunni sem var mjög skrítið því mér var venjulega alltaf svo kalt. Þetta ágerðist svo meira þegar leið á sumarið og ég fór að spá í því hvað væri í gangi. Ég las um Femarelle rejuvenate sem konur á mínum aldri væru að taka með góðum árangri og ákvað að prófa. Ég fann mikinn mun strax, eða eftir u.þ.b. þrjár vikur, og líður mikið betur. Ég hef tekið Femarelle núna í eitt ár og stendur ekki til að hætta að taka það svo ég get hiklaust mælt með því.

### Femarelle rejuvenate

Fjölmargir kvensjúkdómalæknar mæla með Femarelle sem fyrstu meðferð við tíðahvörf en að baki Femarelle línunni liggja fjölmargar klínískar rannsóknir sem sýna virkni og auknar líkur á betri lífsgæðum. Beinþéttni fer minnkandi um svipað leyti og hormónabreytingar hefjast og getur inntaka á Femarelle rejuvenate verið ágætis forvörn gegn einkennum breytingaskeiðsins ásamt því að minnka verulega líkur á beinþynningu. Auk DT56a sem slær á einkennin inniheldur Femarelle einnig hörfræ sem stuðla að meira hormónajafnvægi, B2- og B7-vítamín fyrir eðlileg efnaskipti, aukna orku og viðhald húðar, slímhúðar og hárs.

**” Ég las um Femarelle rejuvenate sem konur á mínum aldri væru að taka með góðum árangri og ákvað að prófa. Ég fann mikinn mun strax eða eftir u.þ.b. þrjár vikur og líður mikið betur.**

Þórunn Elva Magnúsdóttir



# Færri salernisferðir og betri nætursvefn

## Brizo™ er fæðubótarefni sem er sérhannað fyrir karlmenn sem þjást af einkennum góðkynja stækkunar á blöðruhálskirtli og getur veitt skjóta lausn við óþægilegum einkennum við þvaglát.

Þegar karlmenn eldast breytist hormónamagnið í líkamanum sem getur valdið því að blöðruhálskirtillinn stækkar lítillega og fer að valda vandamálum við þvaglát. Það getur verið:

- Lítil eða slöpp þvagbuna
- Tíð þvaglát
- Næturþvaglát
- Skyndileg þvaglátaþörf
- Erfitt að hefja þvaglát
- Þvagleki eða erfitt að stöðva þvaglát
- Þörf fyrir þvaglát skömmu eftir síðasta þvaglát
- Sviði eða sársauki við þvaglát

### Brizo breytti allri líðan

Skúli Sigurðsson ber Brizo vel söguna en hann segir jafnframt að hann hafi mikla trú á náttúrulegum lausnum sem í mörgum tilfellum geta komið í staðinn fyrir lyf og þá án aukaverkana: „Ég var farinn að finna fyrir því að þurfa oft að kasta af mér þvagi og náði ekki að tæma blöðruna í hvert sinn. Ég vildi forðast að nota lyf og leist betur á að prófa eitthvað óhefðbundið og náttúrulegt. Mér bauðst að prófa Brizo og fann fljótt að mér leið betur. Áhrifin eru minni þrýstingur á blöðruna og þvagrásina. Ég er mjög ánægður með árangurinn og það, hvernig mér líður af notkun þess.“

### Aukin vellíðan

Brizo er framleitt á einstakan hátt þar sem virka efnið SC012 er unnið úr gerjuðu soja. Rannsóknir hafa sýnt að verulega dró úr þeim einkennum sem áður voru talin upp við inntöku á Brizo í þrjá mánuði. Eitt hylki kvölds og morgna þarf til að Brizo beri tilætlaðan árangur.

Sölustaðir: apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.




Brizo getur hjálpað karlmönnum sem þjást af einkennum góðkynja stækkunar á blöðruhálskirtli.



Skúli Sigurðsson hefur góða reynslu af Brizo og getur mælt með því.

# Ævintýrið byrjaði á kaffihúsi

Haustið 1990 settist Linda Björg Árnadóttir, lektor í fatahönnun, inn á kaffihús þar sem hún hitti tvo ókunnuga menn. Þeir báðu hana um að taka þátt í myndlistarverki Steingríms Eyfjörð myndlistarmanns og 27 árum síðar urðu myndverk til sem afleiðing þessa tilviljunarkennda fundar.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Innan veggja heimilisins heldur Linda Björg Árnadóttir, lektor í fatahönnun við Listaháskóla Íslands, mest upp á tvö myndlistarverk eftir Steingrím Eyfjörð sem hanga uppi á vegg í stigaganginum. Verkin eiga sér nokkuð skemmtilega og persónulega sögu að sögn Lindu. „Haustið 1990 var ég á fyrsta ári í Myndlista- og handíðaskólanum (MHÍ) og vann með skólanum nokkur kvöld í viku í Ísbúð Vesturbæjar á Hagamel. Einn daginn var ég á leið þangað gangandi en ákvað að drepa tímann og fá mér kaffi því ég átti ekki að mæta alveg strax í vinnu.“

## Óvæntur fundur

Á kaffihúsinu sátu á næsta borði tveir ókunnugir menn sem gáfu sig á tal við hana. „Þeir spurðu mig hvort ég vildi vera samstarfsaðili í myndlistarverki Steingríms Eyfjörð, en hann var annar þeirra, og safna myndum af kvenofurhetjum sem síðan ætti að sýna sem myndlist. Ég átti einhvern veginn að setja mig í spor ofurhetju og auk þess að safna myndum og hugmyndum um hina kvenlegu ofurhetju. Þeir voru einnig með plön um að gera búning á mig, dáleiða mig og eitthvað fleira. Maðurinn sem var með Steingrími dró upp ávísanahefti og skrifaði ávísun upp á 10.000 kr. og lét mig fá hana upp í kostnað fyrir kaupum á efni, ljósritun og fleiru.“



„Ég átti einhvern veginn að setja mig í spor ofurhetju og auk þess að safna myndum og hugmyndum um hina kvenlegu ofurhetju. Þeir voru einnig með plön um að gera búning á mig, dáleiða mig og eitthvað fleira,“ segir Linda Björg Árnadóttir, lektor í fatahönnun við Listaháskóla Íslands. MYNDIR/ANTON BRINK

## Framandi lífsreynsla

Hún segir þetta hafa verið mjög framandi lífsreynslu. „Þó að ég hafi verið á fyrsta ári í MHÍ þá var ég ekki alin upp við listir og 10.000 kr. á þessum tíma voru eins og 100.000 kr. í dag auk þess sem þetta voru algerlega bláókunnugir menn sem réttu mér ávísunina.“

Hún tók þó við henni og símanúmeri Steingríms og tók að sér verkefnið. „Ég byrjaði á því að fara í bókabúðir að skoða blöð um ofurhetjur og safnaði þeim saman. Þetta var fyrir tíma gsm-síma og með tímanum missti ég samband við Steingrím og verkefnið fjaraði út.“

## Hittust aftur

Árið 1997 hittust Linda og Steingrímur aftur fyrir tilviljun en þá hafði hún búið í París í tvö ár og kom heim um sumarið til þess að vinna. „Hann vildi endilega halda verkefninu áfram og hittumst við nokkrum sinnum vegna þess þetta sumarið. Um haustið fór ég aftur til Parísar og við misstum sambandið aftur. Snemma árs 2017 opnar síðan Steingrímur sýningu í Hafnarborg þar sem að hann hafði meðal annars notað úrklippurnar mínar í verk sem hann kallar Ofurhetjan.

Ég á núna tvær af þessum myndum og þykir vænt um þær og þessa ótrúlegu sögu á bak við verkin en 27 árum eftir að ég hitti tvo ókunnuga menn á kaffihúsi urðu til myndverk sem afleiðing þessa tilviljunarkennda fundar.“



Myndlistarverkin tvö eftir Steingrím Eyfjörð hanga uppi í stigaganginum heima hjá Lindu.



SA SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SI Samtök iðnaðarins

*Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs með sex aðildarsamtökum sem byggja á ólíkum atvinnugreinum. Yfir 2.000 fyrirtæki í fjölbreyttum geirum eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins, allt frá sjálfstætt starfandi frumkvöðlum til stærstu fyrirtækja landsins.*

*Innan Samtaka iðnaðarins eru 1.400 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda um allt land.*

***Nánari upplýsingar um Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins er að finna á: www.sa.is og www.si.is***

## Verkefnastjóri þjónustusíðu SA og SI

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins óska eftir að ráða verkefnastjóra til að annast uppbyggingu á og hafa umsjón með nýjum þjónustusíðum („Mínar síður“) á vefjum samtakanna. Þjónustusíðunum er ætlað að þjónusta félagsmenn samtakanna, veita þeim upplýsingar um þá sjálfa, verkefni sem þeir tengjast og möguleika á þjónustubeiðnum og öðrum samskiptum.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Tengiliður inn á við sem og út á við varðandi öflun upplýsinga og skráningu þeirra í þjónustusíðu
- Greining, skipulag og viðhald upplýsinga í þjónustusíðu
- Byggja upp og kynna þjónustusíðuna fyrir félagsmönnum og starfsmönnum samtakanna
- Utanumhald með uppbyggingunni og umsjón með upplýsingaöflun og miðlun í samstarfi við samstarfsmenn og hugbúnaðarsérfræðinga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Þekking, reynsla og menntun sem nýtist í starfi
- Vandvirk og fagleg vinnubrögð
- Frumkvæði til framkvæmda
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni

*Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 10. ágúst 2018 Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



# FORSTÖÐUMAÐUR ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR

Origo leitar að framsýnum einstaklingi til að leiða og móta Þjónustumiðstöð Origo. Leitað er að einstaklingi með metnað og mikla leiðtogahæfni til að efla umbótastarf, straumlínulaga ferli og auka sjálfvirkni í allri starfsemi miðstöðvarinnar með þarfir viðskiptavina að leiðarljósi.

**HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:**

- Þátttaka í að móta og þróa nýtt hlutverk Þjónustumiðstöðvar Origo
- Daglegur rekstur, skipulagning og yfirumsjón
- Ábyrgð á starfsmannamálum
- Þróa nýjungar og vinna að endurbótum í starfsemi Origo
- Endurskoða, móta og innleiða nýja verkferla
- Þátttaka í áætlanagerð
- Stuðla að góðri vinnustaðamenningu og samstarfi þvert á deildir í fyrirtækinu

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem á sviði verkfræði, viðskipta eða tækni
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Þekking og reynsla af umbótavinnu, straumlínustjórnun og stefnumótun
- Frumkvæði, fagmennska og mikill metnaður til að ná árangri
- Leiðtogahæfni, þjónustulund og lausnamiðuð hugsun
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

**ÖNNUR LAUS STÖRF:**

- Liðstjóri í þjónustu
- Tæknimaður á verkstæði
- Þjónustufulltrúi
- Lagerstarfsmaður
- Kerfisstjóri
- Söluráðgjafi í verslun

Hjá Origo starfar öflugur hópur fólks sem nýtir hugvit sitt til að efla árangur, hagsæld og öryggi viðskiptavina. **Gildi Origo eru: þjónustuframsýn, samsterk og fagdjörf.**

**Sótt er um störfin á vef Origo og hvetjum við jafnt konur sem karla að sækja um.**

**Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst 2018.** Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað. Nánari upplýsingar veita sérfræðingar á mannauðssviði: **mannaudur@origo.is**

Origo er framsækið þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni sem varð til við sameiningu Nýherja, Applicon og TM Software. Hjá Origo starfa hátt í 450 sérfræðingar sem nýta hugvit sitt til að efla árangur, hagsæld og öryggi viðskiptavina.

.origo.

S4S LEITAR AÐ

# ÖFLUGUM VERSLUNARSTJÓRA Í SKÓR.IS NETVERSLUN

**ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?** VIÐ LEITUM AÐ FÓLKI Á ÖLLUM ALDRI TIL AÐ VERA PARTUR AF FJÖRUGRI OG ÖFLUGRI LIÐSHEILD HJÁ FLOTTU FYRIRTÆKI.

**Starfssvið**
- Yfirumsjón með daglegum rekstri netverslunar
- Starfsmannahald
- Umsjón með myndatöku og ljósmyndavinnu á vörum fyrir netverslun
- Vinna í Navision, DynamicWeb vefumsjónarkerfi, Siteimprove, Facebook og Instagram
- Markaðsmál fyrir netverslun
- Gerð fréttabréfa og dreifing á póstlista (email marketing)
- Facebook síða – utanumhald
- Instagram síða – utanumhald
- Tölfræði fyrir vefverslanir

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Mjög góð tölvufærni er skilyrði
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum er skilyrði
- Reynsla af Navision, DynamicWeb eða sambærilegum vefumsjónarkerfum, Photoshop, Office og Siteimprove
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Áhugi á tísku er mikill kostur
- Gott auga fyrir smáatriðum
- Leiðtogahæfileikar

Umsóknafrestur er til og með **25. júlí** n.k.
Umsóknir og ferilskrá ásamt kynningarbréfi sendist á **hermann@s4s.is** merkt netverslun.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016 · VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017 · VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2018

S4S hefur verið í topp 5 yfir fyrirmyndarfyrirtæki hjá VR síðustu 3 ár í flokki stærra fyrirtækja.

S4S

# STARFSMAÐUR ÓSKAST Á MÓTORHJÓLAVERKSTÆÐI SUZUKI

**Leitum að vinnusömum, jákvæðum og metnaðarfullum einstakling á Mótorhjólaverkstæði Suzuki.**

**Hæfniskröfur:**
Almennur áhugi og þekking á mótorhjólum, utanborðsmótorum og fjórhjólum eða reynsla sem nýtist í starfi.

Um er að ræða fullt starf og óskað er eftir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá fyrir 31. júlí á netfangið gylfi@suzuki.is.**

Suzuki Þjónustan • Skeifunni 17
108 Reykjavík • 568 5100

SUZUKI

PIER

## Við óskum eftir kraftmiklum sölumanni í fullt starf í verslun okkar Smáratorgi.

**Hæfniskröfur:**

- Samviskusemi, jákvæðni og metnaður
- Stundvísi
- Reynsla af sölustörfum skilyrði
- Frumkvæði í starfi
- Geta hafið störf sem fyrst

Vinsamlega sendið umsóknir með ferilskrá og kynningarbréfi á: hulda.ingvarsdottir@pier.is




# SKRÁÐU NAFN ÞITT Á SPJALD SÖGUNNAR

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að leggja sig allan fram í starfi. Viðkomandi verður að hafa ríka þjónustulund, vera útsjónarsamur, heiðarlegur, hafa gott auga fyrir gæðum og vera tilbúinn til að taka þetta auka skref sem þarf til að gera gestinn ánægðan.

Á Radisson BLU Hótel Sögu störfum við eftir alþjóðlegum stöðlum virtrar hótelkeðju. Við erum sterk liðsheild sem setjum metnað okkar í fagleg vinnubrögð.

## Tæknimaður

**Starfssvið:**
- Umsjón með tölvukerfum
- Tækniaðstoð í ráðstefnudeild, þekking á hljóði og mynd
- Þjónusta við notendur
- Samskipti við þjónustuaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Þekking, reynsla og menntun við hæfi
- Framúrskarandi þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hópi

Nánari upplýsingar veitir Ingunn Einarsdóttir, fjármálastjóri, í síma 525 9802. **Umsóknarfrestur er til 1. ágúst 2018** og eru umsækjendur beðnir að senda umsókn á netfangið: anna.jonsdottir@radissonblu.com.

Radisson BLU
SAGA HOTEL, REYKJAVIK

Radisson BLU Saga Hotel • Hagatorg • 107 Reykjavík • Ísland

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Starfsmenn á tómstundaheimili

**Hofsstaðaskóli**
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi

**Leikskólinn Akrar**
- Leikskólakennarar - 50% og 100% staða
- Leikskólasérkennari

**Leikskólinn Bæjarból**
- Deildarstjóri
- Starfsmaður í eldhús

**Leikskólinn Holtakot**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari
- Starfsmaður í eldhús

**Íþróttamiðstöð Garðabæjar**
- Störf í íþróttamiðstöðinni Ásgarði
- Starf í íþróttamiðstöðinni Breiðumýri á Álftanesi
- Störf í íþróttamiðstöðinni Mýrinni

**Fjölskyldusvið**
- Starfsmaður á heimili ungrar fatlaðrar konu

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

# Sérfræðingur í kvörðunum

CORIPHARMA

Tæknideild er hluti af framleiðslueiningu Coripharma ehf. og sér um viðhald, kvarðanir, gildingar og eftirlit með tækjabúnaði í verksmiðju og rannsóknarstofu fyrirtækisins, sem staðsett er í Hafnarfirði. Sérfræðingur í kvörðunum sinnir margþættum störfum sem eiga að tryggja að allar kvarðanir tækja / kerfa í eigu Coripharma ehf. standist þær gæðakröfur sem fyrirtækið hefur sett sér.

Umsóknarfrestur
**29. júlí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6925**

Helstu verkefni:
- Kvarðanir á framleiðslutækjum, tækjum á rannsóknarstofum og kerfum.
- Umsjón með kvörðunum á kvörðunarbúnaði.
- Yfirlestur og samþykki á staðfestingarskjölum.
- Útgáfa og viðhald skriflegra leiðbeininga.
- Skráning á verkum í tækjagrunn og skjölum í skjalagrunn.

Við leitum að einstaklingi
- með tækni- eða raungreinamenntun.
- með reynslu af gæðakerfum (kostur).
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum.
- sem tileinkar sér nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð.
- með góða ensku- og tölvukunnáttu.

Coripharma er nýtt íslenskt lyfjafyrirtæki sem nýlega keypti verksmiðju Actavis í Hafnarfirði þar sem framleidd eru lyf fyrir alþjóðamarkaði.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Embætti landlæknis

# Sviðsstjóri rekstrar og þjónustu

Embætti landlæknis
Directorate of Health

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða sviðsstjóra rekstrar og þjónustu. Sviðið ber ábyrgð á öllum innri rekstri embættisins, svo sem starfsmannahaldi, fjársýslu, skjalavörslu, öryggismálum, húsnæðismálum, móttöku og símavörslu ásamt útgáfu og miðlun efnis. Sviðsstjóri situr í framkvæmdastjórn embættisins og heyrir beint undir landlækni.
Leitað er að einstaklingi sem hefur stjórnunarhæfileika og metnað til að skapa og þróa framsækið vinnuumhverfi.
Starfið felur í sér fjölbreyttar áskoranir til að ná þeim markmiðum sem embættið hefur sett sér.

Umsóknarfrestur
**13. ágúst**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6937**

Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með stjórnun og rekstri sviðsins sem felur m.a. í sér:
- Mannauðsmál.
- Fjármálastjórnun, reikningshald, áætlanagerð og fjárhagslegt eftirlit.
- Stefnumótun.
- Skjalavistun, móttöku erinda, síma- og móttökuþjónustu.
- Útgáfu- og kynningarmál.
- Húsnæðismál.
- Önnur verkefni að beiðni landlæknis.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla/menntun á sviði mannauðsmála er nauðsynleg.
- Reynsla/þekking af rekstrar- og fjármálastjórnun er nauðsynleg.
- Reynsla/menntun á sviði stjórnunar eða stjórnsýslu er mikill kostur.
- Þekking á sviði skjalastjórnunar er kostur.
- Góð tölvukunnátta, góð kunnátta í íslensku og ensku, gjarnan vald á einu Norðurlandamáli.
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Embætti landlæknis sinnir fjölmörgum lögbundnum verkefnum sbr. lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Frekari upplýsingar um embættið er að finna á heimasíðu þess landlaeknir.is.

Laun eru skv. kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef svo ber undir. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur ástæða umsóknar, rökstuðningur fyrir hæfi og sýn á starfið. Embættið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Frekari upplýsingar um starfið gefur Alma D. Möller landlæknir, í gegnum netfangið halldorav@landlaeknir.is eða síma 510 1900.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

capacent

www.capacent.is

# Rafvirki-tæknimaður

## Smith & Norland vill ráða tæknimann til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.

Starfið felur í sér viðgerðir og þjónustu á heimilistækjum og öðrum rafbúnaði, afgreiðslu varahluta, símsvörun og ýmis önnur störf á þjónustuverkstæði okkar.

Leitað er að röskum og sjálfstæðum einstaklingi, rafvirkja eða aðila með **sambærilega menntun**, sem vill takast á við áhugavert starf og hefur mikinn áhuga á þjónustu og mannlegum samskiptum.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki á rafmagnssviði.

**Áhugasamir sendi umsókn á halldorh@sminor.is eða skili slíkri á skrifstofu fyrirtækisins með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf fyrir 3. ágúst.**

**Umsóknareyðublöð** má nálgast á heimasíðu okkar, **sminor.is**, (undir flipanum UM OKKUR).

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem algjört trúnaðarmál.




Framúrskarandi fyrirtæki

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# CARA SNYRTISTOFA

**Óskum eftir að ráða snyrtifræðing í 100% starf.**
Opnunartími er 08-16 og til 18 á miðvikudögum.
Áhugasamir sendið mail á cara@cara.is
Cara Snyrtistofa - Bæjarlind 1-3 - 201 Kópavogur

## Verkefnastjóri hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands

FRÍ

Vegna aukinna umsvifa leitar Frjálsíþróttasamband Íslands nú að verkefnastjóra á skrifstofu FRÍ. Rétt eins og í frjálsum eru áskoranirnar margbreytilegar og geta reynt á snerpu, kraft og úthald. Við leitum að manneskju sem hefur áhuga á að bæta starfið í frjálsíþróttum, hefur menntun og/eða viðeigandi reynslu á sviði íþróttamála eða kennslustarfa, 20 ára og eldri.

**Hvað þarft þú að hafa til að bera?**
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Reynslu af stjórnun verkefna og viðburða
- Drifkraft til að stýra verkefnum á eigin spýtur
- Áhuga á hlaupum og öðrum frjálsíþróttum
- Færni í ritun og samskiptum

Verkefnastjóri vinnur náið með framkvæmdastjóra og stjórn FRÍ auk þess að vera í sambandi við aðildarfélög sambandsins um land allt. Upphaf starfs er sem fyrst eða skv. nánara samkomulagi.

**Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið fri@fri.is í síðasta lagi mánudaginn 30. júlí. Nánari upplýsingar veittar í gegnum sama netfang.**

## MATREIÐSLUMAÐUR Í MÖTUNEYTI

# Ertu nærandi?

Við leitum að jákvæðum einstaklingi í mötuneyti okkar sem hefur ánægju af því að gefa svöngu fólki hollan og góðan mat að borða. Fjölbreytt og spennandi starf í líflegu umhverfi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Matreiðsla á hádegisverði
- Yfirumsjón með morgun- og síðdegiskaffi
- Umsjón með mat- og veisluföngum fyrir fundi og uppákomur

**Hæfniskröfur**
- Sveinspróf í matreiðslu eða mikil reynsla af sambærilegu
- Áhugi á heilsueflandi matargerð
- Snyrtimennska áskilin
- Góð framkoma og lipurð í samskiptum

Mötuneyti ÁTVR er staðsett í Stuðlahálsi 2.

Starfshlutfall er 100%. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. ágúst nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veitir:** Guðrún Símonardóttir – starf@vinbudin.is, 560 7700

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016 · Fyrirmyndar stofnun 2017 · VÍNBÚÐIN

## VERKEFNASTJÓRI HJÁ HEIMILI OG SKÓLA

Heimili og skóli – landssamtök foreldra auglýsa eftir starfsmanni í stöðu verkefnastjóra. Um er að ræða ráðningu til eins árs í 100% starf með möguleika á framlengingu.

**Verkefnastjóri sinnir m.a. eftirfarandi verkþáttum:**
- Fyrirlestrum og fræðslu á vegum Heimilis og skóla og SAFT - Samfélag, fjölskylda og tækni (sjá meira á heimiliogskoli.is og saft.is)
- Símsvörun og ráðgjöf
- Þáttöku í samstarfshópum um forvarnir
- Umsjón og skrifum á heimasíðu og samfélagsmiðla
- Greinaskrifum og auglýsingaöflun fyrir tímarit samtakanna
- Umsjón með ungmennaráði SAFT
- Almennum skrifstofustörfum ásamt tilfallandi verkefnum

**Helstu eiginleikar sem umsækjendur þurfa að hafa til að bera eru:**
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Ábyrgðarkennd og áreiðanleiki
- Sveigjanleiki

Við óskum eftir umsækjendum með háskólamenntun og reynslu af skóla- og uppeldismálum.

Áhugasamir hafi vinsamlega samband fyrir **1. ágúst 2018** með því að senda umsóknarbréf og ferilskrá á framkvæmdastjóra samtakanna, Hrefnu Sigurjónsdóttur, hrefna@heimiliogskoli.is .

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Sólar Gluggatjöld

## SÖLUFULLTRÚI
## 30 ára og eldri

**Helstu verksvið:**
- Sölumennska og tilboðsgerð.
- Ráðgjöf til viðskiptavina.
- Að halda verslun snyrtilegri m.a. með framsetningu vara.

**Hæfniskröfur:**
- Góðir söluhæfileikar og útgeislun.
- Þekking á saumaskap er kostur.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Almenn tölvuþekking.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Áhugi á innanhússhönnun.
- Heiðarleiki, stundvísi og helgun að starfi.

**Um er að ræða 100% starf.**

**Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar sendast á: hjortur@solar.is fyrir 1/8 n.k.**

HÓPBÍLAR

Melabraut 18 - 220 Hafnarfirði - Sími 599-6000

## Ert þú í leit að framtíðarstarfi?

**Við hjá Hópbílum óskum eftir að ráða bifreiðarstjóra í líflegan og fjölbreyttan akstur hjá ferðaþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra á höfuðborgarsvæðinu**

**Starfshlutfall:** Fullt starf
**Dagsetning ráðningar**: Sem fyrst
**Hæfniskröfur:** Rúturéttindi (ökuréttindaflokkur D eða D1).

Íslenskukunnátta skilyrði. Rík þjónustulund og góð mannleg samskipti. Hreint sakavottorð.

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um

***Hægt er að senda inn umsóknir á hopbilar@hopbilar.is eða hafa samband við Ottó Sverrisson í síma 599 6082.***

PARTÝBÚÐIN

## Við leitum að starfsmanni í fullt starf (ekki sumarstarf) sem:

- er með góða þjónustulund.
- hefur náð 18 ára aldri.
- er duglegur og drífandi.
- er reyklaus.
- talar góða íslensku.

Í starfinu felst m.a. afgreiðsla í versluninni og áfylling á vörur. Vinnutíminn er ýmist frá 10-18 eða frá 10:30-18:30 alla virka daga (skiptist á milli vikna) og annan hvern laugardag (eða eftir samkomulagi).

Ef þú hefur áhuga sendu okkur endilega umsókn ásamt ferilskrá á tölvupóstfangið hallaalberts@gmail.com.

GEFA VERÐUR UPP NAFN OG SÍMANR HJÁ MEÐMÆLANDA. Viðkomandi þarf að getað byrjað að vinna eigi síðar en 1. ágúst/1. sept.

**Frekari upplýsingar eru gefnar í gegnum tölvupóstfangið hallaalberts@gmail.com**

SINDRI

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017

Fyrirmyndarfyrirtæki VR 8 ár í röð




# PASSAR ÞÚ Í HÓPINN?

## SINDRI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA STARFSMANN Í HAFNARFIRÐI

Sindri óskar eftir að ráða starfsmann til að sinna afgreiðslu og lagerstarfi. Leitað er að röskum einstaklingi með ríka þjónustulund. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi.







## STARFSMAÐUR Í HAFNARFIRÐI

**Hæfniskröfur**
- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Reynsla er kostur
- Stundvísi og heiðarleiki

**Starfslýsing**
- Afgreiðsla
- Vörumóttaka og frágangur
- Tiltekt á pöntunum
- Önnur tilfallandi störf

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.**
Upplýsingar veitir Þórður í síma 575 0000 eða thk@sindri.is
**Umsóknum skal skilað fyrir 27. júlí nk.**

**Sindri** er verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði byggingalausna, festingarvara, véla, verkfæra og vinnufatnaðar. Fyrirtækið var stofnað árið 1933 og er hluti af **Johan Rönning hf.** Hjá félaginu starfa rúmlega 120 starfsmenn í Reykjavík, Kópavogi, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Selfossi, Grundartanga og á Akureyri. Johan Rönning hefur 8 ár í röð verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR og hlotið nafnbótina Fyrirtæki ársins síðastliðin 6 ár.

**Reykjavík** Skútuvogur 1 Sími 575 0000
**Reykjavík** Viðarhöfði 6 Sími 575 0060
**Kópavogur** Smiðjuvegur 1 Sími 567 6000
**Hafnarfjörður** Bæjarhraun 12 Sími 575 0040

## Starf sérkennsluráðgjafa leikskóla

Vestmannaeyjabær óskar eftir að ráða sérkennsluráðgjafa leikskóla í 90% starf.
Sérkennsluráðgjafi vinnur að stuðningi og ráðgjöf við foreldra, kennara og starfsfólk leikskóla vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning eða sérfræðiaðstoð. Hann er starfsmaður skólaþjónustu fjölskyldu- og og fræðslusviðs og starfar í samstarfi við fræðslufulltrúa og stjórnendur leikskóla.

**Helstu verkefni:**
- Annast faglega ráðgjöf og stuðning við foreldra, kennara og starfsfólk vegna barna er njóta sérfræðiaðstoðar eða stuðnings
- Mótar sérkennsluáætlanir, ráðleggur starfsfólki leikskóla um kennslufræðilegar útfærslur og sinnir sérkennslu eftir atvikum
- Þátttaka í teymisfundum barna með sérþarfir, ráðgjöf til kennara og foreldra
- Fylgist með og miðlar nýjungum varðandi málefni barna sem þurfa á sérfræðiaðstoð og stuðningi að halda
- Þátttaka í mótun fræðslu fyrir starfsfólk leikskóla á sínu sviði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun og kennslureynsla á leikskólastigi
- Framhaldsmenntun á sviði sérkennslufræða
- Samskipta- og samstarfshæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Skipulögð vinnubrögð og faglegur metnaður
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Staðan er laus frá og með 16. ágúst 2018. Umsókn sendist á drifagunn@vestmannaeyjar.is eða jonp@vestmannaeyjar.is merkt „Sérkennsluráðgjafi leikskóla". Ekki er sótt um á sérstökum eyðublöðum en umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari auk annarra gagna er málið varðar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og KÍ.
**Umsóknarfrestur er til og með 9. ágúst 2018.**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Drífa Gunnarsdóttir fræðslufulltrúi í síma 488-2012 eða Jón Pétursson framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs í síma 488-2000

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sundlaugarvörður/sérh. starfsm. | Landspítali, Grensás | Reykjavík | 201807/1420 |
| Sjúkraliði á heilsugæslu | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Suðurnes | 201807/1419 |
| Starfsmaður í ræstingu og búri | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201807/1418 |
| Fagstjóri lækninga | Heilsugæslan Árbæ | Reykjavík | 201807/1417 |
| Lögreglufulltrúi | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201807/1416 |
| Mannauðsstjóri | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201807/1415 |
| Verkefnastjóri/aðstoðarsaksóknari | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201807/1414 |
| Matreiðslumaður | ÁTVR | Reykjavík | 201807/1413 |
| Sérhæfður starfsmaður | Landspítali, rannsóknakjarni | Reykjavík | 201807/1412 |
| Hjúkrunarfræðingur, lyflækn. | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201807/1411 |
| Hjúkrunarfræðingur, handlækn. | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201807/1410 |
| Skrifstofumaður | Sýslumaðurinn á Suðurnesjum | Suðurnes | 201807/1409 |
| Starfsmenn við umönnun | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201807/1408 |
| Lektor í almennum málvísindum | Háskóli Íslands, hugvísindasvið | Reykjavík | 201807/1407 |
| Ráðgjafi/stuðningsfulltrúi | Landspítali, Laugarásinn | Reykjavík | 201807/1406 |
| Starfsmenn | Landspítali, öldrunarlækningadeild A | Reykjavík | 201807/1405 |
| Sjúkraliði | Landspítali, Rjóður | Kópavogur | 201807/1404 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, Rjóður | Kópavogur | 201807/1403 |
| Skrifstofumaður | Landspítali, ónæmisfræðideild | Reykjavík | 201807/1402 |
| Framhaldsskólakennarar | Fjölbrautaskóli Suðurlands | Reykjavík | 201807/1376 |
| Lögfræðingur | Fjölmiðlanefnd | Reykjavík | 201807/1375 |
| Framhaldsskólakennari í íslensku | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | Reykjavík | 201807/1374 |
| Hjúkrunarfræðingur í skólaheilsug. | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Suðurnes | 201807/1397 |
| Hjúkrunarfræðinemar | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Suðurnes | 201807/1388 |
| Hjúkrunarfræðingur á slysa- og br. | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Suðurnes | 201807/1386 |
| Hjúkrunarfræðingur á legudeild | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Suðurnes | 201807/1385 |



## Do you want to be part of a primary school in development?

**-Qeqqata Kommunia in Greenland is looking for English teachers for the school year 2018/2019**

If you want to be part of this development, search one of the available positions at the following schools:

**Sarfannguit atuarfiat** in the village Sarfannguit has 17 students. The school has students from 1st to 8th grades, divided into 3 teams and 2 special class groups. The teachers consists of 1 school leader, 1 teacher and 2 temporary teachers.
We are looking for 1 teacher to primarily engage in English and physics and science class.

**Atuarfik Kilaaseeraq** in Maniitsoq The school has approx. 350 students divided into 21 classes from 1st to 10th grade and 5 special classes. There are 50 teachers. We are looking for 2 teachers to teach primarily in English at all grades, and possibly teaching in different creative subjects.

See the full job application on Qeqqata Municipality's homepage www.qeqqata.gl/job

Qeqqata Kommunia

RÚV starfar í almannaþágu og hefur það hlutverk að vekja, virkja og efla. Öflugt og samhent starfsfólk RÚV skoðar samfélagið með gagnrýnum hætti, segir mikilvægar sögur og þróar nýjar leiðir til miðlunar.



# Ert þú skapandi?

## Grafísk hönnun
Fréttastofa

Við leitum að skörpum hönnuði á vaktir. Starfið felst í hönnun og vinnslu á grafík fyrir fréttir og fréttatengda þætti, hugmyndavinnu varðandi framsetningu frétta og samskipti við fréttamenn.

## Grafísk hönnun
KrakkaRÚV

Laust er til umsóknar fullt starf hönnuðar á KrakkaRÚV. Starfið felst í umsjón með hönnun og vinnslu á grafík fyrir Stundina okkar og Krakkafréttir ásamt öðrum árstíðarbundnum verkefnum.

Umsóknarfrestur er til 7. ágúst.
Umsóknum ásamt ferilskrá er skilað rafrænt á **www.umsokn.ruv.is.**
Við hvetjum áhugasama til þess að sækja um, óháð kyni og uppruna.

BECROMAL
ALUMINIUM FOIL FOR ELECTROLYTIC CAPACITORS

## Innkaupastjóri

Becromal óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í starf innkaupastjóra. Leitað er að aðila með menntun á sviði vörustjórnunar og reynslu af innkaupum. Árangur í fyrri störfum og metnaður til frekari árangurs skilyrði.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Umsjón og ábyrgð á innkaupum
- Birgðastýring
- Greiningarvinna
- Samskipti við birgja
- Umsjón með rekstrarvörulager
- Undibúningur vörutalninga og úrvinnsla gagna
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði vörustjórnunar eða sambærilegt nám.
- Reynsla af innkaupastjórnun
- Hæfni til að vinna með tölur og gagnasöfn
- Agi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í samskiptum og samningagerð
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í teymi
- Gott vald á íslensku og ensku í máli og riti

**Umsóknafrestur er til 3. ágúst nk.**

Umsóknum auk ferilskrá skal skilað á skrifstofu Becromal að Krossanesi 4, 603 Akureyri, eða sendist á netfang starfsmannastjóra thorunn.hardardottir@becromal.it

Becromal Iceland ehf. er iðnfyrirtæki sem framleiðir aflþynnur fyrir rafþétta sem notaðir eru í ýmsum iðnaði, s.s. vindorku og sólarorku. Becromal á Akureyri hófst í ágúst 2009 þegar fyrsta framleiðsluvél fyrirtækisins var gangsett. Hjá Becromal starfa 110 manns.







# VERKEFNASTJÓRI Á GÆSLUSVIÐI

Securitas leitar að kraftmiklum einstaklingi til starfa sem verkefnastjóri í einingu sem sér um farandgæslu og verðmætaflutninga. Hlutverk verkefnastjóra á gæslusviði er að styðja við daglega starfssemi sviðsins í samstarfi við stjórnendur sviðsins. Um framtíðarstarf er að ræða þar sem viðkomandi mun vera hluti af sterkri og metnaðarfullri liðsheild gæslusviðs.

**HELSTU VERKEFNI**

- Daglegt skipulag einingarinnar
- Tryggja rétta mönnun í samræmi við umfang verkefna
- Innleiðing nýrra verkefna og gerð verklýsinga
- Umfangsmat, gæðamál, úttektir og skýrslugjöf verkefna
- Tryggja rétta þjálfun og þekkingu starfsmanna
- Þjónusta við viðskiptavini og tryggja fagleg vinnubrögð

**HÆFNISKRÖFUR**

- Þekking og reynsla af verkefnastýringu og stýringu mannafla
- Hæfni til að greina gögn
- Góð almenn tölvukunnátta, Navison þekking er kostur
- Skipulagshæfni, frumkvæði, sjálfstæði og lausnamiðuð vinnubrögð
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum
- Háskólamenntun er kostur

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. Umsóknarfrestur er til og með 27. júlí 2018. Nánari upplýsingar um starfið veitir Fannar Örn Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri gæslusviðs, fannar@securitas.is

Securitas hefur frá upphafi verið brautryðjandi í öryggisþjónustu og fyrirbyggjandi eftirliti á Íslandi. Öflug stjórnstöð hefur umsjón með mannaðri gæslu, fjargæslu og yfir 100 öryggis- og þjónustubílum á vettvangi. Ríflega 500 starfsmenn standa vörð um öryggi yfir 20.000 einstaklinga, heimila og fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum – allan sólarhringinn, alla daga ársins.

SECURITAS

**Sími 580 7000 | www.securitas.is**

## Starf forstöðumanns félagsmiðstöðva eldri borgara í Kópavogi

**Frístundadeild Menntasviðs Kópavogsbæjar auglýsir eftir umsóknum í starf forstöðumanns félagsmiðstöðva eldri borgara í Kópavogi. Ráðið er í starfið tímabundið til eins árs vegna afleysingar. Félagsmiðstöðvarnar eru þrjár, í Gullsmára, Gjábakka og Boðaþingi.**

Menntasvið Kópavogsbæjar sameinar málefni grunnskóla, leikskóla, íþrótta og frístunda í Kópavogi. Undir frístundadeild sviðsins heyra félagsmiðstöðvar barna og unglinga, frístundaklúbbur og ungmennahús auk félagsmiðstöðva eldri borgara.

Mikilvægt að viðkomandi hafi hæfni í mannlegum samskiptum og einlægan áhuga og ánægju af að vinna með og auðga líf eldri borgara. Félagsstarfið er vettvangur samfunda, mannlegra samskipta og skapandi athafna og boðið er upp á opið félags-og tómstundastarf á hverjum stað. Hádegisverður er í boði á öllum þessum stöðum og heimabakað meðlæti og kaffi til sölu í notalegu umhverfi. Í félagsmiðstöðvunum þremur starfa að jafnaði um 10 starfsmenn. Forstöðumaðurinn ber ábyrgð á daglegum rekstri og skipulagi faglegs frístundastarfs í félagsmiðstöðvunum.

**Ráðningarhlutfall og tími**

Um er að ræða 100% starf og ráðið verður í starfið frá 15.október 2018, eða samkvæmt samkomulagi. Umsóknarfrestur er til og með 19. ágúst 2018. Vinnutími er frá 8.30-16.30.

**Helstu verkefni**

- Umsjón og ábyrgð á rekstri félagsmiðstöðvanna í samráði við deildarstjóra.
- Umsjón og ábyrgð með starfsmannastjórnun félagsmiðstöðvanna.
- Umsjón og ábyrgð á skipulagningu á félags-, tómstunda- og menningarstarfi félagsmiðstöðvanna.
- Hefur umsjón með daglegu uppgjöri, mánaðaruppgjöri og færslu bókhalds.
- Annast eftirlit með húsnæði, umgengni og þrifum.
- Hefur umsjón með innheimtu á leigu á húsnæði og þátttöku- og efnisgjald.
- Ábyrgð á gerð kynningarefnis og markaðsefni fyrir félagsmiðstöðvarnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Gerð krafa um háskólamenntun á sviði á tómstunda- og félagsmálafræði, félagsfræði, félagsráðgjöf og/eða sambærlega menntun sem nýtist í starfi skilyrði.
- Reynsla af starfi á vettvangi frítímans og/eða með eldri borgurum skilyrði.
- Reynsla af rekstri og stjórnun sem nýtist í starfi æskileg.
- Reynsla af verkefna- og viðburðarstjórnun æskileg.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og metnaður í starfi.
- Skipulags- og samskiptahæfni.
- Hæfni í framsetningu texta og góð tölvukunnátta.

**Frekari upplýsingar**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og BHM eða viðkomandi stéttarfélagi.

Bent er á að samkvæmt lögum verða umsækjendur að skila sakavottorði.

**Umsóknarfrestur er til og með 19.ágúst 2018.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Amanda K. Ólafsdóttir í síma 665-2189 og í tölvupósti **amanda.olafsdottir@kopavogur.is**

**Karlar jafnt sem konur er hvattir til að sækja um starfið.**

**Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Ýmis störf**

- Forstöðumaður félagsmiðstöðva eldri borgara
- Starfsmaður hjá Sundlaug Kópavogs - Karl
- Starfsmaður í Þjónustumiðstöð við almenna þjónustu
- Verkefnastjóri fræðslu og miðlunar

**Leikskólar**

- Aðstoðarmatráður í Kópahvol
- Deildarstjóri í Fífusölum
- Deildarstjóri í Kópahvol
- Leikskólakennari í Álfatúni
- Leikskólakennari í Dal
- Leikskólakennari í Efstahjalla
- Leikskólakennari í Kópahvoli
- Leikskólakennari í Marbakka
- Leikskólakennari í Núp
- Leikskólakennari/þroskaþjálfi í Efstahjalla
- Leikskólasérkennari í Kópahvol
- Leikskólasérkennari, þroskaþjálfi í Marbakka
- Matráður í Kópahvol
- Starfsfólk í Núp
- Starfsmaður sérkennslu í Læk
- Þroskaþjálfi/leikskólasérkennari í Álfatúni

**Grunnskólar**

- Bókasafns- og upplýsingafræðingur í Álfhólsskóla
- Forfallakennari í Hörðuvallaskóla
- Forstöðumaður frístundar í Kópavogsskóla
- Frístundaleiðbeinendur í dægradvöl Hörðuvallaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Smáraskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Vatnendaskóla
- Íþróttakennari í Álfhólsskóla
- Íþróttakennari í Hörðuvallaskóla
- Kennarar í Salaskóla
- Kennari í Kópavogsskóla
- Skólaliðar í Hörðuvallaskóla
- Skólaliði í Smáraskóla
- Starfsmenn í íþróttahúsi Vatnsendaskóla
- Stuðningsfulltrúi í Álfhólsskóla
- Tónmenntakennari í Salaskóla
- Umsjónarkennari á miðstig í Álfhólsskóla
- Umsjónarkennari á yngsta stig í Smáraskóla

**Velferðarsvið**

- Deildarstjóri á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmaður á áfangaheimili fyrir fatlað fólk

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is

---

**ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?**

Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ job.is

---

Grundarfjarðarbær

## Starf skipulags- og byggingafulltrúa

Grundarfjarðarbær auglýsir starf skipulags- og byggingafulltrúa laust til umsóknar. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi sem er reiðubúinn að þróa starfið á traustum grunni. Skipulags- og byggingafulltrúi ber m.a. ábyrgð á skráningu mannvirkja, úttektum, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa.

**Helstu verkefni:**

- Framkvæmd skipulags- og byggingamála
- Áætlanagerð og eftirfylgni, mælingar, úttektir og útreikningar
- Undirbúningur og eftirfylgni funda skipulags- og umhverfisnefndar
- Samstarf við aðila utan og innan stjórnsýslunnar að verkefnum á sviði byggingamála
- Yfirumsjón framkvæmda og eignasýslu í sveitarfélaginu
- Önnur verkefni

**Hæfniskröfur:**

- Menntun og löggilding, skv. ákvæðum 8. og 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er nauðsynleg
- Þekking og reynsla af úttektum og mælingum
- Þekking á lögum um mannvirki, skipulagslögum og byggingareglugerð
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Góð almenn tölvukunnátta

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar um starfið veita bæjarstjóri og skrifstofustjóri í síma 430 8500 eða á netfangi thorsteinn@grundarfjordur.is og sigurlaug@grundarfjordur.is.

Umsóknir skulu sendast á ofangreind netföng.
Umsókn skal fylgja greinargóð starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsóknarfrestur er til 5. ágúst 2018.**

---




**íbúð 312**

Glæsileg og björt 194,6 fm
4-5 herbergja eign í lyftuhúsi

Í kjallara er 27,8 fm tómstundageymsla með innkeyrsluhurð

Bílastæði í bílageymslu – endaíbúð með miklu útsýni

Fallegar innréttingar og gólfefni – íbúð í mjög góðu ástandi



Nánari upplýsingar veitir:
**Svan G. Guðlaugsson,** lögg. fasteignasali
svan@miklaborg.is **sími:** 697 9300

Verð : **67,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

---

## Fjölbrautaskólinn í Garðabæ óskar eftir að ráða húsvörð og matráð í fullt starf.

### Húsvörður

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ óskar eftir að ráða húsvörð. Óskað er eftir jákvæðum og lífsglöðum starfsmanni sem fellur vel inn í öflugan starfshóp Fjölbrautaskólans í Garðabæ.

**Hæfnikröfur**

Menntun og/eða starfsreynsla tengd umsjón húsnæðis er æskileg. Reynsla af tæknimálum og verklegum framkvæmdum er einnig æskileg. Stundvísi, reglusemi og færni í samskiptum. Við óskum eftir að sá umsækjandi sem ráðinn verður sýni frumkvæði í starfi, hafi metnað og sýni sjálfstæði í vinnubrögðum.

### Matráður

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ óskar eftir að ráða matráð í mötuneyti starfsmanna. Mötuneytið er vel tækjum búið. Óskað er eftir jákvæðum og lífsglöðum starfsmanni sem fellur vel inn í öflugan starfshóp Fjölbrautaskólans í Garðabæ.

**Hæfnikröfur**

Menntun og/eða starfsreynsla á sviði matreiðslu fyrir mötuneyti eða veitingahús. Stundvísi, reglusemi og færni í samskiptum. Við óskum eftir að sá umsækjandi sem ráðinn verður sýni frumkvæði í starfi, hafi metnað og sýni sjálfstæði í vinnubrögðum. Áhugi á matreiðslu og vilji til að stuðla að jákvæðri matarmenningu á vinnustaðnum eru eiginleikar sem sérstaklega er sóst eftir.

**Frekari upplýsingar um störfin**

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og SFR - stéttarfélag í almannaþjónustu hafa gert. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 10. ágúst n.k. eða eftir samkomulagi.

Senda skal umsóknir í netfangið fg@fg.is fyrir **1. ágúst 2018.**

**Frekari upplýsingar um starfið veita:**

**Kristinn Þorsteinsson skólameistari**
(kristinn@fg.is – 863 3071) eða
**Snjólaug Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari**
(snjolaugb@fg.is – 692 1209).

---

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2018

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra auglýsir eftir umsóknum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2018. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land.

Framkvæmdasjóður aldraðra starfar samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglugerð nr. 468/2014. Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra fer með stjórn sjóðsins og gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um úthlutun úr honum. Vísað er til reglugerðarinnar varðandi upplýsingar um þau verkefni sem heimilt er að veita framlög til, afgreiðslu umsókna og reglur varðandi framlög.

Vakin er athygli á að umsækjendum er gert að sækja um rafrænt og er umsóknarformið, ásamt nánari upplýsingum, aðgengilegt á vef velferðarráðuneytisins http://vel.is

Umsóknum ber að skila í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 föstudaginn, 31 ágúst 2018.

*Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra*

JAFNLAUNAVOTTUN 2017 - 2020

MOSFELLSBÆR

## Fjórar tillögur að breytingu á deiliskipulagi

Mosfellsbær auglýsir hér með skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirtaldar tillögur að breytingu á deiliskipulagi:

**Torg í Gerplustræti**

- Markmið með þessari breytingu er að auðvelda umferð stærri bíla, t.d. almenningsvagna um torgið. Breytingin felur í sér að radíus á beygjum við enda torgsins eru rýmkaðir og á báðum endum torgsins verður lágur kantsteinn sem afmarkar svæði sem eru yfirkeyranleg fyrir stóra bíla.

**Bjargslundur 6 og 8**

- Breytingin felur í sér að í stað þess að lóðirnar séu einbýlishúsalóðir sé nú heimilt að byggja eitt parhús á tveim hæðum á hvorri lóð, með innbyggðum bílskúrum. Heildarstærð á hvoru húsi fari úr 300 m² í 500 m² en heimilt er að byggja minni hús. Aðkoma verður á efri hæð og hámarkshæð þaks yfir kóta aðkomuhæðar er 3,7 m.

**Bjargslundur 17**

- Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits, stækkun núverandi húsnæðis og að byggja frístandandi bílskúr með nýtanlegu kjallararými. Heildarfermetrar húsa stækka úr 135 m² í 370 m². Nýtingarhlutfall lóðar fer úr 0.07 í 0.2.

**Reykjamelur 20-22 og Asparlundur 11**

- Breytingin varðar lóðirnar Asparlund 11 og Reykjamel 20 og 22, að í stað 200 m² íbúðarhúsa verði gert ráð fyrir einnar hæðar parhúsum og byggingarreitum breytt. Asparlundur 11 verður að Asparlundi 11 og 13, Reykjamelur 20 verður að Reykjamel 20A og 20B og Reykjamelur 22 verður að Reykjamel 22A og 22B.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, frá 21. júlí 2018 til og með 25. ágúst 2018, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér hana og gert við hana athugasemd.
Tillagan er einnig birt á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eða í tölvupósti til undirritaðs eigi síðar en 25. ágúst 2018.

*21. júlí 2018,*

*Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar*
*olafurm@mos.is*

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA




**Hringið í 861-9135 til að fá hlið opnað**
**Leiðarlýsing á vefnum**



Fallegt 47 fm heilsárshús
Ofarlega í landi Snorrastaða
2000 fm eignarland
Heitt og kalt vatn
Heitur pottur á verönd
Tvö svefnherbergi

Verð : **17,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
**Jón Rafn Valdimarsson**, lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is **sími:** 695 5520

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# SVÆÐISSTJÓRI ÞJÓNUSTUDEILDAR
## ELKO LINDUM

ELKO er að leitast eftir framsæknum og drifnum leiðtoga í stærstu verslun fyrirtækisins. Við teljum að góður leiðtogi sé sá sem tekst að búa til vellíðan á vinnustað með jákvæðu og nýjungarlegu starfsumhverfi.

Verkefni stjórnanda er að ná því besta fram hjá starfsfólki sem skilar sér í góðri þjónustu til viðskiptavina okkar. Mikilvægt er að svæðisstjóri þjónustudeildar búi yfir hæfni í mannlegum samskiptum, faglegum vinnubrögðum, jákvæðni og hafi almennt gaman af því að takast á við erfið og krefjandi verkefni.

ELKO er líflegur vinnustaður með góðan starfsanda og sterka liðsheild. Hjá ELKO starf um 160 starfsmenn á aldrinum 17-62 ára. Meðalaldur starfsfólks er 23 ár og eru 90% stjórnenda undir 40 ára.

**Nánari upplýsingar má finna á: elko.is/storf**

**Umsóknarfrestur er til 31. júlí 2018.**

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veitir verslunarstjóri, Sófús Árni Hafsteinsson (sofus@elko.is).

ELKO



# AUSTURLAND - ÚTBOÐSHÖNNUN

## Landsnet óskar eftir tilboðum í ráðgjafaþjónustu vegna útboðshönnunar fyrir framkvæmdir á Austurlandi

Verkefnið felst í útboðshönnun á tveimur nýjum tengivirkjum, stækkun á tveimur eldri tengivirkjum og jarðvinnu og lagningu jarðstrengja. Verkefninu er skipt upp í þrjá hluta og er heimilt að bjóða í einstaka hluta.

**Verk 1:** Jarðvinna, bygging og rafbúnaður fyrir ný tengivirki Landsnets á Eskifirði (ESK) og Eyvindarfjarðará (EYV)
**Verk 2:** Jarðvinna, bygging og rafbúnaður fyrir stækkun á eldri tengivirkjum Landsnets á Eskifirði (ESK), Neskaupstað (NKS) og Stuðlum (STU)
**Verk 3:** Jarðvinna og lagning tveggja jarðstrengja, ES1 - 132 kV og NK2 - 66 kV

Hverjum hluta fyrir sig er nánar lýst í útboðsgögnum AUST - 60 Útboðshönnun sem verða aðgengileg í útboðskerfi Landsnets frá og með 21.07.2018, sjá nánar á **www.utbodsvefur.is** .

**Tilboðum skal skila rafrænt fyrir kl. 14:00, 30.08.2018.**

LANDSNET

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

# Til sölu veitingahús
## á besta stað í miðbæ Reykjavíkur

Af sérstökum ástæðum er eitt rótgrónasta veitingahús miðbæjarins til sölu

Staðurinn tekur allt að **100 manns** í sæti

Rekið af sömu aðilum í yfir **20 ár við góðan orðstír**

Allur **búnaður og tæki** fylgja með

**Öll leyfi** til staðar

Staðurinn er í leiguhúsnæði

**Góð velta og hagnaður**

**Nánari upplýsingar veita:**



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
axel@miklaborg.is



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181
gunnarhelgi@miklaborg.is

**MIKLABORG** Með þér alla leið **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

---

# Fasteignaland



## Einstakt tækifæri á vatnalóð við Skorradalsvatn

Um er ræða 3.559 fm eignarlóð í landi Dagverðarness. Lóðin er kjarri vaxin með glæsilegu útsýni yfir Skorradalsvatn. Lokað svæði með rafmagshliði. Búið að grafa fyrir púða undir 71,6 fm hús. **Verð: Tilboð**

**Upplýsingar veitir: Heimir Eðvarðsson**
**Löggiltur fasteigna-og skipasali s. 8931485**

**Faxafen 10 | 108 Rvk | s. 599 6700**
**fasteignaland.is | fasteignaland@fasteignaland.is**

---



Ný tækifæri, nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR

---

# EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Illagil 5
## Sumarbústaður við Þingvallavatn






Um er að ræða einstaka eign við Þingavallavatn í um 35 km fjarlægð frá Reykjavík (Nesjavallaleið). Nýlegt glæsilegt 178,6 fm hús á tveimur hæðum, byggt árið 2014, í landi Illagils við Hestvík, skammt frá Nesjavöllum. Húsið sem er teiknað af Finni Björgvinssyni arkitekt stendur á 6.000 fm eignarlóð með útsýni út á vatnið í átt að Skjaldbreið og suður til Dyrafjalla. Lofthæð allt að 6 m. Arinn í stofu. Svalir. Stór timburverönd á þrjá vegu umhverfis húsið. Heitur pottur. Neðri hæðin er steypt og efri hæðin klædd að utan með viðhaldsfríu lerki. Einstök staðsetning í göngufæri við Hestvík Þingvallavatns. **V. 75,0 m.**

**OPIÐ HÚS sunnudaginn 22. júlí milli 14:30 og 15:30.**
**Nánari uppl.: Kjartan Hallgerisson lg.fs. s. 824 9093, kjartan@eignamidlun.is**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

---




**OPIÐ HÚS** **SUNNUDAGINN 22. JÚLÍ FRÁ KL. 14-15**



## EINSTAKUR BÚSTAÐUR VIÐ ÞINGVALLAVATN, SJÓN ER SÖGU RÍKARI

Einstakur 211 fm bústaður á 7600 eign. Heiturpottur og stór bílskúr/geymsla.
Þinglýst aðgengi að Þingvallavatni.
Skoðar uppítöku á fasteignum á höfuðborgarsvæðinu

VERÐ: 92.9M

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR:**



Héðinn Birnir Ásbjörnsson
Lögg. fasteignasali
848 4806
hedinn@fastborg.is





---

# SPÁNAREIGNIR




## Glæsileg íbúð á Spáni
## Ein með öllu – Frábær staðsetning

- Stór stofa/eldhús í opnu rými
- 3 svefnherbergi 2 baðherbergi
- Vandað innbú getur fylgt
- Stórar svalir - Sjávarsýn
- Lyftuhús - sérinngangur af svölum
- Sérstæði í bílakjallara - stór geymsla
- Líkamsræktaraðstaða í húsinu
- Lokaður sundlaugargarður
- Rétt hjá La Zenia Boulevard
- Fjölmargir golfvellir í næsta nágrenni
- Stutt á strönd



**Verð Ikr. 28.800.000,-**

VIÐ HÖFUM SELT FASTEIGNIR Á SPÁNI SÍÐAN 2001.
ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ OKKUR.

www.spanareignir.is

Aðalheiður Karlsdóttir
löggiltur fasteignasali
adalheidur@spanareignir.is
sími: 893 2495
Ármúli 4-6, Reykjavík



RE/MAX Senter

## Lerkidalur

## Opið hús 16:00 - 16:30, laugardagur 21. júlí







**Gunnar Sverrir Harðarson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 862 2001
gunnar@remax.is

**Ástþór Reynir Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 899 6753
arg@remax.is

Skútuvogur 11a
104 Reykjavík
Sími: 4144700
www.remax.is



Vönduð viðhaldslítil raðhús í fjölskylduvænu hverfi sem er í uppbyggingu í Reykjanesbæ, nánar tiltekið Dalshverfi II. Stutt er í stofnbrautir og alla helstu þjónustu og er nýr grunn- og leikskóli í byggingu í hverfinu. Áætlað er að fyrsti áfangi skólans verði tekinn í notkun haustið 2019 en á svæðinu nú er starfræktur skóli í bráðabirgðahúsnæði sem útibú frá Akurskóla. Húsin eru klædd með vandaðri og viðhaldslítilli utanhússklæðningu og með vönduðum timburgluggum. Þak er klætt með AluZink og vandaðar stálrennur með hvítum niðurföllum. Þakkantar úr bandsöguðu timbri, hvíttmálaðir. Húsin eru fullfrágengin að innan og utan.

## Vefarastræti 32-38

## Opið hús 14:00 - 14:30, sunnudaginn 22. júlí








## Verð frá 48.900.000 kr. - 49.900.000 kr. Aðeins tvær íbúðir eftir.

Vefarastræti nr. 32-38 er 32 íbúða fjölbýlishús í Mosfellsbæ, nánar tiltekið í suðurhlíðum Helgafells, á skjólgóðum og sólríkum stað eins og flestar lóðir í hverfinu sem liggja í suður- og vesturhlíðum Helgafells. Liðlega eitt þúsund íbúðir verða í fullbyggðu hverfinu, í fjölbýli og í sérbýli. Vefarastræti 32-38 er eins og önnur fjöl- býlishús í hverfinu, skipulagt innan svokallaðs "auga" sem dregur nafn sitt af lögun svæðisins og liggur í nálægt hverfisins.

Skipulag hverfisins er nútímalegt og mjög fjölskylduvænt, með góðum grunnskóla og tveimur leikskólum sem staðsettir verða í auganu í miðju hverfisins. Lítil bílaumferð verður á svæðinu og lágur umferðarhraði. Útsýni úr íbúðum Vefarastrætis 32-38 er ein- staklega fallegt, þar sem sér vel yfir Álafosskvosina til austurs, suðurs og vesturs.
**Nánari upplýsingar um íbúðirnar: www.vefarastraeti.is**

## Skyggnisbraut 4 og 6

## Opið hús 16:00 - 16:30, sunnudaginn 22. júlí




Nýjar og fullbúnar íbúðir við Skyggnisbraut 4 í Úlfarsársdal. Íbúðirnar eru 3-5 herbergja. tilbúnar til afhendingar. Með hverri íbúð fylgir stæði í lokaðri bílgeymslu. Heildareignin er 5 hæðir og eru íbúðirnar mismunandi á hverri hæð. Íbúðirnar eru fullbúnar með parketi á gólfum og gardínum í gluggum. Stofurnar er opnar með eldhúsi. Úr stofunum er gengið út á svalir/garð.

Eldhúsin eru með góðu borð og skápaplássi, eldavél, ofn og háf. Flísar á milli innréttinga. Baðherbergin eru með flísum á gólfi og hluta til á veggjum, upphengdu salerni, góðri inn- réttingu og sturtu. Í svefnherbergjum eru fataskápar. Þvottahús með flísum á gólfum er innan hverra íbúðar. Að utan er húsið steinað og garðurinn að mestu frágenginn.

## Friggjarbrunnur 53

## Opið hús 16:30 - 17:00, sunnudaginn 22. júlí





Fullbúnar íbúðir í lyftuhúsi við Friggjarbrunn 53 í Úlfarsárdal. Íbúðirnar eru allar fullbúnar þriggja til fjögurra herbergja. Eldhús með heimilistækjum frá AEG og innréttingar frá HTH. Gott skápa og borðpláss. Baðherbergi eru flíslögð á gólfi og að hluta til á veggjum og einnig með innréttingu frá HTH, veggsalerni og góðri sturtu. Sér flisalagt þvottahús er í öllum íbúðum. Tvö til þrjú svefnherbergi sem eru öll rúmgóð og með fataskápum. Út frá stofu er ýmist svalir eða verönd. Harðparket á gólfi frá Húsasmiðjunni. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílastæðahúsi. Húsið er steinað að utan. Virkilega fallegar íbúðir á vinsælum stað og fallegur útsýni í hverfi sem á er í hraðri uppbyggingu.


SUMARÚTSALA
20 - 60% AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM
-40%
Feston Barstóll kr. 58.300
NÚ KR. 34.980
-25%
Brit Stóll kr. 48.500
NÚ KR. 35.625
10% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
-20%
Salma sófi kr. 197.800
NÚ KR. 158.240
20 - 50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
PÚÐUM
-25%
Devi lampi kr. 26.300
NÚ KR. 19.725
-30%
Jim ljós kr. 24.600
NÚ KR. 17.220
-30%
Gavi vínrekki kr. 9.900
NÚ KR. 6.930
Gold Spegill kr. 27.900
NÚ KR. 19.530
60 CM
Flair stóll kr. 97.500
NÚ KR. 78.000
-20%
Tripod lampi kr. 42.800
NÚ KR. 32.100
-25%
Marocco Pulla kr. 43.700
NÚ KR. 32.772
-25%
-30%
Oasis blómapottur . 9.800
NÚ KR. 6.860
LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS f / linanehf / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16



Gúrku má nota á margan hátt.

# Ferskt og gott salat

Agúrkusalat er ákaflega létt og ljúft á sumardögum. Það passar einstaklega vel sem meðlæti bæði með fiski og kjöti. Salatið er afar einfalt að gera og um að gera að nýta íslenska grænmetisuppskeru.

**1 agúrka**
**1 skallotlaukur**
**1 hvítlauksrif**
**1 msk. ferskar kryddjurtir eftir smekk, til dæmis steinselja eða minta**
**2-3 msk. sýrður rjómi**
**Salt og pipar**

Skerið agúrku, lauk og kryddjurtir mjög smátt, pressið hvítlaukinn. Blandið saman við sýrðan rjóma og bragðbætið með salti og pipar. Það má vel nota gríska jógúrt í staðinn fyrir sýrðan rjóma. Berið salatið fram með grilluðu kjöti eða fiski.



# Sætt og svalandi

Síróp úr rabarbara er frábært að eiga í ísskápnum og gott að blanda með sódavatni eða í sumarlega kokteila. Eftirfarandi uppskrift er eftir Magnús Jónasson skrúðgarðyrkjufræðing og er að finna á síðunni gardheimar.is. Þar er að auki fróðleikur um umhirðu rabarbara og fleiri uppskriftir.

## Rabarbarasíróp

**½ kíló rabarbaraleggir**
**1¾ dl vatn**
**½ kíló sykur fyrir hvern lítra af vökva**
**1 tsk. vanillusykur**
**1 tsk. sítrónusýra**

Sjóðið rabarbarann í vatninu í 10 mín. Síið og mælið vökvann. Bætið sykrinum og vanillusykrinum út í og sjóðið í 5-7 mín. Bætið sítrónusýrunni saman við og hellið í flöskur. Þá er sírópið tilbúið til notkunar. Þetta er svo gott út á pönnukökurnar og kexið eða út á ísinn. Svo má líka þynna það með vatni og þá er kominn sumarljúfur drykkur.

# Basilíkusósa með grillinu

**Væn lófafylli af basilíkublöðum**
**Lófafylli af fjallasteinselju eða klettasalati**
**2 hvítlauksgeirar, saxaðir**
**¼ rauðlaukur, saxaður (má vera venjulegur)**
**½-1 tsk. rautt chilialdin, saxað smátt**
**Nýmalaður pipar**
**Salt**
**1 msk. nýkreistur sítrónusafi**
**100 ml ólífuolía**

Setjið basilíku, steinselju (mætti líka vera klettasalat), hvítlauk, rauðlauk og chili í matvinnsluvél og látið ganga þar til allt er saxað smátt. Kryddið með pipar, salti og sítrónusafa og þeytið ólífuolíunni saman við smátt og smátt. Smakkið svo og bragðbætið eftir þörfum.
Þessa sósu má nota með ýmsum grillmat en líka út á pasta, kartöflur, salöt og ýmislegt grænmeti, eða sem ídýfu með pinnamat.
*Heimild: www.nannarognvaldar.com.*




# Sérmeðferðir fyrir þá sem gera kröfur um raunverulegan árangur !



Snyrtistofan Hafblik býður upp á hinn vinsæla Supreme Hollywood-meðferðarkúr sem gefur raunverulegan árangur. Þessi náttúrulega og kröftuga viðgerðarmeðferð á andliti er raunhæf leið til að eldast með fullri reisn. Staðreyndin er að það tekur okkur mörg ár að mynda djúpar hrukkur og aðrar skemmdir í húð. Þær hverfa ekki á einni nóttu. Það er engin skyndilausn til. Supreme Hollywood-meðferðarkúr er langtímaferli og þ.a.l. raunveruleg viðgerð sem vinnur á ótímabærri öldrun húðar, vinnur á litabreytingum og öldrunarblettum og styrkir og stinnir húðvefinn. Starfsemi húðar verður sterkari, heilbrigðari og virkari.



**Glæsilegir tilboðspakkar í boði og allt frá 55 þús. upp í 150 þús. kr. afsláttur !**

## Við bjóðum einnig: Háræðaslitsmeðferðir

**HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA**




**Hljóðbylgjumeðferð**
Fjarlægir háræðaslit í andliti, háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

**Hversu margar meðferðir þarf?**
Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háræðaslit endanlega.

**Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur**
**Bókið frían tíma í skoðun/viðtal**

Snyrtistofan Hafblik

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu












Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

Til sölu 40 feta gámur.nánari uppl í siggaer20@gmail.com

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd

**NUDD**
Nuddstofan, opið frá 10-20. einnig á laugardögum S. 855-3199




# Skólar & Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH & NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA**
Levels/Stig: I, II, III, IV, V, VI: ÍSLENSKA f. útlendinga, NORSKA, ENSKA f. Fullorðna: Start/Byrja: 25/6, 23/7, 3/9, 1/10, 29/10, 26/11. 2019: 7/1, 4/2, 4/3, 1/4, 29/4, 28/5: 4weeks/vikur x 5 days/daga. 2-6 students/nem. Morn/Aftern/Evening.Morgna/Síðd/Kvöld. www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Tómstundir & Ferðir

## Gisting

**- SÓL OG SUMAR Á TENERIFE -**
Til leigu 3ja herb. íbúð á Tenerife. Uppl. í síma 893 3475.

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 103 fm á jarðhæð,Hafnarfirði laus strax tilvalið fyrir litla heildsölu eða lager. Uppl. í siggaer20@gmail.com. eða í s: 862-5899. Verður til sýnis á mánudaginn milli kl. 16-19

# Atvinna

## Atvinna í boði

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**
Silfri ehf óskar eftir öflugum trailer bílstjóra. Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

**- BÍLSTJÓRA VANTAR Á FJÖGURRA ÖXLA TRUKK -**
Silfri ehf óskar eftir bílstjóra á fjögurra öxla trukk.
Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

Óska eftir verkamönnum í byggingarvinnu. Need workers in construction work. Nánari uppl. í s: 7728296

## Atvinna óskast

**STARFSFÓLK Í BOÐI**
Höfum í okkar röðum áreiðanlegt og reynslumikið starfsfólk í hin ýmsu verkefni. Meðal annars í smíðavinnu, flísalagnir og aðra múrvinnu, pípulagnir, vélavinnu og málningarvinnu ásamt allri almennri verkamannavinnu.
**Manngildi Starfsmannaþjónusta**
**s.780-1222**

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

Húsasmiður. Tilbúinn til nýrra verkefna. Sími:771-8554

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS S.773-4700 og 520-3500

**Til leigu í Kringlunni.**

**Verslunarpláss á 1. hæð, ca 115 fm. Getur losnað fljótlega.**

**Uppl. veitir Óskar Mikaelsson á netfanginu oskar@atveignir.is og 773-4700**

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali 773-4700









# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 201 Kópavogur www.FASTLIND.is




**VIÐ KYNNUM**

# Spennandi fasteignaverkefni í Skógarhlíðinni

## Í sölu sögufrægt hús, Þóroddsstaðir í Skógarhlíð, í Reykjavík ásamt byggingarétt fyrir 18 íbúðir.

Sögufrægt steinsteypt skrifstofuhúsnæði, u.þ.b 510 fm sem stendur sér á stórri lóð í botni Skógarhlíðar. Húsið er 2 hæðir og kjallari (niðurgrafinn að hluta). Það var byggt árið 1927. Húsið er mikið endurnýjað og í góðu ástandi. Lóðin er 1.397 fm að stærð og eru á henni mörg bílastæði.

Húsnæðinu hefur verið breytt í skrifstofuhúsnæði og er tilvalið að breyta í íbúðir. Samþykktur er 1.280 fm byggingarréttur fyrir stækkun, svo kjörið er að breyta þessu í fallega íbúðabyggð á besta stað í borginni, steinsnar frá 2 háskólum, leik- og barnaskóla.



Teikning og hugmyndir: Hornsteinar arkitektar





**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR**




Hannes Steindórsson
Lögg. fasteignasali
699 5008
› hannes@fastlind.is



Magnús Már Lúðvíksson
Lögg. fasteignasali
699 2010
› magnus@fastlind.is


LIND Fasteignasala
**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

# GAMAN AÐ LESA SAMAN!




Ronja ræningjadóttir
Verð: 3.999.-




Lesum saman - Fimmtán sögur úr sveitinni
Verð: 2.899.-




Hrúturinn Hreinn - Hæfileikakeppnin
Verð: 599.-




Matthildur
Verð: 3.599.-




Lærum form og tölur
Verð áður: 2.999.-




Lesum lipurt léttlestrarbækur
8 saman í pakka
Verð: 3.499.-




Stafir og tákn
Verð: 1.866.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

abcdefghijklmnopqrstuvwxyz




**Ástríkur - Ástríkur og Gotarnir**
Verð: 3.499.-




**Amma óþekka - Klandur á Klambratúni**
**VILDARVERÐ: 1.999.-**
Verð: 2.499.-




**Heyrðu Jónsi! - Stjarna vikunnar**
Verð: 1.499.-




**Hrollur bókasería 5 bækur í pakka**
Verð: 2.999.-




**Halló (léttlestrar bókasería)**
Verð: 1.999.- (stk.)







**Handbók fyrir ofurhetjur - Fyrsta verkefnið**
Verð: 3.299.-




**Handbók fyrir ofurhetjur - Rauða gríman**
Verð: 3.399.-

**Óvættaför - Skuggi dauðans**
Verð: 3.299.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Vinkonur sem hafa fylgst að í tölvuleikjaheiminum í tólf ár

**Elísabet Grétarsdóttir** og **Sigurlína Ingvarsdóttir** starfa báðar hjá Electronic Arts (EA), einu stærsta tölvuleikjafyrirtæki í heimi. Þær segja að tölvuleikjabransinn geti verið harður og þar sé mikil samkeppni. Vinskapur þeirra og stuðningurinn sem þær veita hvor annarri hefur skipt sköpum í því hversu langt þær hafa náð á ferli sínum.

Lovísa Arnardóttir
lovisaa@frettabladid.is



Elísabet er markaðsstjóri tölvuleiksins Battlefield, sem er ein helsta útflutningsvara Svíþjóðar. Sigurlína er yfirframleiðslustjóri tölvuleiksins FIFA, sem er einn söluhæsti tölvuleikur í heimi.

### CCP heillaði þær báðar

Þær hafa mjög ólíkar sögur að segja um það hvernig þær byrjuðu í leikjabransanum. Sigurlína segir að hún hafi í raun óvart lent þar. Hún lauk námi árið 2002 og hóf eftir það störf hjá Actavis og síðar Högum. Árið 2006 var hún fyrir algera tilviljun á fyrirlestri hjá Hilmari Veigari Péturssyni, einum stofnanda CCP.

„Ég hafði fylgst með fyrirtækinu í nokkur ár en datt aldrei í hug að tölvuleikjafyrirtæki gæti hentað mér. Ég hélt að þú þyrftir að vera forritari eða listamaður til að búa til tölvuleiki,“ segir Sigurlína en ákvað samt sem áður að fara upp að Hilmari eftir fyrirlesturinn og kynna sig.

„Sex vikum síðar byrjaði ég að vinna hjá CCP sem framleiðandi og þannig hófst þetta ævintýri í tölvuleikjagerð.“

Elísabet hefur allt aðra sögu að segja um sína vegferð að tölvuleikjabransanum. Hún segir að um tíu ára aldur hafi hún stefnt að því að verða auglýsingateiknari. Þegar hún var orðin 18 ára ákvað hún að prófa að hringja á auglýsingastofu og athuga hvort hún mætti verja deginum þar.

„Það tók ekki nema tvo klukkutíma þar til ég áttaði mig á því að ég gæti aldrei nokkurn tíma unnið við þetta starf, en spurði hins vegar: Fyrirgefðu, konan sem er alltaf að koma hingað inn og segja ykkur hvað þið eigið að gera, hvað gerir hún?“ segir Elísabet og hlær.

Henni var tjáð að konan sinnti markaðsmálum hjá fyrirtækinu og því tók Elísabet í kjölfarið stefnuna þangað og sérhæfði alla sína menntun í kringum það. Eftir að hafa lokið BS-gráðu frá Tækniháskólanum í alþjóðamarkaðsfræði vann hún hjá hugbúnaðarfyrirtæki í tvö ár en hafði ávallt hug á því að mennta sig meira og fann sér sérhæft meistaranám í Stokkhólmi. Þegar hún var við það að ljúka meistaranáminu var auglýst staða markaðsstjóra Evrópu hjá CCP sem hún endaði á að sækja um og fá.

„Fólki fannst það náttúrulega fáránlegt að ég vildi vinna með einhverjum nördum í stað þess að fara að vinna í banka. Miðað við tækifærin sem voru í boði þá. En það hefur alltaf sannast, að þegar ég hef farið á móti straumnum, þá hefur það virkað vel,“ segir Elísabet.

Þar lágu síðan leiðir Elísabetar og Sigurlínu loks saman. Þær segja að þær hafi ekki endilega orðið strax bestu vinkonur en með tímanum hafi þær kynnst betur og orðið þær vinkonur sem þær eru í dag. „Síðan þá höfum við alltaf átt hvor aðra að,“ segir Elísabet.

### En hvað gerðist eftir CCP?

Elísabet starfaði hjá CCP þar til árið 2012 þegar hún breytti alfarið um stefnu og hóf störf hjá Arion banka. Árið 2015 bankaði svo leikjaheimurinn aftur upp á og hún var ráðin sem markaðsstjóri hjá Battlefield.



„Það skiptir miklu máli að eiga djúpan og einlægan vinskap við einhvern sem skilur þitt vinnuumhverfi,“ segir Sigurlína.

Sigurlína starfaði hjá CCP þar til hún fór yfir til EA í Stokkhólmi árið 2012 þar sem hún hafði yfirumsjón með þróun tölvuleiksins Star Wars: Battlefront, en fór síðan árið 2016 yfir til FIFA í Vancouver.

„Við Lína höfum grallarast mikið saman í einkalífinu og innan fyrirtækja. Það er rosalega gaman þegar við vinnum hjá sama fyrirtæki og á svipuðum stað. Við vinnum auðvitað núna báðar hjá EA þó að ég sé í Stokkhólmi og Lína í Vancouver, en það hefur orðið til þess að við náum betur að halda miklum vinskap,“ segir Elísabet.

Hún segir að hún sé tiltölulega vinmörg og leggi mikið upp úr því að rækta sín vinasambönd en það sem þær Beta eigi finni hún ekki annars staðar.

„Það sem ég hef áttað mig á, og þetta er eitthvað sem rannsóknir styðja, er að það skiptir svo miklu máli að eiga djúpan og einlægan vinskap við einhvern sem skilur þitt vinnuumhverfi alveg upp á hár. Sú manneskja getur þannig tekið inn í stórar ákvarðanir bæði þína persónulega vinkla og þína fagmannlegu vinkla,“ segir Sigurlína.

„Við tölum stundum um það við Beta að „vinur er sá sem til vamms segir“ og við erum ófeimnar við það að vera mjög heiðarlegar í endurgjöf okkar til hvor annarrar. Það sem slíkur vinskapur gerir er að undirbúa þig betur undir að taka góðar ákvarðanir. Vegna þess að þú hefur undirbúið samtalið með einhverjum sem hefur djúpan skilning á bæði þér og aðstæðunum sem þú ert í. Sama hvort um er að ræða samningaviðræður um laun eða ef þú ert að sækja um nýtt starf,“ segir Sigurlína.

### Það sem enginn annar vill segja

„Okkar vinátta snýst ekki einungis um að „peppa“ hvor aðra heldur líka að segja það sem enginn annar vill segja. Því fylgir auðvitað oft mikil áhætta. Það er erfitt að segja einhverjum eitthvað sem hann vill ekki endilega heyra. En þar kemur raunverulega væntumþykjan fram og þar höfum við Lína grætt hvað mest á hvor annarri,“ segir Elísabet og bætir við: „Það er svo gott að eiga einhvern sem getur verið klappstýra, samviska og minni manns. Ég held að við höfum báðar náð svona langt vegna þess að þegar við förum yfir málin, þá höfum við alltaf tvöfalda reynslu, tvöfalda þekkingu, tvöfalda tilfinningagreind. Það hjálpar manni svo mikið,“ segir Elísabet.

> ÞEGAR VIÐ FÖRUM YFIR MÁLIN ÞÁ HÖFUM VIÐ ALLTAF TVÖFALDA REYNSLU, TVÖFALDA ÞEKKINGU OG TVÖFALDA TILFINNINGAGREIND.
>
> Elísabet

### Auðvelt að missa tökin

Þær segja að hraðinn í tölvuleikjaiðnaðinum sé mikill og þær hafi báðar komist nálægt því að missa tökin og hætt að hugsa vel um sig. Þær finni sérstaklega fyrir því þegar þær vinna báðar að risaverkefnum þar sem ákvarðanir þeirra varða oft tugi milljóna.

„Það er erfitt að bera það sem við gerum í dag saman við íslenska mælikvarða. FIFA og Battlefield eru tvö stærstu verkefnin hjá EA, sem er síðan þriðja stærsta tölvufyrirtæki í heimi. Battlefield er stærsta menningartengda útflutningsvara Svía, stærri en ABBA. FIFA er búið að vera í gangi í 25 ár og það eru tugmilljónir spilara sem spila þessa leiki. Við erum báðar á framlínunni, hvor á sínu sviði,“ segir Sigurlína og bætir við: „Pressan á því að skila þínu er svo mikil að þú vilt bara vinna allan sólarhringinn. Þá er rosalega gott að hafa einhvern sem hjálpar manni að jarðtengjast á ný. Það er ótrúlega dýrmætt því þú ert ekki fær um að vera frábær í því sem þú gerir ef þú ert illa sofin, hefur ekkert borðað og ert búinn að drekka sautján kaffibolla.“

„Maður þarf oft einhvern annan til að benda manni á þetta og segja manni að taka sér smá pásu,“ segir Elísabet.

Þær tala þó um að þótt þær styðji hvor aðra í gegnum vinnuna sé það ekki það eina því þær hafa einnig spilað stórt hlutverk í einkalífi hvor annarrar. Elísabet segir frá því að eftir að hún hafði frestað brúðkaupinu sínu um ár vegna anna í vinnu kom í ljós að Sigurlína, sem átti að vera veislustjóri, var orðin ólétt. „Ég endaði á því að færa brúðkaupið um nokkrar vikur. Það var því eiginlega ekki í boði fyrir Línu að ganga með fram yfir. Hún gerði það sem betur fer ekki og endaði á því að mæta með þriggja vikna gamalt barn og var glæsilegur veislustjóri. Ég hefði aldrei gift mig ef Lína hefði ekki mætt á svæðið,“ segir Elísabet.

Lína hlær og segir að hún hafi ekki fengið mikinn tíma til að koma sér í kjólinn eftir fæðingu en hafi verið mjög fegin að þetta skyldi ganga upp og segir þessa sögu kallast vel á við það þegar hún gifti sig tveimur árum áður.

„Ég var ekki eins tillitssöm því þá var Beta komin átta mánuði á leið. En það stoppaði hana ekki í því að standa í sex klukkutíma við að skreyta brúðkaupstertuna og mæta síðan morguninn eftir heim til okkar til að búa til „bröns“. Ég veit ekki enn hvernig hún fékk lykla en hún laumaðist inn og þegar við vöknuðum þá biðu okkar heimatilbúnar bollur og jarðarberjamauk,“ segir Sigurlína.

Þær segja þessar sögur vera mjög lýsandi fyrir það hlutverk sem þær spila hvor í hinnar lífi.

„Vinskapurinn er okkur báðum mjög mikilvægur. Ég tek engar stórar ákvarðanir í lífinu án þess að tala við Betu. Ég fer hins vegar ekkert alltaf eftir því sem hún segir,“ segir Sigurlína og þær skella báðar upp úr.

„En hún ráðfærir sig við mig,“ segir Elísabet og bætir við: „Ég held að við gerum það báðar og það er alveg sama hvort það tengist einkalífinu eða starfinu. En er það ekki bara skilgreining á bestu vinkonum?“ spyr Elísabet að lokum.

Sjá nánar á Fréttablaðið.is
Lengri útgáfu má lesa á frettabladid.is.

# Óðinsgata 5 101 Reykjavík

## Einbýlishús með tveimur 64,7 m² aukaíbúðum

Aðalrýmið er stór 124 m² lúxusíbúð á tveimur hæðum, auk 50,3 m² kjallara og 14,1 m² geymslu, samtals 189,0 m².
Til viðbótar eru tvær aukaíbúðir, báðar 64,7m². Heildarstærð er 318 m².



**LAUS TIL AFHENDINGAR**
Sýnum samdægurs









**Íbúð 1**
Á fyrstu hæð er fallegt eldhús, og opin stofa með arinn og setustofu.

Á annari hæð eru tvö svefnherbergi, eitt barnaherbergi og stórt hjónaherbergi með skápum. Inn af hjónaherberginu er flísalagt baðherbergi með stórri sturtu. Útgengt á suðursvalir úr hjónaherbergi.

Í kjallara er rými sem hægt er að nota fyrir líkamsræktaraðstöðu. Baðherbergi með fallegum flísum, heitum potti og gufu.
Í kjallara er einnig stórt herbergi sem hægt væri að nýta sem "hobby" herbergi eða sjónvarpssal.

**Íbúð 2**
64,7 fm. 3-ja herbergja íbúð á fyrstu hæð með skreyttu steingólfi.
Tvö svefnherbergi, eldhús opið við stofa, ásamt flísalögðu baðherbergi með sturtu.

**Íbúð 3**
64,7 fm. 3-ja herbergja íbúð á annari hæð með parketi á gólfi, tveimur svefnherbergjum, eldhús með nýlegri eldhúsinnréttingu er opið við stofu.
Baðherbergi flísalagt með sturtu.

*Góð innkeyrsla með hliði.*



**OPIÐ HÚS**
þri. 24. júlí. kl. 17:30-18:00

## Þingholsbraut 51
200 Kópavogur **42.900.000**

**87,5 fm 3 herb. Sér inng. Pallur**

**Rúnar** 7755 805



## Kvíslartunga 46
270 Mosfellsbær **119.500.000**

**318,6 fm Einbýli Bílskúr Aukaíbúð**

**Knútur** 7755 800

HELGAFELL
FASTEIGNASALA



| Knútur | Rúnar | Gunnar | Linda | Hólmar | Rúrý |
|---|---|---|---|---|---|
| Löggiltur fasteignasali | Löggiltur fasteignasali | Hdl. Löggiltur fasteignasali | Löggiltur fasteignasali | Löggiltur fasteignasali | Innanhúss-ráðgjafi |
| 7755 800 | 7755 805 | 842 2217 | 868 7048 | 898 3276 | 7755 808 |

*Það er heilmikið fyrirtæki að vera manneskja*
*Jóhannes Kjarval*

Helgafell fasteignasala · Stórhöfða 33 · 110 Reykjavík
S. 566 0000 · www.helgafellfasteignasala.is



**NÝBYGGING**

## Vefarastræti 8-22
270 Mosfellsbær
Tveggja til fjögurra herbergja íbúðir, glæsileg sameign. Nokkrar íbúðir eftir.
**Hafið samband við sölufólk**



**NÝBYGGING** afhendist tilb. til innréttinga og fullmáluð

## Vogatunga 47-51
270 Mosfellsbær **69.000.000**

**199,8 fm Raðhús Tvær hæðir**

**Rúnar** 7755 805



**OPIÐ HÚS**
mán. 23. júlí. kl. 17:30-18:00



## Skólabraut 3
270 Mosfellsbæ **74.900.000**

**193,5 fm Einbýli Bílskúr Aukaíbúð**

**Rúnar** 7755 805

Skipt var um þak og þakkant á húsinu fyrir tveimur árum. Húsið er staðsteypt og hefur verið steníklætt að utan. Skipt hefur verið um megnið af gleri í húsinu. Nýlegt rafmagnsinntak. Bílskúrinn er 31,5 fm.
Sér inngangur fyrir íbúð í kjallara.



**OPIÐ HÚS**
þri. 24. júlí. kl. 17:30-18:00



## Barmahlíð 33
105 Reykjvaík **58.900.000**

**124,4 fm Sérhæð Sér inngangur**

**Knútur** 7755 800

Falleg íbúð með suðursvölum. Að innan er allt vel við haldið. Að utan er nýbúið að fara í múrviðgerðir, málun og fleira. Laus til afhendingar.



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, sonur,
tengdasonur, bróðir og afi,

**Einar Bragi Sigurðsson**
Leynisbraut 1, Grindavík,

varð bráðkvaddur, sunnudaginn 15. júlí.
Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju,
miðvikudaginn 1. ágúst kl. 14.

**Soffía Aðalbjörg Jóhannsdóttir**
**Guðfinna Kristín Einarsdóttir Eggert Bergmann**
**Jóhanna Sigrún Einarsdóttir Kristinn Helgason**
**Jóhann Freyr Einarsson Birgitta Rún Birgisdóttir**
**Þórunn Ósk Einarsdóttir**
**Sigurður Eiríksson Guðfinna Sveinsdóttir**
**Kristín Þóra Sæmundsdóttir**
**systkini og afabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður og faðir,

**Þór Harðarson**
bifreiðasmiður,
Funafold 50,

lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili
sínu mánudaginn 16. júlí. Útför hans
verður gerð frá Grafarvogskirkju
þriðjudaginn 24. júlí kl. 15.00.

**Guðrún Hrönn Smáradóttir**
**Andri Þórsson**
**Sigrún Sif Þórsdóttir**
**Ívar Þórsson Nanna Sveinsdóttir**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug vegna andláts okkar
ástkæru móður, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

**Sigurveigar G. Mýrdal**

**Sigurjón Mýrdal María Sophusdóttir**
**Garðar Mýrdal Ingibjörg Ósk Kjartansdóttir**
**Jón Agnar Mýrdal Vivian Hansen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Auðbrekku 1, Kópavogi — SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Sverrir Einarsson


Margrét Á. Guðjónsd.


Kristín Ingólfsdóttir


Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**
Flatahrauni 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



*Nærgætni, hlýja og virðing* — *Við andlát ástvinar*


Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353


Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

# Finnst mér hafa aldrei liðið betur

Guðrún Kvaran, fyrrverandi prófessor og forstöðumaður Orðabókar HÍ, er 75 ára í dag. Hún er að koma inn frá slætti þegar ég hringi og deginum áður kveðst hún hafa komið heim úr strangri göngu yfir Stuðlaskarð, milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Hún heldur sem sagt ekki kyrru fyrir þó aldurinn hækki. „Mér finnst mér aldrei hafa liðið betur og hef alltaf nóg að gera," segir hún. „Ég er jafnt og þétt á Vísindavefnum, fékk átta spurningar í gær og þær eru orðnar yfir 1.100 sem ég hef svarað. Svo er ég í Íslenskri málnefnd sem gerir athugasemdir við málnotkun opinberra aðila, enda hefur virðingarleysi gagnvart tungumálinu færst mikið í vöxt."

Guðrún ætlar að hitta sína nánustu í dag en fyrr á árinu bauð eiginmaðurinn, Jakob Yngvason fv. prófessor, henni í afmælisferð til Ástralíu. **– gun**


**Guðrún Kvaran hefur alltaf nóg að gera.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
fyrrverandi maki, amma og systir,

**Ólöf Vera Benjamínsdóttir**
sjúkraliði,

lést á heimili sínu 4. júlí síðastliðinn.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk
hinnar látnu. Þökkum ættingjum og
vinum hlýhug á þessum erfiða tíma.

**Thelma Kristjánsdóttir Haukur Már Hergeirsson**
**Bjarni Jósep Steindórsson**
**Svanur Hólm Steindórsson Kristín Sara Georgsdóttir**
**Auðunn Steindórsson**
**Steindór Stefánsson**
**barnabörn og systkini hinnar látnu.**



✝

Elskuleg unnusta mín,
móðir mín, dóttir og systir,

**Þóranna Gunnarsdóttir**

lést mánudaginn 16. júlí.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
föstudaginn 27. júlí kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir
en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Námssjóð
dóttur hennar Evu Marý Rúnarsdóttur, kt. 011296-2389,
nr. 0545-14-409200.

**Jónbjörn Breiðfjörð Edduson**
**Eva Marý Rúnarsdóttir**
**Gunnar Jónsson Karólína K. Jósepsdóttir**
**Margrét Kristín Gunnarsdóttir**
**og fjölskylda.**



✝

Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð
vegna fráfalls elskulegrar móður,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Helgu Guðrúnar Helgadóttur**
píanókennara,
Árskógum 8,
(áður Háaleitisbraut 28), Reykjavík,

sem jarðsungin var frá Háteigskirkju mánudaginn 9. júlí sl.

**Lára Rafnsdóttir Jóhannes Atlason**
**Theodóra Guðrún Rafnsdóttir**
**Hlöðver Örn Rafnsson Sigríður Sverrisdóttir**
**Högni Rafnsson Antonia Gutes Turu**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Hjartans þakkir fyrir samúð og
hlýju vegna andláts móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sigrúnar Flóvenz Ólafsdóttur**
Kópavogsbraut 88.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sunnuhlíðar fyrir hlýju og góða umönnun.

**Ólafur G. Flóvenz Sigurrós Jónasdóttir**
**Brynhildur G. Flóvenz Daníel Friðriksson**
**Margret G. Flóvenz Tryggvi Stefánsson**
**Gunnar G. Flóvenz Bera Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
í okkar garð vegna andláts og útfarar
bróður okkar og frænda,

**Ingvars Eyjólfssonar**

**Systkini og aðrir aðstandendur.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**Vagn P. Boysen**
rakarameistari,

sem lést þann 7. júlí síðastliðinn,
verður jarðsunginn í Langholtskirkju
þriðjudaginn 24. júlí kl. 15.00.

**Ása Hildur Baldvinsdóttir**
**Andreas Boysen Dagný Ösp Vilhjálmsdóttir**
**Pétur Þór Benediktsson Anna Kristín Guðmundsdóttir**
**Astrid Boysen Birgir Gunnarsson**
**og barnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn,

**Þorsteinn Ingólfsson**
fyrrverandi sendiherra,

lést þriðjudaginn 19. júlí.
Útförin verður auglýst síðar.

**f.h. aðstandenda,**
**Hólmfríður Kofoed-Hansen**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,

**Lára Sólveig Haraldsdóttir**
sjúkraliði,

lést mánudaginn 16. júlí.
Útför fer fram frá Árbæjarkirkju
miðvikudaginn 25. júlí kl. 13.00.

**Stefán Eiríksson**
**Unnur Björg Stefánsdóttir Elvar Örn Þórisson**
**Rúnar Karl Stefánsson Lina Marcela Giraldo Zuluaga**
**barnabörn.**



✝

Okkar ástkæri

**Sigmar Björnsson**
útgerðarmaður,

andaðist sunnudaginn 15. júlí.
Hann verður jarðsunginn frá
Grindavíkurkirkju miðvikudaginn
25. júlí kl. 14.00.

**Bjarný Sigmarsdóttir Arnar Ólafsson**
**Bjarki Sigmarsson Anna Magnúsdóttir**
**Þórkatla Pétursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI

**RÚMFÖT**
ALLT AÐ
**60%**
AFSLÁTTUR

**UNGBARNAVÖRUR**
ALLT AÐ
**60%**
AFSLÁTTUR

**KÓSÝFATNAÐUR**
ALLT AÐ
**85%**
AFSLÁTTUR

**DÚKAR OG PÚÐAR**
ALLT AÐ
**50%**
AFSLÁTTUR

# ENN MEIRI LÆKKUN Á ÚTSÖLUVÖRUM

**BLÓÐBERGSILMIR**
**25%**
AFSLÁTTUR

**GJAFAVARA**
**25%**
AFSLÁTTUR

**SVUNTUR OG GRILLHANSKAR**
ALLT AÐ
**60%**
AFSLÁTTUR

**ANDADÚNSÆNGUR OG KODDAR**
**25%**
AFSLÁTTUR

**TILBOÐSSLÁR Í VERSLUN OKKAR Á SMÁRATORGI VERÐ FRÁ 500 KR**

**NÝJAR VÖRUR KOMNAR Í VERSLANIR**

Lín DESIGN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**BREKKUSNIGILL**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| L | E | G | G | J | A | M | J | Ó | | E | | V | | F | | S | | E | |
| A | | A | | | | Á | | S | K | I | P | A | K | O | S | T | I | N | N |
| N | Æ | R | K | J | Ó | L | U | M | | N | | R | | R | | O | | D | |
| D | | Ð | | Á | | A | | E | | K | J | A | R | N | O | R | K | A | N |
| A | F | T | U | R | Á | B | A | K | | E | | S | | M | | M | | S | |
| S | | Ó | | N | | Æ | | K | Ó | N | G | A | F | Æ | Ð | A | | E | |
| A | F | L | A | M | I | K | I | L | | N | | M | | L | | S | Ö | N | G |
| L | | I | | U | | U | | E | L | D | F | A | S | T | R | A | | D | |
| I | N | N | A | N | Ú | R | | G | | U | | S | | | U | M | T | A | L |
| | A | | R | | L | | R | A | M | M | S | T | Y | G | G | T | | | O |
| H | U | G | M | Y | N | D | A | | Ú | | T | | F | | L | | Á | L | F |
| | Ð | | L | | L | | N | Á | S | T | R | Á | I | | U | | R | | T |
| F | L | E | Y | T | I | N | G | | A | | Á | | R | E | D | D | A | S | T |
| | E | | F | | Ð | | H | U | G | S | K | O | T | | A | | U | | Ó |
| K | N | E | T | T | I | N | A | | A | | A | | A | | L | Á | N | U | M |
| | D | | U | | N | | L | A | N | G | P | A | L | L | U | R | | M | |
| H | A | F | M | A | N | N | A | | G | | Ö | | A | | R | A | B | B | A |
| A | | U | | L | | A | | E | I | N | R | Æ | Ð | A | | T | | Y | |
| L | A | G | A | L | E | G | I | | N | | I | | I | | K | A | F | L | A |
| D | | L | | I | | A | | S | N | Ú | N | A | R | A | | K | | T | |

**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist forn en mjúkur fjandi garðyrkjufólks. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 27. júlí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „21. júlí“.




FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Súrkál fyrir sælkera** eftir **Dagnýju Hermannsdóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Björgvin B. Schram, Seltjarnarnesi.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Fólk er árásargjarnara en gott er, þó ekki jafn slæmt og stríðsmenn (9)
**8** Lag sem mun stöðva flóðið (6)
**11** Fluttum fólk um allt og kvörtuðum ei (7)
**12** Grípið greipar og klappið (9)
**13** Eru fljót að neðan þarna fyrir ofan (6)
**14** Hirðingjar syngja um dimmar rósir (7)
**15** Utanyfirjakkar í bunkum, og þú staflar þeim aftur? (9)
**16** Stólar á að hausar fái að fjúka (6)
**17** Trekkja klukkur þótt þreytt séu (7)
**18** Lengi miðnættið uns ég fer að skjálfa (7)
**20** Lin bón riðlast um þrjúleytið (6)
**24** Jafnvel börn ráða við þarfir þessara kjúklinga (7)
**27** Hafa uppi á konu hins látna (8)
**30** Yfirleitt slétti hún völlinn (7)
**31** Togaði ég hestinn áfram á taglinu? Nei, ég nuddaði hann með reipum! (7)
**32** Stuðbolti úr öðru stjörnukerfi (8)
**34** Mundu að við vorum í sárum (5)
**35** Það þarf réttu tækin fyrir tónlist! (9)
**36** Munablóm bera grjótharðan ávöxt (8)
**37** Stefnan ber brot upp á ástvin (5)
**38** Tel hungur fyrir hinar og nýt mauksoðinnar peru (9)
**39** Fæ fulltrúann til að fara í kringum þetta forboð (6)
**42** Tærar leifar matarlegrar súpu (5)
**44** Fer að langa inn, slík er þráin (8)
**48** Held ég bauni á þig fé (5)
**49** Fylgdir fyrirmælum OR um aflestur og fékkst bara skammir (8)
**52** Gas gat af sér görótt bús (7)
**53** Áköf tryggð við guð reiðinnar (7)
**54** Af hnífaárás og flótta (8)

**LÓÐRÉTT**

**1** Breiddum aftur yfir bjargbúa (9)
**2** Hópur varga ræður ríkjum milli Blönduóss og Laxár (9)
**3** Grettir og allt hans bröndótta slekti (9)
**4** Finn frið í heitu súkkulaði og flúruðu dóti (7)
**5** Út með rauða og hrekklausa rugludalla (7)
**6** Get grætt sár mín og aura með (8)
**7** Tími gjarða og þroskamerkja Eika (8)
**8** Ætli olíusprauta vinni á tættum skarnanum? (9)
**9** Pen síló geyma Jón sýslumann frá Espihóli (7)
**10** Merkti sér bás í Kolaportinu (7)
**19** Að sitja yfir tuddum er góð skemmtun (10)
**21** Æ, er það enn svo gróft að því verður ekki breytt? (11)
**22** S.k. eld-ernir eru hlægilegir fuglar (9)
**23** Kaffibollar og krúsir tvær/kertastjakar fínir – hvað ætli þú munir svona hnoð? (9)
**24** Setur að mér beyg um að svo góð leiði veki geig (9)
**25** Hvaða íslenska vatn er kennt við útlenskan ránfisk? (9)
**26** Nota mitt spæjaranef til að finna flugumennina (10)
**28** Hrellum fólk á köflum (7)
**29** Uppábúin hjón kaupa fallegar flöskur (7)
**33** Fugl leitar hripa með stráum (5)
**39** Orðsending að neðan: Söluþing hefst núna (6)
**40** Mín ósk er sú, að BNA borgi álagsgreiðslur (6)
**41** Ekkert rugl Steini, þetta félag er á Djúpavogi (6)
**43** Vilja að ég færi texta nær tónum og aðstæðum (6)
**44** Slæ frekar úr en í með svona skepnu (5)
**45** Gætum við notið myntu? (5)
**46** Kofi er hér, og ég vil einn til (5)
**47** Aðeins imbar dýrka vondar vættir (5)
**50** Svona jukk mun svína allt út (4)
**51** Getur eitt smádýr sett marga ruma í uppnám? (4)
**55** Skáldsögur mæra kyrrðina á Mön (7)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | | | 5 | 9 |
| 8 | | | | 3 | 7 | 1 | | |
| | | | 4 | | | | | 2 |
| | | | | | | 7 | 3 | |
| | 5 | 9 | 6 | 7 | | 2 | 8 | |
| 6 | | 1 | | 8 | | | 4 | 5 |
| | | | 5 | 1 | | 6 | | |
| | 6 | | 8 | | | | | 3 |
| | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | | 9 | |
| | | | 4 | | 9 | 5 | | |
| | 3 | 5 | | 8 | | | | 6 |
| | 6 | 2 | 1 | 9 | | | | |
| 8 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 9 | | | | 7 | | | 2 |
| 2 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| 4 | 1 | | 6 | | | | | |
| | 7 | 6 | | | 2 | | | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 3 | | | | | |
| | 1 | 6 | 8 | | 7 | | | 3 |
| | | 4 | | | 2 | 6 | | |
| | | 9 | | 3 | | | 1 | 5 |
| 5 | | | 1 | | | 2 | | |
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | | | | 2 | 6 | | | |
| | | | 7 | | | 3 | 9 | |
| | | | 4 | 8 | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 2 |
| 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 2 | 1 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 4 | 7 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 9 | 6 | 8 | 3 | 7 | 4 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 7 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 5 | 9 | 3 | 8 | 6 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 1 | 8 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 9 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 6 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson



Stefán Bergsson (2192) átti leik gegn Anton Konaplev (2316) á alþjóðlegu móti í Serbíu.
**Hvítur á leik**
**16. Hxd8! Dxd8 17. Rxg7! Kxg7 18. De5 Hg8 19. He3! Kf8 20. Hd3! Dxd3** (skásti leikurinn). **21. Bxd3** og hvítur vann skömmu síðar. Skákina, sem er einkar glæsileg, má skoða í heild sinni á Skák.is. Stefán vann fjórar síðustu skákirnar eftir að hafa tapað fimm fyrstu.

**www.skak.is:** Íslendingar tefla erlendis.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## SUMARBRIDGE

Alltaf á sumrin býður Bridgesamband Íslands upp á sumarbridge tvisvar sinnum í viku, á mánudags- og miðvikudagskvöldum. Spilamennska hefst klukkan 19.00 og lýkur yfirleitt um 23.00. Umsjónarmaður undanfarin ár hefur verið Sveinn Rúnar Eiríksson og hann er einnig umsjónarmaður í ár. Mikil keppni hefur verið undanfarin ár um bronsstigahæsta spilarann/parið og eins og undanfarin ár eru Magnús Sverrisson og Halldór Þorvaldsson í forystu. Þeir eru með tölverða forystu þegar þessar línur eru skrifaðar með 177 bronsstig en annað sætið er með 132 stig (Kristján B. Snorrason). Magnús og Halldór eru duglegir að mæta í sumarbridge og spila flest kvöld. Sumarbridge undanfarin ár hefur verið vinsælt, en jafnan er aðsóknin meiri á miðvikudagskvöldum. Þann 11. júlí síðastliðinn gerðist markverður viðburður. Einn sigursælasti spilari heims, konan Karen MacCallum (sexfaldur heimsmeistari) mætti og spilaði við Axel Jóhannsson. Þau fengu 63,9% skor sem að jafnaði dugar til að hreppa fyrsta sætið. Svo var þó ekki á þessu kvöldi, því skorið nægði einungis í annað sætið. Fyrsta sætið kom í hlut Öldu Guðnadóttur og Arngunnar Jónsdóttir sem fengu 64,1% skor. Axel og MacCallum fengu þó (semi)topp í þessu spili. Austur var gjafari og NS á hættu:

**Norður**
♠ D9543
♥ D83
♦ 8654
♣ 7

**Vestur**
♠ 862
♥ -
♦ KG732
♣ KG1092

**Austur**
♠ K107
♥ ÁG102
♦ ÁD
♣ ÁD86

**Suður**
♠ ÁG
♥ K97654
♦ 109
♣ 543

Axel og MacCallum sátu í NS og sagnir enduðu í 6 gröndum hjá AV. MacCallum átti út og var ekkert feimin við að spila út hjarta frá kóngnum. Sagnhafi gat fengið 10 slagi á láglitina og á ásinn í hjarta en það var einum slag of lítið til að standa samninginn. MacCallum fékk 50 stig í sinn dálk eins og tvö önnur pör (6 ♣ og 5 ♦ voru samningarnir). Algengasti samningurinn var 3 grönd hjá AV og fengust þar yfirleitt 11 slagir. Eitt par (Magnús og Halldór) spilaði 6 lauf og stóð þann samning og þáði fyrir það hreinan topp. Austur var þar sagnhafi og fékk út spaðaás frá suðri og enginn vandamál í úrspilinu.



Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA 12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur á frábæru verði
Hjólatjakkur 2T m/tösku
3.795
Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W
19.999
Háþrýstidæla 1650W
9.999
6T Búkkar 605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur á hjólum
79.995
Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum
Steðjar í miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi angle
6.985
14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk
5.995
Verkfærasett 108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolið
24.995
Ruslapokar 10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af dragböndum/ ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm
Fjölsög Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC 1200W
19.995
Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)
16.995
Metabo KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Fremur hæg vestlæg eða breytileg átt í dag og víða rigning eða súld á köflum, en skýjað og lengst af þurrt um landið austanvert. Hiti víða 9 til 15 stig, hlýjast austanlands.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 27° | Oslo 27° | Stokkhólmur 29° | Gautaborg 23° | Helsinki 26° | Þórshöfn 11° | Nuuk 5° |
| London 24° | Amsterdam 26° | Paris 23° | Berlin 26° | Madrid 28° | Brussel 26° | Róm 31° |
| Boston 19° | New York 21° | Orlando 25° | Moskva 25° | Singapúr 28° | Tókýó 28° | Sydney 8° |




## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 8° ↖4 | 10° ↙2 | 11° ↓3 | 11° →3 | 11° ↖6 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ←4 | 6° ←6 | 5° ↙6 | 8° ↙4 | 10° ↖3 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 8° ↙2 | 6° ↓2 | 7° ↓2 | 11° →4 | 12° ←2 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 13° →3 | 6° ↓3 | 11° ↖2 | 13° ↑8 | 15° ↑6 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↗5 | 11° ↗1 | 11° ←8 | 11° ←2 | 11° ←7 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# KRÓNAN




**100% hamborgara-búðin þín!**

120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.

★★★

**NÝ AÐFERÐ**
**Betri hamborgari!**

★★★

alltaf 2 stk. í pakka




Fylltir hamborgarar, 2x120 g

**599** kr. pk.




Grænmetisbuff, vegan, 4 stk.

**699** kr. pk.




Gestus snakk, 175 g

**149** kr. pk.




12 smáborgarar og brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar

**1999** kr. pk.

# Miðaldahandrit og ögrandi túlkanir

**Á sýningunni Lífsblómið í Listasafni Íslands er fjallað um fullveldi Íslands í hundrað ár. Heimildum frá 1918 og nútímanum er meðal annars teflt saman. Náttúruvernd er ákveðið þema.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Guðrún Nordal og Sigrún Alba Sigurðardóttir. Í bakgrunni sést fánaverk Birgis Andréssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Á sýningunni Lífsblómið í Listasafni Íslands er fjallað um fullveldi Íslands í hundrað ár, forsendur þess og meginþætti í sjálfstæðisbaráttu og sjálfsmynd Íslendinga frá árinu 1918 og til dagsins í dag. Það kom í hlut Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum að undirbúa sýninguna. „Við ákváðum strax að leita til Þjóðskjalasafns Íslands og Listasafns Íslands um samstarf. Okkur langaði að setja miðaldahandrit og skjöl við hlið ögrandi túlkunar nútímalistamanna, sem hvetja okkur til að skoða fullveldistímann og okkur sjálf með gagnrýnum hætti,“ segir Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar.

Sigrún Alba Sigurðardóttir er sýningarstjóri. „Hugmyndin er að sýna að fullveldið skiptir okkur máli og að sagan sé ekki dauð heldur hafi áhrif inn í samtímann,“ segir hún. „Okkur langar til að fá sýningargesti til að tengja við hugtakið fullveldi og íhuga hvort það skipti þá einhverju máli að tilheyra einni þjóð umfram aðra og af hverju. Það er í krafti fullveldisins sem við erum þjóð meðal þjóða, getum látið til okkar taka á alþjóðavettvangi og tekið þátt í alþjóðastjórnmálum og haft sitthvað að segja í umhverfismálum, málefnum flóttamanna og heimsmeistaramótinu í fótbolta.“

Á sýningunni er teflt saman heimildum frá 1918 og nútímanum. Októbermánuður 1918 er áberandi viðfangsefni. „Í október 1918 var Kötlugos. Spænska veikin barst til landsins 19. október og sama dag fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um Sambandslögin þar sem þjóðin var spurð hvort hún vildi vera fullvalda þjóð,“ segir Sigrún.

Á sýningunni geta gestir hlustað á hljóðbrot úr þáttunum R-1918 sem fluttir voru á RÚV síðastliðinn vetur en þar léðu Reykvíkingar dagsins í dag Reykvíkingum frá árinu 1918 rödd sína. Einnig er hægt að hlusta á viðtöl við fræðimenn, sagnfræðinga og mannfræðinga um ýmsa þætti sem tengjast fullveldinu.

**OKKUR LANGAR TIL AÐ FÁ SÝNINGARGESTI TIL AÐ TENGJA VIÐ HUGTAKIÐ FULLVELDI OG ÍHUGA HVORT ÞAÐ SKIPTI ÞÁ EINHVERJU MÁLI AÐ TILHEYRA EINNI ÞJÓÐ UMFRAM AÐRA OG AF HVERJU.**

### Átök um auðlindir

„Á þessari sýningu veltum við því upp hvort Ísland hafi í einhverjum skilningi verið nýlenda Dana. Við notum nútímalistina til að spyrja þessara spurninga,“ segir Sigrún en meðal verka sem þessu tengjast er vídeóverk eftir Ragnar Kjartansson. „Jón Sigurðsson og sjálfstæðishetjurnar börðust gegn því viðhorfi að Íslendingar væru frumstæð þjóð og vísuðu í handritin, miðaldaarfinn og Gamla sáttmála til að sýna fram á að við værum evrópsk menningarþjóð. Íslendingar áttu líka til að vera fordómafullir í garð annarra og á sýningunni er tilvísun í Þjóðólf frá 1904, þar sem kemur fram að Íslendingar vilja ekki láta líkja sér við Grænlendinga.“ Magnað verk sem þessu tengist sýnir brjóstmyndir úr gifsi af Íslendingum og Grænlendingum frá 19. öld teknar í frönskum rannsóknarleiðangri, en Ólöf Nordal ljósmyndaði þessar styttur á mannfræðisafninu í París.

Víðs vegar í sýningarsalnum eru skúffur sem gestir geta dregið út úr hillum. Þar er að finna ýmislegt forvitnilegt, eins og bréf frá læknadeild Háskóla Íslands um spænsku veikina og atkvæðaseðla frá þjóðaratkvæðagreiðslu um Sambandslagasamninginn. Á atkvæðaseðil hefur einn kjósandi skrifað: Ég veit ekki. Kosningaþátttakan í þjóðaratkvæðagreiðslunni var aðeins 43 prósent sem stangast mjög á við almenna þátttöku í kosningum á þessum tíma. Á sýningunni er því velt upp hver hafi verið ástæðan fyrir þessari dræmu þátttöku. Ýmsir hlutir og gripir eru á sýningunni sem minna á samninginn eins og atkvæðaseðlar og skjöldur sem Kjarval gerði í tilefni samningsins.

„Það urðu átök um eitt ákvæði samningsins sem snerist um yfirráð yfir auðlindunum,“ segir Sigrún. „Íslendingar óttuðust að Danir myndu kaupa upp virkjanarétt, til dæmis í Gullfossi. Þannig að það er ekkert nýtt að átök séu um menningararfinn og auðlindirnar. Þannig tengjum við saman Sigríði frá Brattholti, sem var brautryðjandi á sviði náttúruverndar, og verk eftir Rúrí sem fjallar um þessi átök fyrir 100 árum.“



Þrjú Njáluhandrit fá veglegan sess á sýningunni eins og þeim hæfir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Náttúruvernd er ákveðið þema í sýningunni og á einum stað má sjá tilvitnun í Guðmund Pál Ólafsson þar sem hann segir náttúruna hafa skráð sín handrit með eigin stafagerð í landið á undursamlegan hátt. Hann segir að meðal handritanna séu „Eyjabakkar, Langisjór, Þjórsárver og Dimmugljúfur. Ótvíræðir dýrgripir meistaraverksins“.

### Dýrgripir í húsi

Handrit eru meðal þess sem mesta athygli vekur á sýningunni. Í sýningarrýminu hefur verið komið fyrir handritahúsi sem Guðrún Nordal segir vera hjarta sýningarinnar. „Við lögðum ekki endilega upp með að þarna yrði hús í húsinu undir handritin en þau þurftu sér rými til að tryggja öryggi þeirra,“ segir hún. Þarna eru miklir dýrgripir, þar á meðal tvö handrit sem voru fengin að láni frá Kaupmannahöfn, Ormsbók Snorra-Eddu, sem geymir Snorra Eddu en líka málfræðiritgerðirnar fjórar, og Reykjabók Njálu, elsta heillega handrit Njálu. „Þessi tvö eru einstök. Það var nægilegur veigur í þeim til að þau dygðu sem skiptimynt til að tryggja afhendingu sjálfrar Konungsbókar Eddukvæða og Flateyjarbókar, þeirra handrita sem við áttum alls ekki að fá samkvæmt skiptireglu.“ Auk Reykjabókar eru tvö önnur Njáluhandrit á sýningunni. „Annað er handrit sem Ketill, afi Árna Magnússonar, skrifaði og hitt er handrit frá 19. öld með skemmtilegum myndum af hetjunum,“ segir Guðrún. „Hér er líka Möðruvallabók, stærsta handrit Íslendingasagna frá miðri 14. öld, og Staðarhólsbók Grágásar en á þessu ári minnumst við líka að 900 ár eru frá því fyrstu lögin voru skrifuð á Íslandi. Gamli sáttmáli er til í nokkrum handritum en við sýnum handrit sem er í litlu broti, nánast eins og handbók. Gamli sáttmáli og Sambandslagasamningurinn, sem mikið er fjallað um á sýningunni, tengjast á skemmtilegan hátt en Sambandslagasamningurinn var á sínum tíma kallaður Nýi sáttmáli með hliðsjón af þeim gamla.“

### Fullt af litum

Auk hinna dýrmætu handrita er að finna í handritahúsinu ýmis skjöl úr Þjóðskjalasafninu. „Þegar Árnastofnun fékk það verkefni að búa til sýningu var uppleggið að vera með handritasýningu en það var augljóst að við yrðum að fá Þjóðskjalasafnið með því þar eru geymd skjöl sem varða fullveldið,“ segir Guðrún. Þarna er Þjóðfundabókin þar sem skráð eru hin frægu mótmæli Jóns Sigurðssonar og félaga: Vér mótmælum allir, og gamlar stjórnarskrár. Einn skemmtilegasti sýningargripurinn er vefnaðarsýnishorn frá 18 öld. „Það er gaman að sjá það, stundum er talað eins og fólk á þessum tíma hafi einungis verið í sauðalitunum en hér er fullt af litum, þannig að einhverjir hafa sannarlega gengið í litklæðum,“ segir Guðrún.

Sýningin Lífsblómið stendur fram í desember. Heiti hennar er sótt í Sjálfstætt fólk. „Það er vísun í lok bókarinnar þegar Bjartur í Sumarhúsum áttar sig á því að sjálfstæðið er lítils virði ef maður er einn og einmana inni í djúpum dal. Það er mikilvægt að hlúa að því sem raunverulega skiptir máli, þar á meðal kærleikanum og sambandinu við aðra,“ segir Sigrún.

# Laugardagur

## 21. JÚLÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Alþjóðlegt orgelsumar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Í dag er komið að Thierry Escaich organista við Saint-Étienne-du-Mont kirkjuna í París. Escaich er á meðal þekktustu konsertorganista í heiminum í dag, rómaður spunasnillingur og eftirsóttur kennari. Miðaverð kr. 2.000.

**Hvað?** Arnar Ingi Quintet á Jómfrúnni
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Jómfrúin, Lækjargötu
Á áttundu tónleikum sumardjasstónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjagötu. Í dag kemur fram söngvarinn Arnar Ingi Richardsson og kvintett hans. Ívar Guðmundsson leikur á trompet, Ingi Bjarni Skúlason á píanó, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Tónleikarnir hefjast kl. 15 og standa til kl. 17. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Hausar #016 D&B at Paloma
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Paloma, Naustunum
Hausar rúlla aftur um helgar á nýjum og endurbættum Paloma! Síðasta fastakvöld á fimmtudegi var stappað og því er komið að því að dansa aftur um helgar á efri hæð Paloma. Funktion-One hljóðkerfi og algjör óþarfi að spara sig því það er laugardagskvöld.

**Hvað?** Ólöf Arnalds & Skúli Sverrisson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Ólöf Arnalds, lagahöfundur, söngkona og þúsundþjalasmiður, hefur um árabil skipað sér í röð áhugaverðustu tónlistarmanna Íslands. Hún hefur sent frá sér rómaðar sólóplötur: Við og við (2009); Innundir skinni (2010), Ólöf Sings (2011), Sudden Elevation (2013) og Palme (2014).

### Viðburðir

**Hvað?** Miðaldadagar á Gásum
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Gásir, Eyjafirði
Hvernig væri að bregða sér til miðalda? Kannski til ársins 1318? Það er hægt á Gásum rétt utan við Akureyri á Miðaldadögum 20. til 22. júlí.

**Hvað?** Með allt á hreinu- Singalong!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Bíó Paradís ætlar að bjóða upp á sýningu á Með allt á hreinu, endurnýjaða, hljóð- og myndbætta útgáfu með sérstökum fjöldasöngstextum sem birtast í sönglögum myndarinnar.

# Sunnudagur

## 22. JÚLÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Teitur Magnússon – Pikknikk tónleikar
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Norræna húsið



Ólöf Arnalds og Skúli Sverrisson spila í Mengi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Teitur snýr aftur í Norræna húsið! Pikknikk tónleikar hans í fyrra voru vel sóttir og einnig var RÚV á staðnum til að taka upp efni fyrir sjónvarpsfréttirnar. Teitur er núna með nýtt efni í pípunum og meðal annars hefur hann samið flott lag með dj flugvél og geimskipi. Teitur flytur hressandi popptónlist með bossanova-töktum.

**Hvað?** Englar og menn – tónlistarhátíð Strandarkirkju
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Strandarkirkja
Heyr mína bæn. Hanna Þóra Guðbrandsdóttir sópran, Hanna Dóra Sturludóttir mezzósópran og Ástvaldur Traustason, píanóleikari og organisti, á tónleikum á sunnudag kl. 14. Aðgangseyrir kr. 2.900.

**Hvað?** Hamrahlíðarkórinn flytur ljóð Laxness á Gljúfrasteini
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Gljúfrasteinn
Hamrahlíðarkórinn undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur mun fylla Gljúfrastein af æsku og söng þegar hann kemur fram í fyrsta sinn í stofunni í húsi skáldsins sunnudaginn 22. júlí. Á efnisskránni má finna lög eftir Jóhann G. Jóhannsson, Jón Þórarinsson, Gunnar Reyni Sveinsson og Atla Heimi Sveinsson við ljóð Halldórs Laxness.

**Hvað?** Mozartmaraþon – tónleikaröð
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Guðný Guðmundsdóttir heldur upp á sjötugsafmælið sitt með sinni eigin tónleikaröð árið 2018 þar sem hún mun flytja öll verk Mozarts fyrir píanó og fiðlu. Tónleikarnir verða tíu talsins og munu hinir ýmsu píanóleikarar ganga til liðs við Guðnýju.

### Viðburðir

**Hvað?** Kúst og fæjó! á Árbæjarsafni
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Sunnudaginn 22. júlí verður aldeilis líf í tuskunum á Árbæjarsafni en þá verður allt pússað og strokið og heimilisverkunum sinnt af kostgæfni. Á stóru heimili er í mörg horn að líta og allt þarf að vera skínandi hreint og snyrtilegt áður en gesti ber að garði. Gestir geta fylgst með starfsfólki safnsins taka til hendinni og dilla sér við fjöruga sixties tónlist. Húsfreyjan í Árbæ býður upp á nýbakaðar lummur og aðrar húsfreyjur í þorpinu strauja skyrtur og pússa silfur eftir kúnstnarinnar reglum.

**Hvað?** Skotleyfi á skynfærin: Videotek #2
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Á sunnudagskvöldum í sumar munu ýmsir listamenn fá frjálsar hendur á Húrra. Þann 22. júlí kl. 21 verður Húrra vídeótek haldið í annað skipti. Þetta verður bíókvöld með óhefðbundnu sniði, þar sem tilraunamennskan og undarlegheitin verða í öndvegi. Sýnd verða vídeóverk eftir unga myndlistarmenn, bæði nýleg og eldri verk. Happy hour verð til lokunar.




# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Kalli á þakinu
**08.25** Blíða og Blær
**08.45** Dagur Diðrik
**09.10** Nilli Hólmgeirsson
**09.20** Dóra og vinir
**09.45** Lína langsokkur
**10.10** Beware the Batman
**10.30** Ævintýri Tinna
**10.55** Friends
**11.20** Ellen
**12.00** Bold and the Beautiful
**12.20** Bold and the Beautiful
**12.40** Bold and the Beautiful
**13.00** Bold and the Beautiful
**13.20** Bold and the Beautiful
**13.45** Friends
**14.10** Splitting Up Together
**14.35** The Great British Bake Off Stórskemmtilegir matreiðsluþættir þar sem 12 áhugabakarar keppa um titilinn áhugabakari ársins. Í hverri viku reyna keppendur við þrjár þrautir auk þess að þurfa að heilla dómarana með færni sinni og útsjónarsemi. Að lokum stendur einn upp sem sigurvegari og með nafnbótina áhugabakari ársins í Bretlandi. Þetta eru einir vinsælustu þættir Bretlands og tvær fyrri þáttaraðir eru í heild sinni inni á Stöð 2 Maraþon.
**15.25** Allir geta dansað
**17.00** Tveir á teini Frábærir nýir grillþættir þar sem Pétur og Sveppi grilla kræsingar fyrir nafntogaða gesti. Með þeirra aðstoð munu strákarnir í hverri viku taka fyrir eitt hráefni og útfæra það á ýmsa vegu frá forrrétti til eftirréttar.
**17.30** Maður er manns gaman
**18.00** Sjáðu
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**19.00** Lottó
**19.05** Top 20 Funniest
**19.50** Happy Feet
**21.35** The Mountain Between Us
**23.30** Why Him?
**01.20** Assassin's Creed
**03.15** The Other Side of the Door
**04.50** I Am Evidence Heimildarmynd frá HBO og leikkonunni Marisku Hargitay úr Law and Order: Special Victims Unit en hún hefur átt mestan þátt í því að afhjúpa það hvernig rannsóknum á nauðgunarmálum er háttað í Bandaríkjunum. Hundruð þúsunda lífsýna úr þolendum kynferðisofbeldis enduðu órannsökuð uppi í hillu og í sumum tilfellum er um að ræða heilu vöruhúsin af sýnum sem safna ryki. Hér er rætt við fórnarlömb, lögreglumenn og sérfræðinga sem reyna að varpa ljósi á þessi landlægu handvömm löggæslunnar í nauðgunarmálum í Bandaríkjunum.

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** International Champions Cup
**08.55** Pepsímörk kvenna
**09.55** Formúla 1 - Æfing
**11.15** Fyrir Ísland
**11.55** Goals of the Season
**12.50** Formúla 1 - Tímataka
**14.25** Season Highlights
**15.20** Premier League World
**15.50** Mjólkurbikar kvenna
**18.00** Mjólkurbikar kvenna
**19.40** Inkasso deildin
**21.20** International Champions Cup
**23.00** International Champions Cup
**00.40** UFC Now

## STÖÐ 3

**16.10** Masterchef USA
**16.50** Friends
**17.10** Friends
**17.35** Friends
**17.55** Friends
**18.20** Friends
**18.45** The New Girl
**19.10** League
**19.35** Last Man Standing
**20.00** My Dream Home
**20.50** Schitt's Creek
**21.15** Mildred Pierce
**22.25** The Deuce
**23.35** Game of Thrones
**00.30** The New Girl
**00.55** League
**01.20** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Rasmus Klumpur og félagar
**07.55** Pingu
**08.00** Strumparnir
**08.25** Ævintýraferðin
**08.37** Hvellur keppnisbíll
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og Litli
**09.13** K3
**09.24** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**09.38** Mæja býfluga
**09.50** Tindur
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Rasmus Klumpur og félagar
**11.55** Pingu
**12.00** Strumparnir
**12.25** Ævintýraferðin
**12.37** Hvellur keppnisbíll
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og Litli
**13.13** K3
**13.24** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**13.38** Mæja býfluga
**13.50** Tindur
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Rasmus Klumpur og félagar
**15.55** Pingu
**16.00** Strumparnir
**16.25** Ævintýraferðin
**16.37** Hvellur keppnisbíll
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og Litli
**17.13** K3
**17.24** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**17.38** Mæja býfluga
**17.50** Tindur
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Alvin og íkornarnir. Ævintýrið mikla

## GOLFSTÖÐIN

**09.00** The Open Championship
**19.10** Golfing World
**20.00** Barbasol Championship
**23.00** 2018 Playoffs Official Film
**23.50** PGA Special. This is Mackenzie Tour

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.50** Isabella Dances Into the Spotlight
**10.30** Joy
**12.30** Murder, She Baked. A Chocolate Chip Cookie Mystery
**13.55** Phil Spector
**15.25** Isabella Dances Into the Spotlight
**17.05** Joy
**19.05** Murder, She Baked. A Chocolate Chip Cookie Mystery Spennandi ráðgáta um bakara í smábæ í Minnesota-fylki sem bregður sér í hlutverk spæjara til að komast að því hver myrti vin hennar og vinnufélaga.
**20.30** Phil Spector
**22.00** My Cousin Rachel
**23.45** Between Two Worlds Rómantísk gamanmynd frá 2016.
**01.25** Sleight
**02.55** My Cousin Rachel
**05.55** Eddie the Eagle

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**10.05** Ævar vísindamaður
**10.35** Fótboltasnillingar
**11.05** Veiðin
**11.55** Hulda Indland
**12.45** Grænkeramatur
**13.15** Náttúrupostulinn
**14.10** Kamera
**14.20** Leikfélag Akureyrar í 100 ár
**15.10** Golden Years
**16.40** Bítlarnir að eilífu - Here Comes the Sun
**16.50** Mótorsport
**17.20** Innlit til arkitekta
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Kioka
**18.07** Sara og önd
**18.14** Póló
**18.20** Lóa
**18.33** Blái jakkinn
**18.35** Reikningur
**18.54** Lottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Algjör Sveppi og Gói bjargar málunum
**20.20** Umhverfis jörðina á 80 dögum
**22.20** King's Speech
**00.15** Íslenskt bíósumar: XL
**01.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**01.55** The Tonight Show
**02.35** The Exorcist
**03.20** Síminn + Spotify
**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** American Housewife
**08.25** Life In Pieces
**08.50** Grandfathered
**09.15** The Millers
**09.35** Superior Donuts
**10.00** Man With a Plan
**10.25** Speechless
**10.50** The Odd Couple
**11.15** The Mick
**11.40** Superstore
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.50** How I Met Your Mother
**13.10** America's Funniest Home Videos
**13.35** The Biggest Loser
**15.05** Superior Donuts
**15.25** Madam Secretary
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Futurama
**17.55** Family Guy
**18.20** Glee
**19.05** The Oranges
**20.35** Mothers and Daughters
**22.05** Rain Man

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


DORMA
Láttu drauminn rætast
Sumarútsala í fjórum búðum
Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði






Sumar útsala
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Markaðurinn er á frettabladid.is

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinagóða umfjöllun af viðskiptalífinu.

Fylgstu með á frettabladid.is/markadurinn

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Elías
**07.55** Zigby
**08.05** Víkingurinn Viggó
**08.20** Tindur
**08.35** Heiða
**09.00** Kormákur
**09.15** Tommi og Jenni
**09.35** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**09.45** Mamma Mu
**09.50** Skógardýrið Húgó
**10.15** Grettir
**10.30** Lukku láki
**10.55** Friends
**11.20** Ellen
**12.00** Nágrannar
**12.20** Nágrannar
**12.40** Nágrannar
**13.00** Nágrannar
**13.20** Nágrannar
**13.45** Impractical Jokers
**14.10** Born Different
**14.45** Divorce
**15.25** The Bold Type
**16.10** Curb Your Enthusiasm Larry David snýr aftur í óborganlegum gamanþáttum og hann hefur svo sannarlega engu gleymt. Eins og áður leikur Larry sjálfan sig og hann ratar af óskiljanlegum ástæðum sífellt í vandræði. Í heimi þar sem almenn leiðindi eru skemmtilegust og óþolinmæði og smámunasemi eru fremstar allra dyggða, þar er Larry Davies ókrýndur konungur. Enginn, hvorki fyrr né síðar, hefur afrekað að gera almenn leiðindi eins óendanlega fyndin. Þetta er níunda þáttaröðin um hinn seinheppna Larry David.
**16.50** Grand Designs. Australia
**17.40** 60 Minutes
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**19.05** Splitting Up Together Frábærir nýir gamanþættir með Jennu Fischer og Oliver Hudson sem leika fráskilið par sem freistar þess að búa saman eftir skilnað í stað þess að búa hvort á sínum staðnum og láta börnin flytja á milli vikulega. Eðlilega getur þetta fyrirkomulag verið krefjandi á köflum, fullt af óvæntum og bráðfyndnum uppákomum og fyrir þeim er þetta svo sannarlega lærdómsrík reynsla. Ellen DeGeneres er einn framleiðandi þáttanna.
**19.30** Tveir á teini
**20.00** The Great British Bake Off
**21.00** Killing Eve
**21.50** The Tunnel. Vengeance
**22.40** Queen Sugar
**23.25** Vice
**23.55** American Woman
**00.15** Sharp Objects
**01.10** Lucifer
**02.00** Son of a Gun
**03.45** Loch Ness
**04.30** Band of Brothers
**05.40** Band of Brothers

## STÖÐ 2 SPORT

**07.50** Mjólkurbikar kvenna
**09.30** Inkasso deildin
**11.10** International Champions Cup
**12.50** Formúla 1 - Keppni
**15.40** Premier League World
**16.05** Fyrir Ísland
**16.45** Pepsí deild karla
**19.00** Pepsí deild karla
**21.10** Mjólkurbikar kvenna
**22.50** International Champions Cup
**00.30** International Champions Cup
**06.40** International Champions Cup

## STÖÐ 3

**15.15** Jamie's Super Food
**16.00** Grand Designs
**16.50** Seinfeld
**17.15** Seinfeld
**17.35** Seinfeld
**18.00** Seinfeld
**18.25** Seinfeld
**18.50** The New Girl
**19.15** Last Man Standing
**19.40** It's Always Sunny In Philadelphia
**20.00** Grantchester
**20.50** Veep
**21.20** Game of Thrones
**22.15** Generation Kill
**23.25** The Mindy Project
**23.45** Divorce
**00.15** The New Girl
**00.35** It's Always Sunny In Philadelphia
**00.55** Grand Designs
**01.45** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Stóri og Litli
**07.13** K3
**07.24** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Tindur
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Rasmus Klumpur og félagar
**09.55** Pingu
**10.00** Strumparnir
**10.25** Ævintýraferðin
**10.37** Hvellur keppnisbíll
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** K3
**11.24** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Tindur
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Rasmus Klumpur og félagar
**13.55** Pingu
**14.00** Strumparnir
**14.25** Ævintýraferðin
**14.37** Hvellur keppnisbíll
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** K3
**15.24** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Tindur
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Rasmus Klumpur og félagar
**17.55** Pingu
**18.00** Strumparnir
**18.25** Ævintýraferðin
**18.37** Hvellur keppnisbíll
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Angry Birds

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** The Open Championship
**18.15** 2018 Playoffs Official Film
**19.05** PGA Highlights
**20.00** Barbasol Championship
**23.00** Golfing World

## STÖÐ 2 BÍÓ

**07.40** The Portrait of a Lady
**10.05** To Walk Invisible
**12.10** Eternal Sunshine of the Spotless Mind
**13.55** Eddie the Eagle
**15.40** The Portrait of a Lady Áhrifamikil og rómantísk mynd frá 1996 með Nicole Kidman og John Malkovich.
**18.05** To Walk Invisible
**20.10** Eternal Sunshine of the Spotless Mind
**22.00** Mávahlátur Íslensk mynd frá 2001 sem gerð er eftir samnefndri skáldsögu Kristínar Marju Baldursdóttur og er gamansöm glæpasaga og grimmúðleg ástarsaga en umfram allt þroskasaga ungrar stúlku í litlu sjávarþorpi.
**23.50** Hateful Eight
**02.35** Twelve Monkeys
**04.45** Mávahlátur

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**09.55** Undraveröld Gúnda
**10.07** Tulipop
**10.10** Best í flestu
**10.50** Basl er búskapur
**11.20** Hljómskálinn
**11.55** Hið sæta sumarlíf
**12.25** Afmælistónleikar Gunnars Þórðarsonar
**14.00** Þingvellir - þjóðgarður á heimsminjaskrá
**14.50** Veröld Ginu
**15.20** Bækur og staðir
**15.30** Ósérplægnibyltingin
**16.25** Sagan bak við smellinn - Take My Breath Away - Berlin
**16.55** Harry Potter - saga af göldrum
**17.45** Landakort
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Heilabrot
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Íslendingar
**20.40** Ljósmóðirin
**21.35** Gómorra
**22.35** Íslenskt bíósumar: Kóngavegur
**00.15** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**02.10** The Basketball Diaries
**03.55** Síminn + Spotify
**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** American Housewife
**08.25** Life In Pieces
**08.50** Grandfathered
**09.15** The Millers
**09.35** Superior Donuts
**10.00** Man With a Plan
**10.25** Speechless
**10.50** The Odd Couple
**11.15** The Mick
**11.40** Superstore
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.50** How I Met Your Mother
**13.10** Family Guy
**13.30** Glee
**14.15** 90210
**15.00** Superstore
**15.25** Top Chef
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Ally McBeal
**18.10** Gordon Behind Bars
**19.00** LA to Vegas
**19.20** Flökkulíf
**19.45** Superior Donuts
**20.10** Madam Secretary
**21.00** Jamestown
**21.50** SEAL Team
**22.35** Agents of S.H.I.E.L.D.
**23.20** Rosewood

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





**TVEIR Á TEINI**
KL. 19:30
Frábærir grillþættir þar sem Pétur Jóhann og Sveppi grilla kræsingar fyrir skemmtilega gesti. Með þeirra aðstoð munu strákarnir, í hverri viku, taka fyrir eitt hráefni og útfæra það á ýmsa vegu frá forrétti til eftirréttar.




**Skemmtilegt sunnudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

**THE GREAT BRITISH BAKE OFF**
KL. 20:05
Lokaþáttur í skemmtilegri baksturskeppni þar sem kemur í ljós hver vinnur titilinn, Bakari ársins í Bretlandi.







**KILLING EVE**
KL. 21:05
Hörkuspennandi þættir um morðkvendið Villanelle og MI5 starfsmanninn Eve sem reynir allt sem hún getur til að brjóta glæpakvendið á bak aftur. Með aðalhlutverk fer Jodie Comer ásamt Söndru Oh sem áhorfendur muna eftir úr Grey's Anatomy.

**THE TUNNEL: VENGEANCE**
KL. 21:50
Skemmtileg sería af þessum bresk/frönsku sakamálaþáttum, byggðum á skandinavísku þáttunum vinsælu um Brúna, þar sem lögreglumennirnir Karl og Elise rannsaka flókin sakamál.



**MÁVAHLÁTUR**
KL. 22:00
Íslensk ástasaga um líf ungrar stúlku í litlu sjávarþorpi á 6. áratugnum, gerð eftir samnefndri skáldsögu Kristínar Marju Baldursdóttur.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
**stod2.is**

# Framandi og kunnuglegt í bland í Skeifunni

Matarmarkaðurinn Reykjavík Street Food í Box Skeifunni er útimarkaður sem styðst við hugmyndafræði götumatar sem hefur verið að ryðja sér til rúms hér á landi. Lífið skrapp og fékk að bragða á dýrðinni.



**Umsögn Lífsins:** Kartöflusmælki og öllu drekkt í majónesi – það fær sjálfkrafa plús frá okkur. Þó að við séum ekki vegan myndum við samt fara þarna í þynnkunni og leyfa djúsnum að flæða um æðarnar.

## Jömm – Óvart skyndibitastaður

Sæunn Ingibjörg Marinósdóttir er einn eiganda vegan-skyndibitastaðarins Jömm. Hún segir hugmyndafræðina vera „sóðalegur, djúsí veganmatur“ sem eigi að henta öllum, hvort sem fólk er vegan eða ekki. Þetta á ekki að vera hollur matur.

„Þetta byrjaði þannig að við erum með heildsölu sem flytur inn Oumph! og þegar við fréttum af því að opna ætti þennan markað var hugmyndin að vera með oumphkynningar á svæðinu – svo fórum við aðeins að vinna með þá hugmynd, fórum að búa til þessa rétti, búa til nafn og allt í einu var þetta bara orðinn skyndibitastaður. Við segjum stundum að við höfum óvart opnað skyndibitastað í gámi,“ segir Sæunn.



**Umsögn Lífsins:** Hægelduð heimilisleg kássa á hrísgrjónum sem minnir mann einhvern veginn á ömmu. Klikkuðum á að biðja um sterkari sósu, en það er algjört möst að okkar mati.

## Magellan – Trixin hennar ömmu

Hjónin **Brynjólfur Páll Schram** og Cirila Jamora ásamt **Bjarna Þór Grétarssyni** standa vaktina á Magellan og framreiða þar filippseyskan götumat – en Cirila kemur einmitt frá Filippseyjum.

„Við erum að selja einn rétt – filippseyska réttinn adobo. Þetta er sambærilegur réttur við íslensku kjötsúpuna. Filippseyingar kunna allir að gera þennan rétt en hann bragðast aldrei eins því að amma gamla var alltaf með eitthvert trix. Okkar uppskrift kemur frá konunni minni,“ segir Brynjólfur.






**Umsögn Lífsins:** Skræðurnar eru fínasta smakk en chilibrjálæðingur Lífsins hefði viljað meiri hita. Kjúklingurinn var stökkur, sætur og saltur í bland og kærkomin viðbót í flóruna.

## Chi Kin – Kóreskur kjúklingur og íslensk saga

**Ársæll Magnússon** eða Sæli skræða eins og sumir kalla hann, er menntaður kokkur sem heldur úti staðnum Chi Kin, en það er víst kóreska sem þýðir einfaldlega djúpsteiktur kjúklingur – en það er einmitt það sem Sæli býður upp á á staðnum sínum. Lífið var svo heppið að fá líka hjá honum skræður – eins konar íslenskt hrossa-jerky sem á sér langa sögu og hann er að gera markaðstilraunir með um þessar mundir.

„Þetta er eitthvað sem langamma, amma og mamma hafa verið að gera í mjög langan tíma. Ég settist niður með ömmu um daginn og henni tókst að rekja þetta 101 ár aftur í tímann. Í gamla daga þá tók unga fólkið þetta með sér á böll, sérstaklega strákarnir – þeir voru með þetta í öðrum vasanum og pelann í hinum. Þannig að það er mikil saga á bak við þetta. En þetta er þurrkað og snöggsteikt hrossakjöt sem ég hef gefið smá asískt „touch“.

Kjúklingurinn er eitthvað sem Ársæll saknaði frá því að hann var búsettur í Los Angeles.

„Ég er lærður kokkur og bjó í Los Angeles í nokkur ár. Það sem ég saknaði mest frá LA var kóreski kjúklingurinn, en þetta fær maður hvergi hér heima. Ég ákvað því að grípa tækifærið og nota Boxið til að koma þessu á framfæri.“



**Umsögn Lífsins:** Hreint út sagt klikkuð flatbaka. Hæfilega þunn, hæfilega bökuð, hæfileg sósa, hæfilegt allt. Það þarf ekki að segja meira. Ef Bernaise-brauðstangirnar yrðu seldar á Akureyri yrði allt vitlaust. Mjög góðar fyrir þá sem vilja leyfa sér.

## Bökubíllinn – Döðlur eru málið

Bökubíllinn er framlenging Íslensku flatbökunnar. **Valli Gunnlaugsson,** einn stofnenda og framkvæmdastjóri, segir það vinsælt að fá Bökubílinn í hinar ýmsu veislur og samkomur. „Við höfum verið að bóka okkur á alls konar viðburði og í veislur,“ segir Valli. „Það sem er vinsælast hjá okkur er Sú döðlaða. Döðlur eru orðnar gríðarlega vinsælar á pitsur. Ég fékk hugmynd að Bernaise-brauðstöngunum þegar ég var svangur og ákvað að setja þær á matseðilinn. Það er sjaldgæft að fólk verði fyrir vonbrigðum.“ Bökubíllinn og Íslenska flatbakan hafa notið vinsælda fyrir að vera með vegan pitsur og voru einnig að byrja með glútenfría botna.

## Indican – Læra indverska matargerð

**Guðmundur Gunnlaugsson** og **Haukur Hólmsteinsson** fengu hugmyndina að því að vera með matarvagn fyrir ári. Þeir slógu til og kalla sig Indican sem er indverskur matur með mexíkósku ívafi. „Við erum svona að spila þetta eftir eyranu. Tikka masala kjúklingurinn er flaggskipið okkar en svo erum við að gera tilraunir í hverri viku og erum ýmist með lamba- eða grænmetisrétti. Hingað til höfum við verið með vegan masala. Uppskriftin er frá mömmu Arjun, sem eldar fyrir okkur og er einnig að kenna okkur að elda indverskan mat. Hann á þykka leðurbók með uppskriftum sem hafa þó engar mælieiningar, svo við erum alltaf að feta okkur áfram,“ segir Haukur.



**Umsögn Lífsins:** Hægeldaður tikka masala kjúllinn var einstaklega ljúffengur og rann vel niður með naan-brauðinu. Kryddin í veganréttinum mætti aðeins útfæra betur en karrýhrísgrjónin gerðu mikið fyrir réttinn.

30-50% AFSLÁTTUR

30% AFSLÁTTUR AF FYLGIHLUTUM

MERIDA

# KOMDU ÚT AÐ HJÓLA



**MERIDA CYCLO CROSS 100**
**VERÐ 149.990 KR.**
**TILBOÐ 99.990 KR.**



**MERIDA CYCLO CROSS 400**
**VERÐ 199.990 KR.**
**TILBOÐ 129.990 KR.**



**MERIDA CYCLO CROSS 500**
**VERÐ 239.990 KR.**
**TILBOÐ 167.993 KR.**



**MERIDA CYCLO CROSS 600**
**VERÐ 269.990 KR.**
**TILBOÐ 179.990 KR.**



**MERIDA CROSSWAY GENT 10**
**VERÐ 69.990 KR.**
**TILBOÐ 48.993 KR.**



**MERIDA CROSSWAY LADY 10**
**VERÐ 69.990 KR.**
**TILBOÐ 48.993 KR.**



**MERIDA CROSSWAY GENT 100**
**VERÐ 114.990 KR.**
**TILBOÐ 80.493 KR.**



**MERIDA CROSSWAY LADY 100**
**VERÐ 114.990 KR.**
**TILBOÐ 80.493 KR.**



**MERIDA SCULTURA 100**
**VERÐ 119.990 KR.**
**TILBOÐ 69.990 KR.**



**MERIDA SCULTURA JULIET 100**
**VERÐ 119.990 KR.**
**TILBOÐ 69.990 KR.**



**MERIDA SCULTURA 400**
**VERÐ 239.990 KR.**
**TILBOÐ 119.990 KR.**



**MERIDA SCULTURA DISC 400**
**VERÐ 239.990 KR.**
**TILBOÐ 129.990 KR.**

# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

**WWW.ELLINGSEN.IS**

## Lífið í vikunni
15.07.18 - 21.07.18



### SÍÐUSTU HEIÐARLEGU SKÁLMALDARTÓNLEIKAR ÁRSINS VORU Í GÆR

Skálmöld hefur verið að spila mikið erlendis á árinu og ekki mikið sinnt Íslendingum. Þeir skelltu því í tvöfalda tónleika á Gauknum á föstudaginn til að fylla upp í Skálmaldarþörf æstra aðdáenda.




### ÚR PORTINU Í PAKKANN

Kex hostel hefur síðustu ár haldið hina stórskemmtilegu tónlistarhátíð KEXPort en mun því miður ekki geta haldið hana í ár vegna framkvæmda í og við portið sem hátíðin er kennd við. Í staðinn verður boðið upp á tónleikaröðina KexPakk þar sem stórir og litlir listamenn fá tækifæri til að koma fram.



### TULIPOP MEÐ NÝJAR TEIKNIMYNDIR Í BÍGERÐ

Hönnunarfyrirtækið Tulipop hefur landað stærðarinnar samningi við framleiðslufyrirtæki út í heimi um að gera glænýja teiknimyndaþætti, en fyrri þættir fyrirtækisins hafa vakið mikla lukku.



### DAGSKRÁIN Á ICELAND AIRWAVES MEÐ JAFNT KYNJAHLUTFALL

Iceland Airwaves hátíðin hefur í mörg ár verið sótt af jafnmörgum konum og körlum og í ár mun þetta endurspeglast á sviðinu; kynjahlutfall listamannanna sem spila og syngja á hátíðinni er jafnt.




# Harðkjarni og hiphop í portinu á Prikinu

**Hljómsveitin Une Misère í samstarfi við Prikið heldur um næstu helgi tónlistarveisluna PrikPort en þetta er í annað sinn sem sveitin heldur hana. Á dagskránni eru bara bönd sem Une Misère elskar.**

PrikPort er eitthvað sem okkur langaði mjög mikið að gera, halda tónleika á Prikinu það er að segja, af því að það er kúl og það hefur ekki verið gert með okkar tónlist áður. Okkur langar alltaf að gera eitthvað nýtt til dæmis það að halda tónleika með hiphop-artistum í bland við harðkjarna eins og PrikPort mun vera. Svo er það líka annað, við í raun og veru gerum hlutina sem okkur langar til að gera. Ég ætla ekkert að dissa önnur bönd en það er rosalega mikið „vá, hvað ég væri til í“-tal í gangi og hefur verið í þessari senu. Ef okkur langar að spila í Hörpunni, þá bara spilum við í Hörpunni,“ segir Jón Már Ásbjörnsson, söngvari hljómsveitarinnar Une Misère sem mun um næstu helgi halda tónlistarveisluna PrikPort í annað sinn í, eins og nafnið gefur til kynna, portinu á Prikinu.

„Við áttuðum okkur á því að það væri enginn að fara að biðja okkur um að spila á Prikinu þannig að við kjúreituðum okkar þriggja klukkustunda hátíð, haldna á hápunkti sumars, allir í bænum og geggjuð stemming.“ Á tónleikunum koma fram, ásamt Une Misère, þeir Birnir og Joey Christ, xGADDAVÍRx, Alvia og Dead Herring.

„Þetta má túlka sem ákveðna uppskeruhátíð tónlistar fyrir okkur – þetta er það sem okkur finnst standa upp úr á árinu, tónlistin sem við fíluðum á árinu. Dead Herring er mest spennandi hlutur til að verða til síðan það urðu til vegan „pizza pockets“ og Alvia tók Solstice og rúllaði því upp, við erum ennþá að blasta plötunni hans Jóhanns, Birnir er inn á öllum playlistum sem ég bý til og xGADDAVÍRx er besta band á Íslandi. Þetta er ekki bara spurning um að við fáum að spila – þetta er spurning um að við fáum að spila með því fólki sem okkur langar að spila með í því umhverfi sem er ekki alltaf hægt að sjá okkur í. Þetta litla, þrönga umhverfi er alltaf að verða sjaldgæfara og sjaldgæfara fyrir okkur því að það eru alltaf að taka við stærri svið, stærri „venue.“ Þannig að þetta er bara geggjað tækifæri sem við höfum til að vera í andlitunum á fólki. Það sem gerir þetta samt að þessari blússandi gírun sem þetta ætlar að verða er Geoff á Prikinu. Einn af þeim örfáu prómóterum á landinu sem eru í alvöru til í að krukka svona í neðanjarðarsenunni og er til í að taka áhættur. Sem hentar bandi eins og Une Misère einstaklega vel.“



Une Misère mun láta glymja í portinu. MYND/ÍVAR EYÞÓRSSON



Birnir er einn þeirra sem sér um hip-hop-hliðina FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**VIÐ ÁTTUÐUM OKKUR Á ÞVÍ AÐ ÞAÐ VÆRI ENGINN AÐ FARA AÐ BIÐJA OKKUR UM AÐ SPILA Á PRIKINU ÞANNIG AÐ VIÐ KJÚREITUÐUM OKKAR ÞRIGGJA KLUKKUSTUNDA HÁTÍÐ, HALDNA Á HÁPUNKTI SUMARS, ALLIR Í BÆNUM OG GEGGJUÐ STEMMING.**

Fram undan hjá Une Misère er spilamennska í portinu auðvitað og svo Innipúkanum, en síðan kemur smá pása.



Alvia Islandia fór á kostum á Solstice.

„Eftir það förum við kannski í góða tveggja mánaða pásu, frá Íslandi allavegana. Einn okkar er að fara í nám í Danmörku og við hinir verðum hér eftir að vinna efni og vinna úr efni. En við kíkjum reyndar yfir til Hollands og spilum á Bloodshed Festival. Svo er lítið sem maður má ljóstra upp annað en það en það er alltaf eitthvað að gerast.“

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# Upplýsingar vegna Guns N' Roses Tónleika á Laugardalsvelli 24 júlí

Völlurinn opnar klukkan 16:30 og fljótlega eftir það stígur hljómsveitin Brain Police á svið.

Götulokanir: Reykjavegur verður lokaður fyrir og á meðan tónleikum stendur og þá verður Engjavegur lokaður frá klukkan 16 nema fyrir tónleikagesti. Suðurlandsbraut verður lokuð að hluta eftir að tónleikum lýkur

Til að komast á Völlinn:

Tónleikahaldarar ásamt lögreglu og Reykjavíkurborg mælast til þess að fólk fari tímanlega af stað og nýtist eins og frekast er kostur við almenningssamgöngur eða sameinist í bíla. Besti staðurinn til þess að hleypa fólki út úr leigu eða fólksbílum er við Glæsibæ eða á Sundlaugarvegi.

Stæðin í kringum Laugardalshöllina eru opin en til þess a leggja þurfa að vera fjórir eða fleiri miðahafar í bíl.

Boðið verður upp á sérstakar hraðferðir Strætó frá þremur stöðum í borginni og beint niður í Laugardal. Þessar hraðferðir munu fara frá **Háskólanum í Reykjavik, Mjóddinni og Strætóstoppitöðinni norðanmegin við Kringluna (hjá Orkunni).** Við mælumst til þess að fólk leggi á bílastæðinu við Sjóvá og fyrir aftan Verslunarskólann. Sömu leiðir munu fara frá Laugardalshöll og til baka eftir tónleika. Miðahafar á tónleikana fá frítt í þessar ferðir gegn framvísun miða.



Birt með fyrirvara um innsláttar-/prentvillur og/eða myndbrengl.







40% afsláttur

**Útsöluverð**

**Bensínsláttuvél**

OY460P fjórgengismótor, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, 5 hæðastillingar, 60 lítra safnpoki.

**20.995**

53323130

Almennt verð: 34.995

**Útsöluverð**

**Bensínsláttuvél**

GC-PM 46, sláttuvél, fjórgengismótor, 1,9 kW.

**26.397**

748300652

Almennt verð: 43.995

40% afsláttur




Einhell®

**Útsöluverð**

**Rafhlöðusláttuvél**

GE-CM 33 Li 2X2,0AH

**29.995**

74828000

Almennt verð: 45.995

35% afsláttur




Einhell®



**Útsöluverð**

**Blómakassi**

LILI 1 34x34x32 mm

**2.998**

0291835

Almennt verð: 5.995

50% afsláttur



**Útsöluverð**

**Sandkassi**

með sæti, 1500x1500 mm.

**10.397**

0291468

Almennt verð: 15.995

35% afsláttur



**Útsöluverð**

**Ræktunarkassi**

50x100x120 cm.

**11.397**

0291500

Almennt verð: 18.995

40% afsláttur

## LEIKFÖNG -35% • GARÐHÚSGÖGN -27% • BROIL KING GRILL -30%
## BLÓMAPOTTAR OG GARÐSKRAUT -35% • TIMBURBLÓMAKASSAR -25%

**REIÐHJÓL OG FYLGIHLUTIR -30% • RAFMAGNS- OG BENSÍNGARÐVERKFÆRI -20-40%**
**BLÓM, TRÉ OG RUNNAR -30% • FRÆ -40% • REYKOFNAR OG ELDSTÆÐI -30% • GJØCO INNIMÁLNING -25%**
**VERKFÆRABOX OG -SKÁPAR -30% • JÁRNHILLUR -30% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR -25% • EINHELL RAFMAGNSVERKFÆRI -25% • HARÐPARKET -20% • LJÓS -25% • PLASTBOX -35% • FERÐATÖSKUR -35%**
**KÖRFUBOLTASPJÖLD -30% • POTTAR, PÖNNUR OG BÚSÁHÖLD -25% • TEXTÍLVÖRUR -25%**
**BLÁ BOSCH VERKFÆRASETT -25% • COFRA ÖRYGGISSKÓR OG FATNAÐUR -25% • LOFTASTIGAR -25%**
**MOTTUR OG DREGLAR -25% • BAÐFYLGIHLUTIR -25% • SALVIA ESPALE GIRÐINGAEININGAR -25%**

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land



**Útsöluverð**

## Garðhúsgögn

Sófasett 4 stk. svart/grátt.

**51.995**

41625113

Almennt verð: 79.995

**35% afsláttur**



**35% afsláttur**

**Útsöluverð**

## Sólbekkur

RATTAN

**38.995**

41625118

Almennt verð: 59.995

NAPOLEON

ROGUE



**Útsöluverð**

## Gasgrill

ROGUE R365, SIZZLE-ZONE™ hliðarbrennari, grillgrind 51x45 cm, grillgrindur úr ryðfríu stáli.

**79.995**

506600037

Almennt verð: 119.995

**33% afsláttur**

kílóvött 10,8 brennarar 2+1



**Útsöluverð**

## Útilegustóll

Hægt að brjóta saman, grænn.

**1.095**

88098157

Almennt verð: 1.695

**35% afsláttur**

barbecook



**Útsöluverð**

## Reykofn

OSKAR lítill, reykofn með hitamæli og stillanlegu loftflæði.

**12.995**

50689835

Almennt verð: 19.995

**35% afsláttur**

barbecook



**Útsöluverð**

## Gasgrill

SPRING 300 3B 11,4KW

**29.995**

50686930/1

Almennt verð: 49.995

**40% afsláttur**

kílóvött 11,4 brennarar 3



**Útsöluverð**

## Garðborð

ARTHUR

**29.997**

0291830

Almennt verð: 49.995

**40% afsláttur**

KENT A century of cycling



**Útsöluverð**

## Reiðhjól

TRAIL BLASTER reiðhjól 24", 21 gíra, grænt, Shimano gírar.

**24.995**

49620076

Almennt verð: 39.995

**34% afsláttur**

GRILLPRO



**Útsöluverð**

## Gasgrill

Hefðbundið tveggja brennara gasgrill með hliðarborðum og efri hillu.

**18.995**

50657522

Almennt verð: 29.995

**37% afsláttur**

kílóvött 7,3 brennarar 2



**Útsöluverð**

## Girðinga-eining

SALVIA ESPALE 1800x1800 mm.

**10.497**

0291412

Almennt verð: 14.995

**30% afsláttur**

**30% afsláttur**

**Útsöluverð**

## Girðinga-eining

SALVIA ESPALE 1800/900x900 mm.

**5.876**

0291413

Almennt verð: 8.395



**Útsöluverð**

## Kolagrill

**2.546**

46182734

Almennt verð: 3.995

**25% afsláttur**



## Viðarkol

Marienburg hágæða náttúruleg viðarkol, 3,6 kg.

**695**

Almennt verð: 1.295

50650129

**46% afsláttur**





# SKRÁÐU ÞIG

## á póstlista BYKO og þú getur unnið frábæra vinninga!

1. **Ferð fyrir 2** til Valencia með Heimsferðum.
2. **Afnot af KIA Ceed** í vetrarleigu frá Hertz.
3. **Napoleon Rogue gasgrill** frá BYKO.

Heimsferðir Hertz NAPOLEON

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Skráðu þig á póstlistann á byko.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Óttars Guðmundssonar



## Meiri hvalveiðar

Bókin um Moby Dick fjallar um eltingarleik Ahabs skipstjóra við samnefnt stórhveli. Dýrið verður að illvígri þráhyggju í huga Ahabs sem firrir hann bæði dómgreind og skynsemi. Þessari viðureign lauk með fullnaðarsigri skepnunnar en Ahab hvarf ásamt skipi sínu í hafsins djúp. Mikill ævintýrablær hefur alltaf verið yfir hvalveiðum. Íslendingar fóru reyndar ekki að skutla hval fyrr en upp úr seinni heimsstyrjöldinni en hafa gert það ótrauðir síðan.

Alþjóðasamfélagið hefur litið þessar veiðar hornauga vegna útrýmingarhættu dýranna. Íslendingar hafa alltaf blásið á slíkan málflutning enda segjast þeir eiga heilagan rétt til hvalveiða. Erlendar rógtungur breyta ekki þeirri staðreynd. Stundum er eins og sjálfstæði þjóðarinnar standi og falli með hvalveiðum.

Í sumar hafa menn drepið hval þrátt fyrir öflug mótmæli. Enginn virðist þó vita hvað gera skuli við allt kjötið enda fáir kaupendur í hvalveiða-fjandsamlegum heimi. Menn eru því ekki að drepa hval í gróðaskyni heldur af tómri ættjarðarást. Á dögunum drógu menn á land mikið stórhveli í Hvalfirði. Heimsbyggðin stóð á öndinni og sagði að um alfriðaða steypireyði væri að ræða. Íslendingar hlógu að slíkum málflutningi enda kom í ljós að dýrið var bara steypireyður í aðra ættina. En nú verður þjóðin að sameinast í stuðningi við hvalveiðar. Hver einasti Íslendingur ætti að torga a.m.k. kílói af hvalkjöti á viku til að styðja við hvalveiðimenn. Við endurritum bókina um Moby Dick. Þráhyggjan er söm við sig en í þetta sinn látum við Ahab skipstjóra sigra og draga Moby Dick upp á planið í hvalstöðinni. Við megum drepa allan þann hval sem við finnum. Í versta falli getum við bara urðað kjötið.







